

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004



Stefna Reykjavíkurborgar
í fræðslumálum

Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum
Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004

Stefna Reykjavíkurborgar
í fræðslumálum



Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
2004

Tilgangur þessarar starfsáætlunar er að:

- gera borgarráði grein fyrir ráðstöfun þess fjárhagsramma sem úthlutað var til fræðslumála fyrir árið 2004
- marka stefnu fræðsluráðs og auðvelda því að sinna því hlutverki sínu að hafa eftirlit með skólum
- vera vegvísir skólanna og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur í starfi sínu árið 2004
- vera upplýsingarit fyrir foreldra, en áætlunin verður send foreldraráðum grunnskólanna og gerð aðgengileg á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur www.grunnskolar.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Töflur - yfirlit	2
Myndir - yfirlit	2
Fylgiskjöl - yfirlit	2
Inngangur	3
Umfang	4
Hlutverk stofnana fræðslumála	5
Verkefni undanfarinna ára	6
Verkefni framundan	6
1. Leiðarljós	7
Stefnukort Reykjavíkurborgar og fræðslumála í Reykjavík	8
Meginleiðarljós	9
Leiðarljós grunnskóla	9
Leiðarljós Námsflokka Reykjavíkur	9
Leiðarljós skólahljómsveita og listaskóla	10
2. Markmið	11
A. Grunnskólar	12
Sýn til 10 ára	12
Markmið til 3ja ára	14
Skref á árinu - Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	16
Stefnur sem unnið er eftir	18
Útgáfuáætlun fyrir árið 2004	18
Skref á árinu - Borgarhlutar	19
Borgarhluti 1	19
Borgarhluti 2	20
Borgarhluti 3	21
Borgarhluti 4	22
B. Skólahljómsveitir	23
C. Námsflokkar Reykjavíkur	24
D. Einkaskólar	24
E. Tónlistarskólar	24
3. Fjármál	25
Fjárhagsáætlun 2004	27
Þróun gjaldskrár	32
Þriggja ára áætlun 2005 - 2007	32
Heildarframlög til fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar	32
4. Mat á árangri - eftirlit	33
Skorkort fræðslumála í Reykjavík 2004	36
5. Tölfræðilegar upplýsingar	37
Helstu lykiltölur málaflokksins	38
Þróun nemendafjölda	40
Fjöldi starfsfólks í grunnskólum	41
Húsnæði grunnskóla	41
Lykiltölur um meginmarkmið um grunnskóla	42
Fylgiskjöl	45

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004

Tölur - yfirlit

Tafla 3.1 - Skipting framlaga til fræðslumála skv. fjárhagsáætlun 2004	26
Tafla 3.2 - Skipting framlaga sem úthlutað er beint til almennra grunnskóla	27
Tafla 3.3 - Skipting framlaga til sérkennslu og annarra sérúrræða	27
Tafla 3.4 - Fjárhagsáætlun 2004	28
Tafla 3.5 - Samanburður 2002, 2003 og 2004	30
Tafla 3.6 - Þriggja ára fjárhagsspá	32
Tafla 3.7 - Heildarframlög til skólamála á vegum Reykjavíkurborgar árið 2004	32
Tafla 5.1 - Lykiltöl um fjölda skóla, nemendafjölda, starfsmenn, kennslumagn, húsnæði o.fl. 2000-2004	38
Tafla 5.2 - Væntanlegur nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2004-2008	41
Tafla 5.3 - Nokkrar lykiltöl um kennsluhætti 2000-2004	42
Tafla 5.4 - Nokkrar lykiltöl um sérkennslu og viðbrögð við sértækum vanda 2000-2004	42
Tafla 5.5 - Nokkrar lykiltöl um sjálfsmynd nemenda og félagsfærni 2000-2004	43
Tafla 5.6 - Nokkrar lykiltöl um nán tengsl skóla og grenndarsamfélags 2000-2004	43
Tafla 5.7 - Nokkrar lykiltöl um umgjörð skólafarsins og stjórnun 2000-2004	44

Myndir - yfirlit

Mynd 0.1 - Skipurit fræðslumála í Reykjavík	4
Mynd 0.2 - Skipurit Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur	4
Mynd 0.3 - Uppbygging grunnskólans á fyrstu árum hans hjá borginni	6
Mynd 1.1 - Heildarstefnukort Reykjavíkurborgar	8
Mynd 1.2 - Stefnukort fræðslumála í Reykjavík	8
Mynd 3.1 - Fjárfraðslög Reykjavíkurborgar til fræðslumála - á verðlagi hvers árs	25
Mynd 5.1 - Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 1991 - 2008	40

Fylgiskjöl - yfirlit

Fylgiskjal 1 - Yfirlit yfir vinnuferli og samráð við gerð starfsáætlunar fræðslumála fyrir árið 2004	
Fylgiskjal 2 - Yfirlit yfir markmið í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2003	
Fylgiskjal 3 - Grunnskólar Reykjavíkur. Nemenda- og deildafjöldi skólaárið 2003-2004	
Fylgiskjal 4 - Nemendafjöldi í almennum grunnskólum og einkaskólum í Reykjavík 1970-2003	
Fylgiskjal 5 - Fjöldi fæddra Reykvíkinga 1911-2002	
Fylgiskjal 6a - Fjöldi barna á skólaaldri árin 2003-2008 með lögheimili í einstökum skólahverfum, m.v. þjóðskrá í september 2003	
Fylgiskjal 6b - Áætlaður fjöldi barna í almennum grunnskólum í Reykjavík árin 2003-2008	
Fylgiskjal 7 - Fjöldi nemenda með lögheimili í skólahverfum og upplýsingar um hvar þeir eru í skóla haustið 2003	
Fylgiskjal 8 - Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild eða umsjónarhópi 1960-2003. Fjöldi bekkjardeilda eftir fjölda nemenda í bekk haustið 2003	
Fylgiskjal 9a - Nemendafjöldi í skóladagvist/fristundaheimili á haustönn 2003	
Fylgiskjal 9b - Samanburður á hlutfalli barna í 1.-4. bekk í skóladagvist/fristundaheimili 2000-2003	
Fylgiskjal 9c - Hlutfall barna í skóladagvist/fristundaheimili haustið 2003	
Fylgiskjal 10 - Nemendafjöldi í heimanámsaðstoð á haustönn 2003	
Fylgiskjal 11 - Starfsfólk í grunnsk. Reykjavíkur haust 2003, tafla 1. Skólastj., deildarstj., kennarar, leiðbeinendur, námsráðgjafar, bókasafnsfræðingar	
Fylgiskjal 12 - Starfsfólk í grunnsk. Reykjavíkur haust 2003, tafla 2. Starfsmenn skóla, skólalíðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn, stuðningsfulltrúar, kaffiumsjón, leikskólakennarar, þroskapiðfær og aðrir starfsmenn	
Fylgiskjal 13 - Heildarfjöldi stöðugilda kennara og annarra starfsmanna eftir skólum haust 2003	
Fylgiskjal 14 - Fjöldi nemenda á stöðugildi kennara eftir skólum haust 2003	
Fylgiskjal 15 - Fjöldi nemenda á stöðugildi annarra starfsmanna en kennara eftir skólum haust 2003	
Fylgiskjal 16 - Fjöldi nemenda í sérhæfðum sérdeildum og móttökudeildum nemenda með íslensku sem annað tungumál í október 2003, skipt e. árg.	
Fylgiskjal 17 - Fjöldi nemenda með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir skólum og algengasta þjóðerni haust 2003	
Fylgiskjal 18 - Tilvísanir til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur skólaárið 2002-2003, fjöldi, kyn og aldur	
Fylgiskjal 19 - Verkefni sem lúta að því að auka félags- og tilfinningaþroska barna skólaárið 2003-2004	
Fylgiskjal 20 - Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur haustið 2003	
Fylgiskjal 21 - Yfirlit yfir fjölda tölva í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2003	
Fylgiskjal 22 - Móðurskólar í Reykjavík skólaárið 2003-2004	
Fylgiskjal 23 - Styrkveitingar úr Þróunarsjóði grunnsk. Reykjavíkur 2003. Alm. styrkir fræðsluráðs 2003. Styrkv. v/framhaldsnáms kennara árið 2003	
Fylgiskjal 24 - Hvatningaverðlaun fræðsluráðs skólaárið 2002-2003	
Fylgiskjal 25 - Nemendaverðlaun fræðsluráðs skólaárið 2002-2003	
Fylgiskjal 26 - Námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2003	
Fylgiskjal 27 - Fjárhagsáætlun vegna búnaðarkaupa 2002, 2003 og 2004	
Fylgiskjal 28 - Fasteignastofa Reykjavíkur, stofnkostnaður fræðslumála 2004	
Fylgiskjal 29 - Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum eftir skólum haustið 2003	
Fylgiskjal 30 - Nemendafjöldi í einkaskólum haustið 2003	
Fylgiskjal 31 - Tónlistarskólar, nemendafjöldi og fjárfraðslög 2003	
Fylgiskjal 32 - Góður skóli - viðmið	
Fylgiskjal 33 - Umhverfisstefna Fræðslumiðstöðvar	
Fylgiskjal 34 - Samþykkt fyrir fræðsluráð Reykjavíkur	
Fylgiskjal 35 - Grunnskólar Reykjavíkur skólaárið 2003-2004	
Fylgiskjal 36 - Skilgreiningar á velgengisþáttum í stefnukorti/skorkorti fræðslumála í Reykjavík	
Fylgiskjal 37 - Skilgreiningar á hugtökum	

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum



Inngangur

Sem höfuðborg landsins gegnir Reykjavíkurborg mikilvægu hlutverki sem forystuafl í skólamálum í landinu. Við yfirtöku borgarinnar á rekstri grunn-skólanna árið 1996 var markið strax sett hátt og metnaðarfull áætlanagerð og umbótastarf fór af stað í samvinnu fjölda aðila, skólanna sjálfra, foreldra og kennara undir forystu fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar. Á þessum tíma hefur samvinna innan skólakerfis borgarinnar stóraukist, en samvinna við aðrar borgarstofnanir og aðra aðila innan borgarinnar hefur einnig vaxið. Fræðslumálin hafa tekið virkan þátt í því breytinga- og umbótastarfi sem átt hefur sér stað í borginni á undanförunum árum, s.s. á sviði stefnumörkunar, sjálfstæðis starfseininga og rammafjárveiginga, árangursstjórnunar og eftirlits.

Hér birtist starfs- og fjárhagsáætlun í fræðslumála í Reykjavík fyrir árið 2004 sem staðfest hefur verið í fræðsluráði Reykjavíkur. Áætlun sem þessi tekur að sjálfsögðu stöðugum breytingum. Framsetingin er nú nokkuð önnur en var á síðasta ári, byrjað er á heildarmynd og framtíðarsýn til langs tím um meginþætti starfsins, en síðan nálgast nútímann með áætlunum til þriggja ára og loks til ársins 2004. Áætlunin skiptist nú í:

- Yfirlit yfir hlutverk einstakra stofnana innan fræðslumálanna.
- Meginstefnumörkun borgarinnar sem kynnt er í stefnukorti hennar og stefnukort fræðslumála, leiðarljós fræðslumála, hlutverk og sýn til 10 ára.
- Meginmarkmið til þriggja ára.
- Starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur fyrir árið 2004 þar sem kynnt eru skref sem á að stíga á árinu.
- Starfsáætlanir grunnskóla í fjórum borgarhlutum sem fjalla einkum um skref sem stíga á í samstarfi skóla innan viðkomandi borgarhluta á árinu 2004.
- Framtíðarsýn, markmið til þriggja ára og skref á árinu 2004 fyrir skólahljómsveitir og Námsflokka Reykjavíkur.
- Fjárhagsáætlun fræðslumála 2004.
- Áætlun um eftirlit og mat á árangri.
- Tölfræðilegar upplýsignar sem stefnan byggir á og lykiltölur um framvindu stefnunnar.

Á grunni þessarar stefnu gera skólarnir sér eigin starfsáætlanir, auk þess sem þeir taka mið af grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla.

Umfang

Rekstur fræðslumála hefur verið um þriðjungur af heildarrekstri málaflokka Reykjavíkurborgar á undanförunum árum. Um þriðjungur grunnskólanemenda í landinu stundar nám í grunnskólum Reykjavíkur. Fjöldi nemenda hefur farið ört vaxandi á undanförunum fimm árum, en nú virðist hlé um stund í þeim vexti. Þann 1. október 2003 var heildarfjöldi nemenda í grunnskólum í Reykjavík 15.551 nemandi (sjá fylgiskjal 3).


Starfsmenn grunnskóla Reykjavíkur haustið 2003 voru 2.240 að tölu eða 1.504 kennarar, leiðbeinendur, stjórnendur, námsráðgjafar og bókasafnsfræðingar og 744 aðrir starfsmenn, s.s skólaliðar, stuðningsfulltrúar, þroskajálfar, leikskólakennarar, umsjónarmenn skólahúsnæðis, skrifstofufólk, matráðar, tölvuumsjónarmenn og aðrir starfsmenn (sjá fylgiskjöl 11 og 12).

Haustið 2003 hlutu 19 tónlistarskólar fjárframlög frá Reykjavíkurborg sem miðuðu við 2.582 nemendur (sjá fylgiskjal 31). Fjórar skólahljómsveitir eru starfandi og eru þátttakendur í þeim um 397 (sjá fylgiskjal 29). Alls sækja hátt á fjórða þúsund nemendur Námsflokka Reykjavíkur á ári hverju og eru nemendur á öllum aldri og úr öllum stéttum þjóðfélagsins.

Fræðslumiðstöð hefur með höndum faglega forystu, stjórnun, eftirlit, ráðgjöf og þjónustu við skólana. Hún skiptist í skrifstofu fræðslustjóra, þróunarsvið, þjónustusvið og fjármálasvið (sjá mynd 0.2).


Mynd 0.1

Skipurit fræðslumála í Reykjavík ¹⁾



Mynd 0.2

Skipurit Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur



1) Brotin lína, sem samanstendur af línu og punkti: pólitísk valdbraut fjölskipaðs stjórnvalds. Heil óbrotin lína: embættisleg valdbraut. Brotin lína: vixilverkun og tengsl.

Hlutverk stofnana fræðslumála

Hlutverk fræðsluráðs Reykjavíkur:

Fræðsluráð mótar stefnu í málefnum grunnskóla og annarra fræðslustofnana sem undir það heyra og gerir tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með því að samþykktum þess og stefnumörkun í viðkomandi málaflokki sé fylgt

(2. gr. í samþykkt fyrir fræðsluráð Reykjavíkur frá árinu 2002, sjá fylgiskjal 34).

Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar er í umboði fræðsluráðs að:

Hafa með höndum yfirstjórn skólamála í Reykjavík: Vera faglegt forystuafli í skólumálum borgarinnar og undirbúa stefnumótun fræðsluráðs um starfsemi og uppbyggingu grunnskóla.

Sjá til þess að lögum og reglugerðum um grunnskóla svo og ákvörðunum borgaryfirvalda í fræðslumálum sé framfylgt í borginni.

Skipta fjármunum milli grunnskóla borgarinnar og hafa eftirlit með nýtingu fjármagns.

Veita grunnskólum Reykjavíkur og öðrum menntastofnunum sem styrktar eru af borginni faglega og fjárhagslega ráðgjöf og þjónustu.

Hafa yfirsýn yfir skólastarf í Reykjavík og þær hugmyndir sem eru á döfinni um þróun þess.

Veita stofnunum borgarinnar og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um fræðslumál og taka þátt í verkefnum á vegum borgarinnar, sem tengjast fræðslumálum.

(Samþykkt í fræðsluráði 16. okt. 2000).

Hlutverk grunnskólans er:

Í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

(Lög um grunnskóla frá 1995, 2. gr.)

Jafnframt segir í 2. gr. laganna að skólanum beri að temja nemendum umburðarlyndi og lýðræðislegt samstarf, viðsýni og skilning á samferðamönnum og umhverfi, að skólinn skuli haga störfum sínum í samræmi við eðli og þarfir nemenda og þjálfa þá í samstarfi við aðra (sjá markmið í 4. kafla sem byggja á þessari grein grunnskólalaga).

Hlutverk frístundaheimila er:

Að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf, stuðla að því að börnin fái að nýta og þroska sköpunargleði sína, kenna þeim að taka þátt í hópastarfi og þær samskiptareglur sem þar gilda.

(Úr starfsáætlun ÍTR 2004)

ÍTR rekur nú frístundaheimili fyrir nemendur í 1.-4. bekk í borgarhlutum 1, 3 og 4 og hafa þau tekið við af skóladagvist á vegum skólanna. Haustið 2004 hefur ÍTR rekstur frístundaheimila í borgarhluta 2 og í Árbæjarhverfi.

Hlutverk skólahljómsveita í Reykjavík er:

Að veita nemendum tækifæri til að iðka tónlist og njóta hennar.

Að auðga menningarlíf í borginni með því að koma fram við margvísleg tækifæri í grunnskólunum, hverfinu almennt og við hátíðahöld á vegum borgarinnar.

Hlutverk Námsflokka Reykjavíkur er:

Að sinna ýmiss konar fullorðinsfræðslu, bæði almennu tómstundanámi og námi sem aðlagð er að þörfum fólks sem bæta vill grunnþekkingu sína.

Hlutverk tónlistarskóla er:

Að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.

Að búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur.

Að búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi.

Að stuðla að lifandi tónlistarlífi.

Verkefni undanfarinna ára

Þegar grunnskólinn fluttist til borgarinnar árið 1996 var strax hafist handa af miklum metnaði við að bæta stöðu grunnskólanna, en að margra mati var nokkuð þrengt að þeim á þessum tíma, það var „kennt á vöktum“ í tvísetnum skólabyggingum, aðeins voru tveir stjórnendur í þessum „fyrirtækjum“ sem veltu e.t.v. tvö til þrjú hundruð milljónum króna á ári og með allt að 100 starfsmenn, auk mörg hundruð nemenda, og ákveðið miðlægt hvernig heildarfjármunum til skólanna skyldi ráðstafað. Auk

Mynd 0.3

Uppbygging grunnskólans á fyrstu árum hans hjá borginni



þessa þótti vinnurammi kennara að mörgu leyti ósveigjanlegur og fátt stuðningsfólk. Við þessar aðstæður var ekki auðvelt að tala um breytta kennsluhætti eða uppstokkun á stundaskrá. Það var ljóst að það þurfti að fullnægja ákveðnum grundvallarþörfum fyrst og það var strax hafist handa og markið sett hátt. Uppbyggingu grunnskólans á fystu árum hans hjá borginni má líkja við uppbyggingu nokkurs konar þarfaþíamíða (sjá myndina hér að ofan). Neðst er húsnæði fyrir einsetinn skóla, síðan stefnumörkun og mótun framtíðarsýnar. Þá kom fjárhagslegt sjálfstæði skóla með rammfjárveitingum, fleiri stjórnendur, námsráðgjafar og fleiri stuðningsfulltrúar og starfsmenn vegna fatlaðra nemenda. Stundum til sveigjanlegs skólastarfs var úthlutað og tölvueign jókst og skólanir urðu nettengdir. Ekki má svo gleyma nýjum kjarasamningum með hærri launum og sveigjanlegri vinnutímaákvæðum en áður var. Á síðasta ári var fjármagn til símenntunar flutt til skólanna. Fyrst þegar öllu þessu var fullnægt var í raun kominn jarðvegur til að ræða breytta kennsluhætti.

Verkefni framundan

Í grunnskólum Reykjavíkur verður meginverkefnið á næstu árum að þróa kennsluhætti enn frekar í átt til einstaklingsmiðaðra náms en nú er og aukinnar samvinnu nemenda. Í því verkefni skiptir nýting tölvutækninnar miklu máli. Þróa þarf aðferðir og tæka til að hafa yfirlit yfir framfarir nemenda og stöðu þeirra í náminu. Efling sjálfsmyndar nemenda og félagsfærni mun verða í brennidepli.

Annað stórt verkefni er að opna skólana sem mennta-, menningar- og tómstundamiðstöðvar þar sem íbúar hverfisins geta með margvíslegum hætti nýtt sér glæsilega aðstöðu til símenntunar, félagsstarfs og skemmtunar.

Loks mun þróun mats á árangri starfsins með sjálfsmati skóla og ytra mati skipa stóran sess á næstu árum.




1. Leiðarljós

Grunnskólar Reykjavíkur og aðrir skólar sem reknir eru fyrir fé úr borgarsjóði Reykjavíkur eru þjónustustofnanir við borgarbúa - nemendur og aðstandendur þeirra. Lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla annars vegar, auk kjarasamninga, og fjárframlög, stefnumörkun og ákvarðanir borgaryfirvalda hins vegar, marka ramma utan um starf grunnskóla í Reykjavík. Innan þess ramma hafa skólarnir frjálsar hendur um skipulag og framkvæmd skólastarfsins. Hlutverk borgaryfirvalda er að marka stefnu og hafa eftirlit með skólastarfi og ráðstöfun þess heildarfjármagns sem borgin leggur til skólastarfsins. Auk þess telja fræðsluráð og Fræðslumiðstöð það hlutverk sitt að styðja og hvetja skóla til að bæta stöðugt starf sitt. Þessa sér stað í þeim leiðarljósum sem hér fylgja á eftir og markmiðum sem sett hafa verið og birtast í kafla 2.

Stefnukort Reykjavíkurborgar og fræðslumála í Reykjavík


Mynd 1.1

Heildarstefnukort Reykjavíkurborgar



Mynd 1.2

Stefnukort fræðslumála í Reykjavík²⁾



Meginleiðarljós

Að börnunum okkar líði vel og
þau öðlist menntun fyrir líf
og starf í nútímasamfélagi



Leiðarljós grunnskóla

- Að grunnskólar borgarinnar séu í hópi bestu skóla innan lands og utan.
(Sett hafa verið viðmið sem skólar geta borið sig saman við í þessum efnum; sjá fylgiskjal 27).
- Að faglegur metnaður móti allt skólastarf.
- Að allir nemendur njóti alhliða menntunar við hæfi hvers og eins og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga, sbr. áherslur í grunnskólalögum.
- Að skólastarfið í grunnskólum Reykjavíkur stuðli að heilbrigðum lífsháttum og lífsgildum og efli siðgæðisvitund.
- Að grunnskólinn sé lifandi miðstöð í hverfinu og í virkum tengslum við umhverfi sitt - náttúru, atvinnulíf og menningu í borginni. Skólastarf sé sýnilegt í borgarlífinu og stuðlað sé að jákvæðum viðhorfum til grunnskólans, m.a. með útgáfu kynningarefnis og tengslum skóla við grenndarsamfélagið.
- Að grunnskólanámið sé grunnur að símenntun allra nemenda allt lífið.

Framtíðarsýn um grunnskólann til 10 ára sem kynnt er hér á eftir byggir á þessum leiðarljósum.

Leiðarljós Námsflokka Reykjavíkur

Með rekstri Námsflokka Reykjavíkur vill borgin stuðla að því annars vegar að fólk sem ekki hefur lokið grunnnámi geti tekið upp þráðinn aftur og sest á skólabekk og hins vegar að borgarbúar eigi kost á ýmiss konar tómstundanámi og símenntun í hverfum borgarinnar. Hluti af námi á vegum Námsflokka er kennsla í íslensku fyrir þá sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Kjörorð Námsflokka Reykjavíkur er sem fyrr:

- Svo lengi lærir sem lifir.

Leiðarljós skólahljómsveita og listaskóla

Með rekstri skólahljómsveita og styrkveitingum til sjálfstæðra listaskóla, tónlistar-, söng- og myndlistarskóla, vill borgin stuðla að öflugu listalífi og aðgengi íbúa að listnámi, hvort sem um er að ræða tómstundanáms eða formlegt nám.

- Að koma þátttakendum til aukins þroska og auka vísýni þeirra.
- Að rækta listræna hæfileika og efla sköpunargáfu.



Að börnunum okkur líði vel og þau öðlist menntun fyrir líf og starf í nútímasamfélagi

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum



2. Markmið

Með starfsáætlun eru sett almenn markmið og mótuð langtímsýn um starfsemi grunnskóla, skólahljómsveita, Námsflokka Reykjavíkur, tónlistarskóla og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Langtímasýni byggir á leiðarljósum sem kynnt eru í kafla 1. Tilgangur langtímasýnar er að vísa veginn og auðvelda þannig mótun starfsmarkmiða til skemmri tíma. Á grundvelli framtíðarsýnar eru sett markmið til þriggja ára og síðan mótuð skref til að stíga á árinu 2004, en megentilgangur þessarar starfsáætlunar er að vísa veginn á því ári.

Fyrst eru kynnt skref sem Fræðslumiðstöð vill stíga til að styrkja skólana við að nálgast framtíðarsýnina, en síðan eru kynnt skref sem skólar í einstökum borgarhlutum vilja stíga sameiginlega í átt að framtíðarmarkmiðum. Þá kemur stefnumótun Námsflokka og skólahljómsveitanna.

Meginmarkmið um grunnskólann fjalla um kennsluhætti, skóla án aðgreiningar, sjálfsmynd nemenda, tengsl skóla og grenndarsamfélags, sjálfstæði skóla og umgjörð skólans. Markmiðin eru sett fram á eftirfarandi hátt í þessum kafla:

- a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda*
- b) Skóli án aðgreiningar (sérkennsla og sérúrræði)*
- c) Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni*
- d) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags*
- e) Sjálfstæðir skólar - styrk stjórnun - jafnræði í umgjörð*

A. Grunnskólar



Sýn til
10 ára

a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda *

Skólar viðhafa opna og sveigjanlega kennsluhætti þar sem nemendur vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra með stuðningi upplýsinga- og samskiptatækni. Áhersla á að mæta ólíkum einstaklingum með krefjandi verkefnum við hæfi hvers og eins og með hliðsjón af fjölgreind og fjölmennningarlegu samfélagi. Nemendur bera ábyrgð á námi sínu og starfa eftir einstaklingsáætlunum sem unnar eru í samvinnu nemanda, kennara og foreldra. Þar eru sett markmið til einnar annar eða svo og markaðar leiðir að þeim.

Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda, þemanám, blöndun ólíkra einstaklinga, sjálfstæð verkefni, sköpun, frumkvæði og fjölþrepa námsskipan. Nemendur læra að velja og hafna efni á netinu, geta metið efnið og kunna að nýta sér það. Nemendur eiga sinn umsjónarkennara, en kennarar og aðrir starfsmenn vinna náið saman og bera sameiginlega ábyrgð á ákveðnum nemendahópi (t.d. einn eða fleiri árgangar).

Sýn til
10 ára



b) Skóli án aðgreiningar (sérkennsla og sérúrræði)

Skólarnir eru færir um að sinna öllum nemendum sínum, jafnt fötluðum sem ófötluðum, og allir nemendur eiga kost á að sækja hverfisskóla sinn. Málefni nemenda sem eiga við fötlun, námslegan, tilfinningalegan eða hegðunarlegan vanda að etja eru leyst innan almennra skóla að svo miklu leyti sem kostur er. Markmið um sérkennslu og margvísleg sérúrræði falla inn í markmið um nám sem tekur mið af stöðu hvers einstaklings. Innan hvers skóla starfar ráðgjafarteymi/lausnarteymi sem kennarar geta leitað til vegna nemenda með náms- og hegðunarvanda og stjórnandi sérúrræða sem stýrir sérkennsluveri skólans og skipulagi og ráðgjöf við kennara vegna nemenda með sérþarfir. Sérskólar og sérhæfðar sérdeildir, sem jafnframt eru ráðgjafarmiðstöðvar fyrir aðra skóla og fjölskyldur, starfa fyrir fatlaða nemendur og nemendur með miklar sérþarfir. Foreldrar hafa val um almennan skóla, sérhæfða sérdeild eða sérskóla.



Sýn til
10 ára

c) Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni

Í skólum borgarinnar er það hluti af daglegu skólastarfi og samofið öðrum verkefnum að byggja markvisst upp sterka sjálfsmynd nemenda á öllum aldurstigum og fræða foreldra þar um. Þetta er gert með þjálfun í félagsfærni, þ.m.t. samskipti, stjórnun tilfinninga, tjáning og framkoma, allt frá byrjun skólagöngu. Áætlanir um þjálfun einstakra nemenda á þessum sviðum byggja á niðurstöðum matstækja sem kennarar hafa undir höndum.

Markvisst er unnið að því að nemendum líði vel og þau búi við öruggt starfsumhverfi og uppbyggjandi skólaanda. Niðurstöður kannana nýttar í hverjum skóla til að endurskoða áætlanir og aðgerðir til að stuðla að góðri líðan bæði stúlkna og drengja. Vímuefnaneysla, einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í skólunum.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á ákveðnum verkum innan skólans. Nemendur taka virkan þátt í að móta daglegt skólastarf, þeim er skapaður vettvangur til að tjá skoðanir sínar í lýðræðislegri umræðu um þætti er varða nám þeirra og samfélag almennt og þroska leiðtogaþæfileika sína.

sýn til 10 ára

Ad börnunum okkar líði vel og þau öðlist menntun fyrir líf og starf í nútímssamfélagi

d) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

Foreldrar og forráðamenn nemenda taka virkan þátt í námi barna sinna í gegnum viðtöl og netsamskipti einkum við umsjónarkennara, námsáætlanir barna sinna, heimsóknir í skólann, upplýsingar á heimasíðu skólans og þátttöku í einstökum verkefnum, þ.m.t. heimanám. Allar áætlanir kynntar vel fyrir foreldrum svo og skólastarfið almennt.

Sýn til
10 ára



Skólastarfið hefur í auknum mæli færst út fyrir skólabygginguna til að stuðla enn frekar að góðum árangri og þroska nemenda. Nemendur vinna verkefni úti í náttúrunni og fara út í fyrirtæki og stofnanir til kynningar og starfa samkvæmt aðalnámskrá³⁾. Skólar gera samstarfssamninga við fyrirtæki, stofnanir eða félög um verkefni sem gjarnan tengjast ýmiss konar samfélagsþjónustu.

Íbúar og fyrirtæki sýna starfi skólans í hverfi sínu lífandi áhuga og foreldrar og aðrir íbúar í hverfinu finna sig velkomna í skólann. Skólar eru í ríkari mæli en nú mennta-, frístunda- og menningar-miðstöðvar fyrir alla aldurshópa í hverfinu, m.a. til að styrkja innviði þess.

Allir grunnskólar í Reykjavík eru með umhverfisstefnu sem hluta af skólanámskrá/starfsáætlun skólans. Þar eru markaðar leiðir að því að allir nemendur læri að virða og umgangast náttúruna og læri hvað unnt er að gera í daglegu lífi til að stuðla að bættu umhverfi (sjá fylgiskjal 33).

e) Sjálfstæðir skólar - styrk stjórnun - jafnræði í umgjörð

Skólar starfa sem sjálfstæðar stofnanir samkvæmt og innan ramma laga, aðalnámskrár og reglugerða, stefnumörkunar borgarinnar, árlegs fjárhagsramma og kjarasamninga. Þeir setja sér starfsáætlun/skólanámskrá ár hvert þar sem m.a. er kynnt sérstaða skólans, framtíðarsýn og tengs hans við umhverfið. Í rekstri skóla er tekið mið af umhverfissjónarmiðum. Með aukinni ábyrgð þeirra sem á vettvangi vinna má vænta betri og hagkvæmari lausna á verkefnum sem vinna þarf.

Samræmi er í ytri umgjörð grunnskólanna í Reykjavík, s.s. hvað varðar húsnæði, búnað og mótuneytisaðstöðu⁴⁾. Allir nemendur hafa aðgang að upplýsinga- og samskiptatækni til að nýta sér við námið. Vinnudeginum er deilt upp í tvær til fjórar vinnulotur með hádegishléi þar sem allir nemendur eiga kost á að neyta heitrar máltíðar. Yfir daginn fléttast saman bóklegt nám, verkleg þjálfun, iðkun lista, hreyfing og tómstundastarf. Nemendur á öllum aldri eiga völ á margs konar tómstundastarfi síðdegis, þ.m.t. frístundaheimili fyrir 6 til 9 ára nemendur.

Skólar eru ætlaðir nemendum í viðkomandi skólahverfi, þó eru möguleikar á vali um skóla í borginni. Skólastjóri tekur ákvörðun í þessum efnum.

Sjá lykiltölur í 5. kafla bls. 42-44 um framvindu meginmarkmiða.



Sýn til
10 ára

3) Nú eru í gangi mörg samstarfsverkefni sem ná til skólanna allra og eru unnin í samstarfi við ýmsa aðila. Sjá dæmi í skilgreiningu á *þáttökunámi* í fylgiskjali 37.

4) Fasteignastofa Reykjavíkurborgar gegnir hlutverki eiganda fasteigna borgarinnar. Aðrar stofnanir, þar með taldir skólanir, greiða stofnunni leigu sem m.a. er nýtt til að halda við byggingunum, bæði hvað varðar bráðaviðhald og umfangsmikið viðhald samkvæmt verkáætlun.

markmið til 3ja ára

Fræðslufirvöld í Reykjavík taka alvarlega hlutverk höfuðborgarinnar sem forystuafli í skólumálum í landinu. Því vilja þau stuðla að umræðu um skólumál í víðum skilningi og taka frumkvæði um samskipti og samvinnu við ríkið og önnur sveitarfélög. Stofnaður hefur verið starfshópur um þetta verkefni.

markmið til 3ja ára

a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

- Á næstu árum verði unnið að þróun kennsluhátta þannig að skipulag námsins verði einstaklingsmiðaðra en nú er og aukin áhersla lögð á fjölbreytta kennsluhætti, s.s. með auknu vali, samkenndu árganga, aukinni hóp- og þemavinnu og nýtingu netsins og tölvutækninnar, sbr. aðalnámskrá grunnskóla (almennur hluti, bls. 14-19 og 31-32).
- Skólar skipuleggi í auknum mæli samvinnu kennara um nemendahópa (heila árganga eða fleiri árganga) og samvinnu umsjónarkennara og annarra, m.a. kennara í listum, verkgreinum, íþróttum og sérkenndu.
- Skólar hefji tilraunir með námsáætlanir fyrir einstaklinga sem gerðar eru í samvinnu nemenda, foreldra og kennara, t.d. í ákveðnum árgöngum eða ákveðnum námsgreinum til að byrja með.

markmið til 3ja ára

b) Skóli án aðgreiningar (sérkennsla og sérúrræði)

Skólar styrki innviði sína til að vera betur færir um að leysa málefni nemenda sem eiga við fötlun, námslegan, tilfinningalegan eða hegðunarlegan vanda að etja, m.a. með eftirfarandi:

- Aukin áhersla á að séraðstoð fari fram inni í bekk með stuðningi við einstaklinga eða tveggja kennara kerfi. Þannig verði dregið úr því að nemendur séu teknir út úr tímum.
- Í hverjum skóla verði skráður ferill um aðgerðir innan skóla vegna nemenda í náms- og hegðunarvanda.
- Skólar greini á milli þjónustu vegna námslegs vanda annars vegar og atferlisvanda hins vegar, svo sem unnt er. Jafnframt verði greint á milli ráðgjafar vegna þessara tveggja hópa.
- Sérskólar og sérhæfðar sérdeildir eflar sem ráðgjafarmiðstöðvar fyrir almenna grunnskóla.
- Fylgt verði eftir stefnu í málefnum barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur frá árinu 2000, m.a. verði móttökudeildir fyrir nýbúa í hverjum borgarhluta.

markmið til 3ja ára

c) Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni

- Líðan nemenda í ákveðnum aldursárgöngum könnuð annað hvert ár og á tímabilinu fari fram markviss athugun á orsökum þess að meiri vanlíðan virðist vera meðal drengja en stúlkna í skólum.
- Allir skólar móti sér og starfi eftir forvarnaráætlun, sem taki m.a. til viðbragða við og forvarnir gegn einelti og vímuefnaneyslu og viðbragða við áföllum. Að þremur árum liðnum hafi allir skólar í borginni tekið þátt í Olweusaráætluninni um varnir gegn einelti og m.a. á grunni hennar bætt vinnuumhverfi, líðan nemenda og samskipti innan skólans. Verkefninu verði fylgt eftir með fræðslufundum, ráðgjöf og upplýsingasöfnun (sjá fylgiskjal 19).
- Allir skólar í borginni nýti sér matstæki í félagsfærni, byggji forvarnaráætlanir sínar á útkomu úr slíku mati og sinni markvissri þjálfun nemenda eftir þörfum hvers og eins. Það felur m.a. í sér að hver skóli styrki með marvissum hætti nemendur sem skortir félagslega færni og styðji jafnframt þá sem sýna leiðtogaþæfileika.

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

- Skipulögð verði fræðsla fyrir foreldra um uppbyggingu sjálfsmýndar barna sinna. Hún fari fram á kynningarnámskeiðum fyrir foreldra 1. bekkinga og nemenda sem eru að hefja nám á unglingastigi og haldin eru í samvinnu skóla, frístunda- og félagsþjónustu.
- Nemendalýðræði verði eftt (starfshópur þar um skilar tillögum í byrjun árs 2004).
- Stofnaður verði móðurskóli í styrkingu sjálfsmýndar, félagsfærni nemenda, nemendalýðræði og þjálfun í mannréttindum.

d) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

- Skólar geri áætlanir m.a. um skipulag foreldraviðtala, bekkjarfundir, heimsóknir foreldra í bekki á starfstíma skóla, þátttöku foreldra í ferðalögum, félagslífi, forvarnarverkefnum og foreldranámskeiðum, upplýsingamiðlun í fréttabréfi og á heimasíðu og samskipti á neti. Stefna skólans og áætlanir í þessum efnum verði hluti af skólanámskrá. Sjá um verkefni foreldraráða í 4. kafla um mat á árangri og eftirlit, bls. 35.
- Skólar geri í auknum mæli samstarfssamninga um þáttökunám á grunni aðalnámskrár þar sem atvinnulífið, menningarstofnanir og félagasamtök taka þátt í að styrkja nemendur á þroskabrautinni og auðga skólasamfélagið, auk þess sem náttúran í umhverfi skólans er vettvangur skólastarfsins.
- Allir skólar hvetji nemendur sína til að taka framhaldsskólaáfanga sem val í 9. og 10. bekk. Náð samstarf við leikskóla sé fastur liður í starfi allra grunnskóla með yngri barna stig.
- Skólar marki sér stefnu um hvernig skólinn geti orðið menningarmiðstöð í hverfinu, t.d. með því að þar fari fram menningarviðburðir, félagsstarf og frístundaíðkun og íbúar geti komið í skólann og stundað þar símenntun.
- Við hönnun nýrra skólabygginga verði tekið tillit til fjölþættrar notkunar. Skipulagt verði vaktafyrirkomulag á umsjón með skólahúsnæði í nokkrum skólum og viðmið sett um leigugjöld.

markmið
til 3ja ára



e) Sjálfstæðir skólar - styrk stjórnun - jafnræði í umgjörð

- Stjórnendur grunnskóla Reykjavíkur verði áfram styrktir til að takast á við faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði með ráðgjöf og námskeiðahaldi.
- Skólar leggi áherslu á að móta sér framtíðarsýn og sérstöðu.
- Skólar skilgreini lykiltölur og móti samhæft árangursmat (skorkort) til að fylgjast með framvindu starfsins.
- Viðbyggingar og umbætur á eldra húsnæði fari eftir 5 ára áætlun um skólabyggingar.
- Haustið 2006 verði tölvu- og upplýsingatækni nýtt í nánast öllum greinum og stórum hluta verkefna nemenda. Nýttar verði niðurstöðu könnunar á tölvunotkun í námi nemenda sem gerð verður á tímabilinu.
- Tekið verði í auknum mæli tillit til umhverfissjónarmiða í rekstri skólanna. Eftir þrjú ár hafi pappírnotkun skólanna minnkað um 5% frá því sem nú er, skólarnir noti umhverfismerkt hreinsiefni og notkun þeirra hafi minnkað um 50% frá því sem nú er, auk þess sem orkunotkun hafi minnkað um 5%. Nemendur verði hvattir til þess að ganga eða hjóla í skólann að staðaldri og allir skólarnir bjóði eingöngu upp á að nemendur drekki vatn eða heilnæma drykki sem keyptir eru í stórum umbúðum.

markmið
til 3ja ára





Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Hér er lýst skrefum sem Fræðslumiðstöð Reykjavíkur ætlar að stíga á árinu 2004 til að styðja skólana í að ná þeim fimm meginmarkmiðum sem lýst er í 10 ára sýn Reykjavíkurborgar um grunnskólann og þriggja ára markmiðum. Hér er um að ræða áherslur á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, skóla án aðgreiningar, sterka sjálfsmynd nemenda og félagsfærni, tengsl við grenndarsamfélagið og sjálfstæða skóla með sterka stjórnun og jöfnuð í umgjörð skólastarfsins.



a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Fræðslumiðstöð mun á árinu:

- Halda ráðstefnu fyrir alla kennara í Reykjavík þriðjudaginn 13. apríl (daginn eftir páska), í samvinnu við félög kennara og skólastjóra í borginni, þar sem fjallað verður um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, samstarf kennara og skólann sem miðstöð í hverfinu.
- Aðstoða við námskeiðahald úti í skólunum um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda gjarnan í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands samkvæmt samstarfssamningi frá 2003. Þessu tengt er ráðgjöf vegna símenntunaráætlana.
- Halda áfram með námskeið fyrir skólastjóra um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda sem hófst í lok árs 2003 í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands og koma jafnframt á námskeiði um sama efni fyrir aðstoðarskólastjóra í kjölfarið.
- Beita sér fyrir því að efni byggt á reynslu kennara um einstaklingsmiðað nám verði aðgengilegt á heimasíðum skólanna.
- Aðstoða skóla með ráðgjöf og leiðsögn um breytingaferli og ný vinnubrögð, t.d. með því að skilgreina skref í átt að einstaklingsmiðuðu námi til að styrkja sameiginlegan skilning (gefinn út listi eða viðmið með hugsanlegum skrefum).
- Styrkja sameiginlegan skilning á hugtakinu einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda með því að útbúa veggspjald, myndasafn og myndband og gefa út bók reyns kennara um reynslu sína.
- Leita eftir samningum um aðgang að vefjum fyrir skólana og þróa áfram í samstarfi við Mentor gerð nýrrar kerfiseiningar við Stundvísi sem ætlað er að láta öllum hagsmunadílum í té tæki sem auðveldar innleiðingu breyttra kennsluhátta.
- Gera áætlun um námstilboð skólanna fyrir bráðger börn sem byggir á niðurstöðum starfshóps sem lýkur störfum á árinu.
- Styðja móðurskólana í ráðgjafarhlutverkinu með því að skilgreina betur þróunarstarfið og ráðgjafarhlutverkið. Halda sýningu um starf móðurskólanna og taka og gera aðgengilegar upplýsingar um nýbreytniverkefni grunnskólanna (sjá fylgiskjal 22).

Sjá lykiltölur í 5. kafla, töflu 5.3., bls. 42.

b) Skóli án aðgreiningar (sérkennsla og sérúrræði)

Fræðslumiðstöð mun á árinu:

- Gefa úr bækling (þríbrot) í samvinnu við skólana með upplýsingum til foreldra um helstu valkosti fyrir fatlaða nemendur í grunnskólum.
- Vinna að stofun sérhæfðrar sérdeildar fyrir nemendur í alvarlegum félagslegum og hegðunarlegum vanda í Grafarvogi haustið 2004.
- Halda áfram að styðja við þróun Brúarskóla, m.a. með stofnun ráðgjafardeildar fyrir almenna skóla í borginni vegna nemenda í alvarlegum félagslegum, geðrænum og hegðunarlegum vanda og deildar fyrir nemendur í vímuefnavanda. Báðar deildir taki til starfa í upphafi ársins. Starfsemi Dalbrautarskóla verði hluti af Brúarskóla.

Sjá lykiltölur í 5. kafla, töflu 5.4., bls. 42.



c) Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni

Fræðslumiðstöð mun á árinu:

- Styðja skólana við að leggja áherslu á persónulega uppbyggingu nemenda með áherslu á lífsleikni á öllum aldurstigum og samofna öllu námi, m.a. með námskeiðum fyrir námsráðgjafa og leiðsögn um nýtingu niðurstaðna úr könnun á líðan nemenda.
- Vinna áfram að verkefnum sem þegar eru í gangi og eru sum unnin í samvinnu við aðila utan skólakerfisins. Þar má nefna ýmsar greiningar á 6 ára nemendum og atferlisgreiningu og atferlismótun (námskeið fyrir kennara til að þjálfa nemendur í atferlissvanda), verkefni um félagsfærni og sjálfstjórn („Stig af stigi“ sem er kennsluefni til að efla félags- og tilfinningaþroska barna) og verkefni gegn þunglyndi („Hugur og heilsa“ sem er skimun og úrræði í forni námskeiðs). Einnig má nefna stuðning við jákvæða hegðun í skóla (setja reglur um hegðun, umbun og úrræði fyrir þá sem ná ekki að fylgja reglunum), uppbyggingarstefnuna sem stuðlar að sterkari sjálfsmynd og „Hringinn“ þar sem tekið er á afbrotamálum. Loks má nefna mentoraverkefnið „Vináttu“ þar sem háskólanemar eiga samverustundir vikulega með ákveðnum nemendum þeim til styrktar. Benda má skólum á námsefni um samskiptafærni (s.s. „Gaman saman“) o.s.frv. (sjá fylgiskjal 19).
- Haustið 2004 bættast 7-10 skólar við Olweusátakið gegn einelti (markmið: að draga úr tækifærum til eineltis og skapa þannig andrúmsloft að einelti borgi sig ekki).
- Byrja að vinna eftir niðurstöðum starfshóps um nemendalýðræði sem skila mun niðurstöðum í byrjun árs 2004.
- Eiga samvinnu við ÍTR og félagasamt. sem vinna með börnum og unglingum um sjálfsmynd og félagsfærni.
- Nemendaverðlaun verða afhent á 17. júní eins og síðastliðið ár. Markmið verðlaunanna er að hvetja nemendur til að leggja sig enn betur fram við að skara fram úr í námi, félagsstarfi eða skapandi starfi (sjá fylgiskjal 25).

Sjá lykiltölur í 5. kafla, töflu 5.5., bls. 43.

d) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

Fræðslumiðstöð mun á árinu:

- Fylgja eftir meðal skólastjóra könnun á foreldrasamstarfi í skólum sem gerð var árið 2003. Nýta niðurstöður til að styrkja skóla í að bæta tengsl við foreldra.
- Setja á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar yfirlit yfir ýmsa þætti í starfi hvers skóla (ákveðnar upplýsingar úr spurningakönnunum til skólanna) til að auðvelda foreldrum að átta sig á ýmsum þáttum í starfi skóla í samamburði við aðra.
- Aðstoða skólana í að auka þátttökunám (service learning) nemenda innan skólans og í atvinnulífinu, á menningarstofunum, þjónustustofnunum og úti í náttúrunni með ráðgjöf og útgáfu leiðbeinandi viðmiða um öryggismál.
- Vinna að því að móta umgjörð fyrir starfsemi og notkun skólanna utan kennslu.
- Búa til gátlista um virkni og uppbyggingu heimasíðna skóla sem byggir á yfirliti yfir núverandi stöðu heimasíðna skólanna.
- Hefja undirbúning að leikhús- eða listamessu haustið 2005 í samvinnu við Leikskóla Reykjavíkur, menningarmálaskrifstofu Reykjavíkur, samtök leikhópa o.fl. sbr. leikhúsmessu haustið 2003.

Sjá lykiltölur í 5. kafla, töflu 5.6., bls. 43.

e) Sjálfstæðir skólar - styrk stjórnun - samræmi í umgjörð

Skólar í Reykjavík eiga kost á ráðgjöf frá Fræðslumiðstöð sem er einkum á sviði: skipulags og stjórnunar, fjármála, starfsmannamála, samskipta við foreldra og búnaðarmála, auk kennslufræðilegrar og sálfræðilegrar ráðgjafar. Stjórnun stórra fyrirtækja eins og skóla er umfangsmikið og vandasamt verk, því er lykilatriðið að stjórnendur skólanna eigi stöðugt kost á símenntun og ráðgjöf í starfi.

Fræðslumiðstöð mun á árinu:

- Gera samantekt fyrir hvern skóla þar sem koma fram niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið á viðhorfum foreldra, líðan nemenda og viðhorfum og líðan starfsmanna fyrir stjórnendur skólanna til að auðvelda þeim að gera umbótaáætlanir á grunni þessara upplýsinga.
- Vinna með Fasteignastofu Reykjavíkurborgar eftir nýrri 5 ára áætlun um skólabýggingar og búnað skólanna.

skref
á árinu

skref
á árinu

skref
á árinu

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004

- Stuðla að því að nýbyggingar, viðbyggingar og endurskipulagning á húsnæði grunnskóla og endurnýjun búnaðar sé í samræmi við stefnu fræðsluráðs um grunnskólabyggingar (frá árinu 2001) með því að vinna náið með Fasteignastofu að undirbúningi framkvæmda og innkaupum.
- Gera rammameningu um tölvukaup til að jafna álag í þjónustu tölvudeildar.
- Undirbúa það að lenging skóladags nemenda í 2.-4. bekk verði komin til fullra framkvæmda í borginni haustið 2004. Þá eigi nemendur í 1.-4. bekk í öllum skólunum kost á dvöl á frístundaheimili síðdegis eða frá um kl. 14 til um kl. 17 sem rekið er af ÍTR í skólahúsinu.
- Vinna að því að haustið 2004 eigi allir nemendur kost á að neyta heitrar máltíðar í hádegis. Vinna einnig að samræmdu átaki um að boðið sé upp á heilsusamlegan mat í skólunum, innkaup verði gerð hagkvæmari með magninnkaupum sem ásamt skipulögðum vinnubrögðum tryggi lágmarksverð fyrir nemendur og loks að eftirlit með öryggis- og hollustuháttum sé eins og best verður gert.
- Gera vinnustaðagreiningu og aðstoða skólana við að nýta sér niðurstöður hennar.
- Halda áfram að veita fjölbreytta starfsmannþjónustu til að styrkja starfsmannastjórnun í grunnskólum með það að markmiði að auka skilvirkni og bæta líðan starfsmanna. Verði það einkum gert með eftirfarandi:
 - Styðja stjórnendur með ráðgjöf varðandi starfsmanna-, skipulags- og stjórnendamál.
 - Stuðla að myndun og styðja við vinnuumhverfisteymi í grunnskólunum. Teymin hafi það hlutverk að huga að og bæta líðan starfsmanna með markvissum hætti (stuðningi).
 - Þjóða upp á fræðslufyrirlestra fyrir starfsmenn skólanna með það að markmiði að bæta samskipti og auka starfsánægju.
 - Halda ráðstefnu í samvinnu við trúnaðarlækni Reykjavíkurborgar, Kennarafélag Reykjavíkur, Starfsmannafélag Reykjavíkur og Skólastjórnun Reykjavíkur 30. janúar 2004 undir kjörorðinu Bætt líðan - betri skóli.
 - Gefa almennum starfsmönnum skóla áfram tækifæri til að taka nám fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða í Borgarholtsskóla samhliða starfi.
- Vetrarfrí verða samræmt í grunnskólum borgarinnar og einnig skólabyrjun.


Sjá lykiltölur í 5. kafla, töflu 5.7, bls. 44. Sjá kafla 4 um mat á árangri og eftirlit, bls 33-36.

Stefnur sem unnið er eftir:

- Umhverfisstefna Reykjavíkur (1998)
 - Upplýsingastefna. Stefna Reykjavíkurborgar og verklagsreglur (2000)
 - Fjölmennningarlegt samfélag. Stefna Reykjavíkurborgar 2001-2004 (2001)
 - Staðardagskrá 21. Umhverfisáætlun Reykjavíkur. Leiðir til sjálfbærs samfélags (2001)
 - Menningarstefna Reykjavíkurborgar (2001)
 - Starfsmannastefna Reykjavíkurborgar (2001)
 - Jafnréttisstefna Reykjavíkurborgar og verklagsreglur (2003)
 - Stefnumörkun um rekstur tónlistarskóla og skólahljómsveita í Reykjavík (1999)
 - Stefna um málefni barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur (2000)
 - Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur í tölvumálum grunnskóla (2000)
 - Áherslur fræðsluráðs Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar um grunnskólabyggingar (2001)
 - Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu (2002)
 - Stefnumörkun um aðgerðir gegn neyslu og sölu fíkniefna í grunnskólum (2003)
 - Samþykkt borgarráðs um fyrirkomulag tónlistarnáms í Reykjavík (2003)
 - Umhverfisstefna Fræðslumiðstöðvar (2003)
 - Framkvæmdaáætlun fræðslumála um starfsmannastefnu (2003).
- Leiðbeinandi efni:*
- Innritun og móttaka erlendra barna í grunnskóla Reykjavíkur (2003)

Útgáfuáætlun fyrir árið 2004

- Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík fyrir árið 2003
- Starfsáætlun fræðslumála Reykjavíkur 2004
- Niðurstöður kannana um líðan nemenda og líðan starfsmanna (vinnustaðagreining)
- Niðurstöður skimana í lestri og stærðfræði
- Frásögn af námsferð skólastjóra til útlanda vorið 2004
- Áætlun um grunnskólabyggingar næstu árin í samvinnu við Fasteignastofu Reykjavíkurborgar.



Borgarhlutar

Hér er lýst skrefum sem skólar í einstökum borgarhlutum hafa sett sér að stíga sameiginlega til að nálgast framtíðarsýn Reykjavíkurborgar til 10 ára um grunnskólann.

a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Aðskólar og safnskóli í borgarhlutanum þróa og samræma kennsluhætti samhliða þróun einstaklingsmiðaðs náms á næstu 10 árum í grunnskólum borgarinnar. Fundur verður haldinn um núverandi stöðu og þá þætti sem varða veginn framundan með sérstöku tilliti til íslensku og stærðfræði 21. janúar 2004.

Halda málþing meðal stjórnenda og sérkennara um stöðu lestrarkennslu í borgarhlutanum (október 2004). Meta upplýsingar sem koma fram á málþinginu og móta tillögur til úrbóta fyrir skóla borgarhlutans.

b) Skóli án aðgreiningar (sérkennsla og sérúrræði)

Ráðgjafateymi fyrir kennara vegna nemenda í náms- og hegðunarvanda þróuð áfram í öllum skólunum. Kynningarfundur um reynslu af þeim haldinn í Vesturbæjarskóla í mars 2004.

Átak gert í gerð einstaklingsnámskráa fyrir nemendur í sérkennslu undir leiðsögn Vesturbæjarskóla. Vesturbæjarskóli kynnir gerð einstaklingsnámskráa á kennarafundum skólanna á árinu 2004.

Haldið verður áfram að þróa námsver í borgarhlutanum. Í lok skólaárs (vorið 2004) verður haldinn sameiginlegur fundur deildarstjóra sérkennslu til að skoða og miðla reynslu vetrarins.

c) Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni

Stofnuð verði nemendaráð á miðstigi grunnskólanna í borgarhlutanum til að auka nemendalýðræði.

Hverfafundur skólastjórnenda í borgarhluta I ræðir forvarnaráætlanir.

Þeir skólar sem innleitt hafa Olweusaráætlunina gegn einelti kynna hana þeim skólum í hverfinu sem hafa ekki tekið áætlunina upp. Kynning fer fram á kennarafundum á vormisseri.

Endurmenntunaráætlanir taka mið af þessu nýja stefnumiði frá og með skólaárinu 2004 til 2005.

Sameiginlegur starfsdagur á haustönn í borgarhluta I fjallar um leiðir til að byggja upp persónulega sterka einstaklinga.

d) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

Samvinnuverkefni um nýtingu útivistarsvæða til náttúrufræðikennslu milli Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Háteigsskóla (Fundur fyrir lok febrúar 2004).

Lögð verður áhersla á samvinnu grunnskóla með yngri barna stig við leikskólana í borgarhlutanum. Skipulegt samstarf er komið til framkvæmda í hluta hverfisins. Upplýsingafundur fyrir aðra skóla sem eiga eftir að framkvæma markmiðið haldinn á vormisseri 2004.

Skólar hverfisins með unglingastig munu halda áfram að þróa samvinnu við framhaldsskóla til að nemendur geti lokið framhaldsskólaáföngum í grunnskóla (Fundur í Háteigsskóla í lok febrúar 2004).

Borgarhluti 1

Þar eru 9 skólar:

Austurbæjarskóli

Brúarskóli

Grandaskóli

Hagaskóli

Háteigsskóli

Hlíðaskóli*

Melaskóli

Vesturbæjarskóli

Öskjuhlíðarskóli

* Í Hlíðaskóla er táknmálssvið sem ber heitið Vesturhlíðarskóli

Borgarhluti 2

Þar eru 11 skólar:

Álftamýrarskóli

Breiðagerðisskóli

Dalbrautarskóli

Fossvogsskóli

Hvassaleitisskóli

Langholtsskóli

Laugalækjarskóli

Laugarnesskóli

Réttarholtsskóli

Safamýrarskóli

Vogaskóli



a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Haldinn verður sameiginlegur starfsdagur (haustþing) allra starfsmanna í skólunum í borgarhlutanum í október árið 2004 til þess að efla faglegt og félagslegt samstarf starfsfólks. Á starfsdeginum verða m.a. fræðsluerindi og kynningar á helstu þróunarverkefnum sem skólarnir í borgarhlutanum hafa unnið að og verða einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda.

Símenntunarnámskeið í skólunum verða auglýst innan borgarhlutans og þátttakendum úr öðrum skólum boðin þátttaka. Haldið verður sameiginlegt námskeið að hausti um námsmat með hliðsjón af einstaklingsmiðuðu námi.

b) Skóli án aðgreiningar - sérkennsla / sveigjanlegir kennsluhættir

Samstarf skólanna um sérkennsluver og ráðgjafarteymi verður eftt með jafningjafræðslu milli skóla þar sem miðlað er reynslu og þekkingu um starfsemi þessara stofnana skólanna. Haldnir verða tveir fræðslu- og umræðufundir, annar í apríl og hinn í nóvember.

c) Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni

Starfsfólk skóla (aðrir en kennarar) öðlist aukin skilning á samskiptum og líðan skólabarna. Haldið verður námskeið á sameiginlegum skipulagsdegi (haustþingi) þar sem fjallað verður um niðurstöður kannana um samskipti og líðan skólabarna og hvað starfsfólk geti gert til þess að leggja sitt af mörkum til þess að styrkja sjálfsmynd og auka félagsfærni nemenda.

Haldið verður nemendaping í hverjum skóla (eða safnhverfi s.s. Laugarnes- og Laugalækjarskóli) í lok október. Á þinginu verður fjallað um og leitað leiða til þess að auka traust og samkennd grunnskólabarna í hverfinu.

d) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

Samstarf við leikskólana í hverfinu verður eftt enn frekar. Skólarnir í borgarhlutanum nýti sér reynslu annarra skóla í þessu tilliti, t.d. verkefni sem unnin hafa verið í Hamraskóla og Ölduselsskóla. Haldinn verður sameiginlegur upplýsingafundur fyrir aðstoðarskólastjóra og/eða deildarstjóra í hverfinu í febrúar.

Skólarnir munu leitast við að koma á þátttökunámi, saman eða hver fyrir sig. Fyrsta skref í þessari vinnu er kynning á þátttökunámi í þeim skólum sem þess óska á starfsmannafundum í janúar til maí. Kynning verður á vegum skólastjóra sem fóru á ráðstefnu um þátttökunám í Bandaríkjunum vorið 2003.

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum



Borgarhluti 3

Þar eru 9 skólar:

Árbæjarskóli

Ártúnsskóli

Breiðholtsskóli

Fellaskóli

Hólabrekkuskóli

Ingunnarskóli

Selásskóli

Seljaskóli

Ölduselsskóli

a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Skólarnir í borgarhlutanum halda áfram að þróa einstaklingsmiðað nám með markvissum skrefum í skólunum, sbr. skólanámskrá hvers skóla fyrir sig.

Skólarnir í borgarhlutanum vinna að bættu upplýsingastreymi milli skóla, m.a. með fundum skólastjórnenda á 4-6 vikna fresti og málþingi um einstaklingsmiðað nám í mars 2004.

Skipulögð verður samvinna kennara milli skóla, gjarnan eftir aldri nemenda og námsgreinum, og haldinn sameiginlegur starfsdagur á haustönn 2004.

b) Skóli án aðgreiningar - sérkennsla / sveigjanlegir kennsluhættir

Skólarnir í borgarhlutanum efla enn frekar sveigjanlega kennsluhætti, m.a. með námskeiðum fyrir kennara, sbr. símenntunaráætlun hvers skóla.

Haldinn verður samráðsfundur skólastjóra og fagfólks sem vinnur með fötluðum nemendum í skólum borgarhlutans. Tilgangur fundarins er að ræða hvernig hægt er að mæta sem best þörfum þessara nemenda.

Boðað verður til fundar á haustönn 2004 þar sem fulltrúar skólanna skiptast á upplýsingum um verkefni og vinnulag nemendaverndarráða.

c) Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni

Tveir skólar í borgarhlutanum, Fellaskóli og Ingunnarskóli, munu taka þátt í tilraunaverkefni um jákvæða agastjórnun (PBS).

Tveir skólar í borgarhlutanum, Seljaskóli og Ölduselsskóli, eru þátttakendur í Olweusáætluninni og mun a.m.k. Selásskóli bætast við haustið 2004.

d) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

Skólarnir efla og styrkja tengsl sín við félagasamtök og atvinnufyrirtæki í borgarhlutanum svo sem leikskóla, framhaldsskóla, íþróttafélög, kirkju og menningarmiðstöð.

Skólarnir hafa samvinnu um áfanga á framhaldsskólastigi fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Skólar í borgarhlutanum stefna að því að hver skóli móti sér umhverfisstefnu fyrir lok ársins.

Borgarhluti 4

Þar eru 9 skólar:

Borgaskóli

Engjaskóli

Foldaskóli

Hamraskóli

Húsaskóli

Klébergsskóli

Korpuskóli

Rimaskóli

Víkurskóli

skref

á árinu

a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Unnið verður að því að þróa fjölbreytta kennsluhætti til að koma til móts við einstaklingsmiðað nám. Það verði m.a. gert með kynningarhring þar sem skólarnir bjóða kennurum í hverfinu á kynningar haustið 2004 á þeim þróunarverkefnum sem eru í gangi um einstaklingsmiðað nám. Hluti af þessum kynningum fer fram á árlegum sameiginlegum starfsdegi sem er haldinn í október-nóvember 2004.

Upplýsinga- og tæknimennt verður eflað í almennri kennslu með sameiginlegum námskeiðum og fræðslufundum fyrir kennara. Komið verður á föstu samstarfi milli deildarstjóra/fagstjóra í upplýsinga- og tæknimennt til að miðla upplýsingum á milli skóla og vinna saman að uppbyggingu þessara greina í skólunum.

b) Skóli án aðgreiningar - sérkennsla / sveigjanlegir kennsluhættir

Haldið verður áfram að þróa gerð einstaklingsnámskráa, námsver, tveggja kennara kerfi og lausnateymi í öllum skólum í borgarlutanum. Staðan í hverjum skóla fyrir sig könnuð og skólarnir miðla hverjir öðrum af reynslu og hugmyndum á sameiginlegum skólastjórafundum og á starfsdegi 2004.

Niðurstöður úr hópavinnu af málþingi um framkvæmd sérkennslustefnu Reykjavíkur, sem haldið var haustið 2003, verða nýttar í áframhaldandi vinnu við framkvæmd sérkennslustefnu borgarhluta 4.

c) Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni

Unnið verður að því að byggja upp sterka einstaklinga með góða sjálfsmynd og félagsfærni í skólum hverfisins með því m.a. að efla samstarf og samvinnu á milli námsráðgjafa. Námsráðgjafar skólanna hittast a.m.k. tvisvar á vorönn og haustönn, taki saman hvað er verið að gera í hverjum skóla hvað þessa þætti varðar, miðli því á milli skóla og komi með tillögum um áframhaldandi vinnu á þessu sviði. Í framhaldi af þeirri vinnu verður óskað eftir samstarfi við Miðgarð og ÍTR um þetta markmið fyrir hverfið í heild sinni.

Barnæping - málþing nemenda í 6. bekk á haustönn haldið í samstarfi við Miðgarð.

Engjaskóli og Víkurskóli eru þátttakendur í Olweusaráætlun. Korpuskóli, Borgaskóli, Rimaskóli, Húsaskóli og Foldaskóli hafa áhuga á þátttöku haustið 2004.

d) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

Gróska er í foreldrasamstarfi í öllum skólum borgarhlutans. Haldið verður áfram á sömu braut og sótt í sjóð Engjaskóla sem er móðurskóli í foreldrasamstarfi. Niðurstöður úr nýrri könnun um foreldrasamstarf verða skoðaðar. Engjaskóli verður með kynningu fyrir skólastjórnumendur í hverfinu á þeirra nálgun og upplýsingastefnu. Stefnt að því að allir skólarnir verði búnir að setja sér skýr markmið og leiðir til að vinna að foreldrasamstarfi á árinu 2004.

Til að efla útikennslu og umhverfismennt í skólum hverfisins verður handbók um náttúru og menningu skólahverfis Klébergsskóla auk verkefnis um gerð fræðslustiga sem Víkurskóli er að vinna að kynnt fyrir öðrum skólum hverfisins á skólastjórafundum og á sameiginlegum starfsdegi. Skólastjórnumendur ákveða í framhaldi hvort setja eigi fram sameiginleg markmið hvað þessa þætti varðar.

Samvinna skólastiga verður eflað með markvissu samstarfi milli grunnskóla og framhaldsskóla. Gert verði samkomulag við Borgarholtsskóla um fyrirkomulag valgreinakennslu.

Stefnt er að því að koma á skipulagðara samstarfi á milli leikskóla og grunnskóla í borgarlutanum. Sótt verður í sjóð Hamraskóla sem er móðurskóli í samstarfi leik- og grunnskóla um tilhögun þessa samstarfs. Skólastjórnumendur fara yfir og skoða hvort setja eigi sameiginlega stefnu um samstarfið.

Skólarnir verði áfram virkir þátttakendur í dagskrá Grafarvogsdagsins.

Stefnt er að því að skoða hvernig hægt er að koma til móts við bráðger börn í borgarhluta 4. Í þeim tilgangi verður stofnaður starfshópur til að móta þetta starf. Aðilar í starfshópnum verði fulltrúar frá löntækni-stofnun, Keldum, Rala, Miðgarði og fulltrúar skólanna. Nýtt verður sú reynsla sem komin er á með verkefninu Bráðger börn í Reykjavík.

Miðgarður styðji skólana í borgarhluta 4 með því að:

Leitað eftir fleiri úrræðum fyrir nemendur sem eiga í félagslegum vanda með svokölluðum „vinahópum“ í samvinnu við ÍTR og boðið upp á hópastarf til að styrkja unglinga sem þarfnast félagslegs stuðnings.

Vinna með skólum að því að koma á uppbyggingarstefnunni.

Starfa með skólunum og öðrum stofnunum í hverfinu að forvörnum með „Hringnum“ sem er skipulögð vinna til að taka á afbrotamálum barna og unglinga í hverfinu.

Finna lausn fyrir heimili sem ekki hafa fjárhagslega getu til að veita börnum sínum aðgang að félagsstarfi.

B. Skólahljómsveitir

10 ára sýn

Skólahljómsveitir í Reykjavík eru nú fjórar, í Vesturbæ og Miðbæ, Austurbæ, Árbæ og Breiðholti og Grafarvogi (sjá fylgiskjal 29). Skólahljómsveitirnar eru mikilvægur þáttur í tónlistaruppeldi grunnskólanemenda, bæði fyrir þá sem taka þátt í þeim og þá sem njóta leiks þeirra.

Sameiginleg skref á árinu 2004

Skólahljómsveitirnar verða kynntar í þriðja sinn með bæklingi í 2.-4. bekk vorið 2004 (í apríl-maí) í öllum skólum í viðkomandi borgarhluta. Samræmt umsóknareyðublað verður notað fyrir allar sveitirnar.

skref

á árinu

Hljóðfærakynningar verða í þeim grunnskólum, sem sveitirnar starfa í, eftir þörfum.

Haldið áfram að taka nemendur sveitanna út úr tímum yfir skóladaginn í grunnskólanum til að mæta í hljóðfæratíma (samkvæmt hlaupandi stundaskrá), ef foreldrar og skólastjórnendur samþykkja að sá háttur sé hafður á.

Sveitirnar taka þátt í Degi skólalúðrasveita sem haldinn verður hátíðlegur í júní 2004.

Skólahljómsveitirnar í Reykjavík taka þátt í Landsmóti skólalúðrasveita sem haldið verður í Reykjavík 29.-31. október 2004.

Úrvalssveit úr öllum sveitunum fjórum starfi reglulega. Úrvalssveitin kom fram í fyrsta skipti í október 2003. Sveitin hittist í æfingabúðum nokkrum sinnum á ári og undirbúi ákveðin verkefni.

Haustið 2004 verður árgjald í skólahljómsveit 14.000 kr. og gjald fyrir leigu á hljóðfæri 5.000 kr.

Áætluð starfsemi skólahljómsveita á árinu 2004

Borgarhluti 1

Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar starfar í borgarhluta 1. Á árinu mun hún m.a. fara í æfingabúðir helgina 21. - 22. mars og æfa fyrir „tónleikaferð“ sem farin verður í alla grunnskóla hljómsveitarinnar og halda páskaþónleika í framhaldi af því í Grandaskóla fyrir foreldra og ættingja. Þar koma fram nokkrir nemendur sem einleikarar, ásamt hljómsveitunum þremur, sem nú eru starfandi. Þá mun hljómsveitin leika á vorskemmtunum í grunnskólum borgarhlutans, Degi skólalúðrasveitanna og Landsmóti skólalúðrasveita, fara í æfingabúðir í byrjun desember, koma fram á jólaschemmtunum í grunnskólunum og jólatónleikum í Nes Kirkju. Fyrirhuguð er utanlandsferð með elstu meðlimi sveitarinnar í vor og er undirbúningur hafinn að fjármögnun ferðarinnar.

Borgarhluti 2

Skólahljómsveit Austurbæjar starfar í borgarhluta 2. Á árinu mun hún m.a. halda miðsvetrartónleika í Ráðhúsinu, vortónleika í maí, leika á Degi skólalúðrasveita og Landsmóti skólalúðrasveita, fara í æfingabúðir um miðjan nóvember, leika á jólatónleikum í borgarhlutanum og jólatónleikum í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Borgarhluti 3

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts starfar í borgarhluta 3. Á árinu mun hún m.a. koma fram á Degi tónlistarskólanna í febrúar, skemmtunum í leikskólum í borgarhlutanum, vor- og hausthátíðum grunnskólanna í borgarhlutanum, vetrarhátíð við Orkuveituhús, æskulýðsmessu á Æskulýðsdegi þjóðkirkjunnar, vortónleikum sínum 16. maí, Degi skólalúðrasveitanna m.a. við opnun Ábæjarsafns, Landsmóti skólalúðrasveita, jólaschemmtunum grunnskólanna í borgarhlutanum og jólatónleikum sínum um miðjan desember. Þá er áætlað að fara eina helgi í æfingabúðir.

Borgarhluti 4

Skólahljómsveit Grafarvogs starfar í borgarhluta 4. Á árinu mun hún m.a. fara í æfingabúðir þrjár helgar, halda afmælistónleika 20. og 21. mars, leika á vorhátíðum grunnskólanna í borgarhlutanum, halda vorhátíð 2. maí, leika á Degi skólalúðrasveitanna, standa fyrir Landsmóti skólalúðrasveita í október, leika á jólatónleikum í desember. Þá er fyrirhuguð utanlandsferð C-sveitar til Ungverjalands í júní.

markmið
til 3ja ára

Skólahljómsveitir verði fjórar, þ.e. í öllum fjórum borgarhlutunum, og stefnt að því að efla þær og stækka á næstu árum.

Þátttakendur í sveitunum verði úr öllum skólum í viðkomandi borgarhluta.

C. Námsflokkar Reykjavíkur

10 ára sýn

Námsflokkar Reykjavíkur sinna símenntun fullorðinna. Starfsemi þeirra skiptist í bóklegt og verklegt frístundanám í ýmsum greinum, prófanám á grunn- og framhaldsskólastigi, íslensku fyrir útlendinga og vinnumarkaðsnám, gjarnan í samvinnu við stéttarfélag.

Námsflokkarnir eru opnir fyrir þróun í þjóðfélaginu og gera sér far um að mæta þörf sem upp kemur. Starfsemin fer fram sem víðast í borginni. Fjarnám er hluti af starfseminni og lögð áhersla á þróun efnis á neti.

Áætluð starfsemi Námsflokka Reykjavíkur á árinu 2004

Borgarhluti 1

Í höfuðstöðvum Námsflokka í Miðbæjar-skólanum fer fram almennt frístundanám, nám í prófateildum (grunn- og framhaldsskólanám), nám í íslensku fyrir útlendinga, nám í samvinnu við Félagsþjónustuna (einkum fyrir heimavinnandi einstæðar mæður) og símenntun fyrir dagmæður, fólk í umönnunarstörfum og starfsmenn í eldhúsum og ræstingu (sbr. Kjarsamninga Eflingar og Félags dagmæðra). Einnig fer kennsla fram á Laufásvegi 1.

Sumarnám í íslensku fyrir útlend börn, unglinga og fullorðna fer fram í Austurbæjarskólanum í samvinnu Námsflokka og kennsluráðgjafa í nýbúakennslu á Fræðslumiðstöð.

Sumarnám í íslensku fyrir háskólastúdenta.

Borgarhluti 2

Starfstengd íslenska kennd á vegum Námsflokka á Landsspítala Háskólasjúkrahúsi.

Borgarhluti 3

Í starfsstöð Námsflokka í Mjódd fer fram almennt frístundanám, prófanám, nám í íslensku fyrir útlendinga, nám í samvinnu við Félagsþjónustuna og símenntun fyrir dagmæður, fólk í umönnunarstörfum og starfsmenn í eldhúsum og ræstingu.

Starfstengd íslenska kennd í þvottahúsi Landsspítala Háskólasjúkrahúss.

Borgarhluti 4

Á árinu verður leitað leiða til að virkja áhuga íbúa í hverfinu á fullorðinsfræðslu.

markmið til 3ja ára

Námsflokkar Reykjavíkur bjóði fram nám á fjórum megin sviðum, þ.e. **frjálst frístundanám**, bæði bóklegt og verklegt, **prófanám** á grunn- og framhaldsskólastigi, þ.m.t. nám í heilbrigðisgreinum, **íslensku fyrir útlendinga** og **vinnumarkaðsnám**.

D. Einkaskólar

10 ára sýn

Nú eru starfandi fimm einkareknir grunnskólar í Reykjavík sem styrktir eru af borginni. Fjárframlög til þeirra taka mið af nýlegri samþykkt borgarráðs. Í samþykktinni er gert ráð fyrir að borgin greiði framlag til einkaskóla sem jafngildir kostnaði á nemanda vegna kennslu og stjórnunar í almennum grunnskólum. Ekki er tekin afstaða til stærðar einkaskólans og er því miðað við framlag til hagkvæmasta skóla borgarinnar hverju sinni. Gert er ráð fyrir að skólajöld og aðrir styrkir standi undir öðrum kostnaði, s.s. vegna reksturs á húsnæði, búnaðarkaupa og launa annarra starfsmanna en kennara og skólastjórnenda. Almenna framlagið fyrir skólaárið 2003/04 er 302.910 krónur, en það er 32,9% hækkun frá framlagi síðasta skólaárs (var 228.000 krónur á nemanda).

Einkaskólar geta einnig sótt um sérstök framlög vegna nemenda með miklar sérkennsluþarfir. Einkaskólar hafa notið húsnæðisstyrkja frá borginni í formi lágrar húsaleigu eða framlaga til bygginga. Einkaskólar byggja starf sitt ýmist á svipuðum grunni og almennir grunnskólar eða hafa sérstöðu, t.d. hvað varðar skólastefnu eða trúarbrögð, sem starfið byggir á.

Einkaskólar sendi Fræðslumiðstöð upplýsingar um nemendafjölda og kennarafjölda í október ár hvert, skóladagatöl næsta skólaárs að vori og skólanámskrá að hausti.

Sjá fylgiskjal 30.

Nokkrir einkaskólar á grunnskólastigi starfa í Reykjavík og hljóta þeir styrk frá borginni. Einkaskólar auka fjölbreytni í skólaflóru borgarinnar.

E. Tónlistarskólar

Í borginni starfa 18 einkareknir tónlistarskólar sem fá reglubundin fjárframlög frá Reykjavíkurborg. Framlögin nema sem svarar kennslukostnaði.

Sjá fylgiskjal 31.

10 ára sýn

Tónlistarskólar starfa úti í hverfum borgarinnar og að baki hverjum tónlistarskóla eru um 1500-2000 grunnskólanemendur eða um 10 þús. íbúar alls.

markmið til 3ja ára

Nýjar reglur gilda um hvaða skilyrði tónlistarskóli þarf að uppfylla til þess að geta sótt um styrk til borgarinnar. Í reglunum eru gerðar kröfur til skólanna í samræmi við gildandi lög og Aðalnámskrá tónlistarskóla.

Þjónustusamningar við skólana verði endurskoðaðir og gilda til eins árs. Að þeim tíma liðnum er áætlað að gera þjónustusamninga til 3ja ára.


Á samningstímanum verður unnið að endurskoðun á viðmiðunarreglum og miðlægu umsóknaferli fyrir reykviska tónlistarnemendur.

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Mynd 3.1

Fjárframlög Reykjavíkurborgar til fræðslumála - á verðlagi hvers árs*
(í milljónum kr.)



3. Fjármál

Framsetning fjárhagsáætlunar í starfsáætlun 2004 er með svipuðu sniði og fyrir árið 2003. Skólum er í annað sinn skipt eftir borgarhlutum, en sérskólunum haldið saman sérstaklega enda hafa þeir hver og einn mikla sérstöðu og þjóna allri borginni óháð borgarhlutum og í raun landinu öllu. Borgarhlutarnir hafa breyst aðeins frá fyrra ári og eru nú líkari innbyrðis þegar miðað er við fjölda skóla og fjármagn, en í þeim minnsta eru 7 almennir grunnskólar með um 1,9 milljarða króna í fjárhagsáætlun og í þeim stærsta 9 almennir grunnskólar með um 2,5 milljarða króna. Útreikningur á fjármagni til borgarhlutanna byggist eins og fyrr að mestu leyti á fjölda nemenda í hverjum skóla og stærð skólahúsnæðis.

Fjárhagsrammi fræðslumála er 10.557.072 þ.kr. og hefur hækkað um 2,2 milljarða króna frá fyrra ári. Helstu þættir sem hafa afgerandi áhrif á fjárhagsáætlun ársins 2004 eru 3% launahækkun til allra starfsmanna, 2,3% niðurskurður á rekstri (án innri leigu), 20% lækkun á búnaðarlið og nú er gert ráð fyrir að greidd sé svonefnd innri leiga fyrir notkun á öllu húsnæði í eigu borgarinnar.

Innri leigan er áætluð 1.738 m.kr. eða um 16,5% af heildarramma málaflokksins. Leigan er reiknuð út frá stærð og aldri hvers húsnæðis. Til jafnaðar er hver skóli að greiða um 50 m.kr. á ári í innri leigu eða sem nemur um 20% af rekstrarramma. Svona stór þáttur hefur gríðarleg áhrif á fjárhagsáætlunina og gerir samanburð við fyrri ár erfiðari en ella, en sýnir jafnframt hversu mikill kostnaður er bundinn í skólahúsnæði.

Í töflu 3.1 sést skipting málaflokksins í meginþætti og fjárframlög til hvers þáttar. Einnig kemur fram hlutfallsleg skipting fjárhagsrammans eftir þáttum.

Tafla 3.1

Skipting framlaga til fræðslumála samkvæmt fjárhagsáætlun 2004 (í þús. kr.)

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Hlutfall
Yfirstjórn	198.482	0	198.482	1,88%
Grunnskólar	10.419.069	959.665	9.459.404	89,60%
Listaskólar og skólahljómsveitir	656.756	6.370	650.386	6,16%
Fullorðinsfræðsla	106.000	33.000	73.000	0,69%
Styrkir til fræðslumála	38.800	0	38.800	0,37%
Stofnbúnaður og stofnstyrkir	137.000	0	137.000	1,30%
Samtals:	11.556.107	999.035	10.557.072	100,00%

Til að ná fram markmiðum um 2,3% sparnað eða 200 m.kr. fyrir málaflokkinn í heild var reiknilíkani breytt þannig að það gefur m.a. færri kennslustundir, færri ýmiss störf og minni sérkennslu en á síðasta ári. Almenna kennslan skerðist sem nemur um 85 m.kr. í heild. Hins vegar ákvarðar ramminn eins og áður heildarfjármagn til hvers skóla, en er ekki stýrandi varðandi einstaka þætti. Skólastjóri ákveður því hvernig heildarfjármagnið er nýtt í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, samþykktir borgarinnar, áherslur skóla o.s.frv. eins og áður. Þó skal minnt á að sparnaðarnefnd borgarinnar leggur áherslu á að útgjöld verði lækkuð um 20% vegna kostnaðarliðanna ráðstefnur, sími og fjarskipti, auglýsingar og kynningar, fundarhöld og risna, 30% lækkun verði á ferðakostnaði og 5% lækkun á aðkeyptri sérfræðiaðstoð.

Haustið 2003 var stofnaður nýr sérskóli, Brúarskóli, fyrir nemendur með mikla geðræna erfiðleika og nemendur í fíkniefna- eða félagslegum vanda. Hann kemur nýr inn í fjárhagsáætlun 2004, en á móti fellur niður fjárveiting til Einholtsskóla og Hlíðarhúsaskóla.

Skóladagur lengdist hjá nemendum í 2.- 4. bekk í skólum í Grafarvogi í haust og fá því nemendur þessara árganga kennslu í 35 kennslustundir á viku í öllum skólum nema í borgarhluta 2. Næsta haust bætast skólar í borgarhluta 2 í hópinn og hefur þá kennsludagur þessara árganga verið lengdur í allri borginni. Samhliða tekur ÍTR yfir skóladagvistina og býður nemendum í 1.- 4. bekk upp á dvöl í frístundaheimili eftir skóla. Á síðustu 10 árum hefur kennsla nemenda í grunnskólum verið aukið sem nemur um 26% með fjölgun vikulegra kennslustunda og lengingu skólaársins úr 170 dögum í 180. Jafngildir þetta u.þ.b. tveimur heilum kennsluárum þegar tekin eru saman öll 10 ár grunnskólagöngunnar.

Í þessari fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir fjármagni til almennra sérdeilda hjá einstökum grunnskólunum. Það fjármagn hefur verið fært á sérkennslusafnlið og verður úthlutað skv. þjónustulýsingu á einstaka nemendur með þroskaskerðingar eða aðrar fatlanir.

Eins og áður er ætlast til að skólastjórar og aðrir forstöðumenn skili rekstraráætlunum til Fræðslumiðstöðvar í upphafi ársins 2004 þar sem fram kemur hvernig þeir hyggjast nýta það fjármagn sem þeim er úthlutað. Í samræmi við leikreglur borgarinnar mun rekstrarafgangur/halli færast að fullu á milli ára.

Í töflu 3.2 hér að neðan er sýnd skipting þeirra fjárframlaga sem áætluð eru beint á einstaka almenna grunnskóla. Hér eru ekki sýndir safnliðir o.fl. sem færðir eru á skólana síðar á árinu þegar fyrir liggja betri upplýsingar um sérkennsluþörf, langtímaforföll o.s.frv. Stórum hluta sérkennslufjár er úthlutað af sérkennslusafnlið (sbr. töflu 3.3) til skólanna þegar fyrir liggur skipting nemenda með mikla fötlun og sérkennsluþarfir. Liðurinn „Almennt skólastarf“ hækkar verulega frá fyrra ári vegna innri húsaleigu.

Tafla 3.2

Skipting framlaga sem úthlutað er beint til almennra grunnskóla (í þús. kr.)

	Þús. kr.	Hlutfall
Almennt skólastarf	7.524.155	89,84%
Skóladagvist	17.711	0,21%
Skammtímaforföll	143.092	1,71%
Félagsstörf	56.465	0,67%
Sérkennsla og sérúrræði*	465.387	5,56%
Stjórnunarkvóti	150.768	1,80%
Símenntun	17.727	0,21%
Samtals:	8.375.305	100,00%

* Sjá nánar þrjá efstu liði í töflu 3.3 og auk þess er undir þessum lið sá hluti nýbúafraeðslu sem úthlutað er beint til grunnskólanna v/móttökudeilda (30.272 þús. kr.).

Tafla 3.3 hér að neðan sýnir skiptingu heildarframlaga til sérkennslu og sérúrræða þ.m.t. nýbúafraeðslu. Hér koma fram þættir sem áætlaðir eru beint á skólana og einnig safnliðir sem úthlutað er af síðar á árinu. Í töflunni er ekki sýndur hluti sérkennslu í forfallakennslu og stjórnunarkvóta.

Tafla 3.3

Skipting framlaga til sérkennslu og annarra sérúrræða (í þús. kr.)

	Þús. kr.	Hlutfall
Almennt til skóla	319.784	23,21%
Kennsla á sjúkrahúsum	10.257	0,74%
Sérhæfðar sérdeildir skóla	105.074	7,63%
Sérskólar	502.766	36,49%
Nýbúafraeðsla	70.122	5,09%
Þróunarverkefni v/fatlaðra	10.000	0,73%
Sérkennslusafnliður	360.000	26,12%
Samtals:	1.378.003	100,00%

Fjárhagsáætlun 2004

Í töflu 3.4 birtist heildaryfirlit yfir tekjur og gjöld skipt á kostnaðarstaði. Sú meginregla er höfð við framsetningu fjárhagsáætlunar grunnskólanna að fjárveitingar eru áætlaðar beint á einstaka skóla eftir því sem hægt er. Þannig eru t.d. framlög vegna skóladagvistar og skammtímaforfalla hluti af fjárveitingu viðkomandi skóla. Hluti af fjárveitingu vegna sérkennslu er einnig færður beint á skólana. Tekjur skóla eru einkum vegna matarþjónustu, skóladagvistar og vegna útleigu á íþróttamannvirkjum. Fjármagni til búnaðarkaupa er úthlutað sérstaklega í upphafi hvers árs en það er nú í fyrsta sinn talið með í fjárhagsramma málaflokksins (sjá fylgiskjal 27).

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004

Tafla 3.4

Fjárhagsáætlun 2004 (í þús. kr.)

Fjárhagsrammi ársins 2004 (í þús. kr.)					Rammi án innri leigu	
	Kostnaðar- staður 5)	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Innri leiga	Mismunur án innri leigu
Yfirstjórn						
Fræðsluráð	M1001	7.200		7.200	0	7.200
Fræðslumiðstöð	M1002	191.282		191.282	11.398	179.884
		198.482	0	198.482	11.398	187.084
Borgarhluti 1						
Vesturbæjarskóli	M2101	190.343	9.101	181.242	40.620	140.622
Grandaskóli	M2102	220.883	10.186	210.697	47.427	163.270
Melaskóli	M2103	316.505	18.834	297.671	55.394	242.277
Hagaskóli	M2104	290.425	4.500	285.925	56.606	229.319
Austurbæjarskóli	M2105	352.650	13.090	339.560	59.533	280.027
Hlíðaskóli	M2106	404.179	19.798	384.381	72.989	311.392
Háteigsskóli	M2107	222.585	10.116	212.469	42.593	169.876
		1.997.570	85.625	1.911.945	375.162	1.536.783
Borgarhluti 2						
Álftamýrarskóli	M2120	237.956	14.589	223.367	49.049	174.318
Hvassaleitisskóli	M2121	188.043	6.098	181.945	43.354	138.591
Breiðagerðisskóli	M2122	214.433	12.706	201.727	37.696	164.031
Réttarholtsskóli	M2123	215.989	4.950	211.039	46.931	164.108
Fossvogsskóli	M2124	205.511	13.949	191.562	35.733	155.829
Vogaskóli	M2125	214.221	10.342	203.879	29.308	174.571
Langholtsskóli	M2126	313.474	8.543	304.931	59.249	245.682
Laugalækjarskóli	M2127	184.609	3.703	180.906	40.434	140.472
Laugarnesskóli	M2128	232.580	11.058	221.522	36.084	185.438
		2.006.816	85.938	1.920.878	377.838	1.543.040
Borgarhluti 3						
Breiðholtsskóli	M2140	357.031	16.112	340.919	66.794	274.125
Ölduselsskóli	M2141	311.145	5.069	306.076	56.026	250.050
Seljaskóli	M2142	348.728	6.093	342.635	60.965	281.670
Fellaskóli	M2143	323.883	14.436	309.447	77.578	231.869
Hólabrekkuskóli	M2144	323.112	11.862	311.250	61.105	250.145
Selásskóli	M2145	230.626	14.024	216.602	51.885	164.717
Árbæjarskóli	M2146	429.573	16.587	412.986	83.717	329.269
Ártúnsskóli	M2147	135.573	9.101	126.472	27.645	98.827
Ingunnarskóli	M2168	130.682	8.362	122.320	12.062	110.258
		2.590.353	101.646	2.488.707	497.777	1.990.930
Borgarhluti 4						
Foldaskóli	M2160	331.865	10.403	321.462	70.888	250.574
Húsaskóli	M2161	251.589	8.214	243.375	54.196	189.179
Engjaskóli	M2162	237.599	7.542	230.057	57.983	172.074
Rimaskóli	M2163	421.526	20.714	400.812	82.599	318.213
Hamraskóli	M2164	238.069	8.118	229.951	52.172	177.779
Borgaskóli	M2165	238.848	9.966	228.882	57.953	170.929
Korpuskóli	M2166	124.428	4.941	119.487	16.450	103.037
Víkurskóli	M2167	170.341	6.718	163.623	49.557	114.066
Klébergsskóli	M2170	119.615	3.489	116.126	20.931	95.195
		2.133.880	80.105	2.053.775	462.729	1.591.046

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Fjárhagsrammi ársins 2004 (í þús. kr.)						Rammi án innri leigu
	Kostnaðar- staður	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Innri leiga	Mismunur án innri leigu
Sérskólar						
Öskjuhlíðarskóli	M2182	264.858	5.576	259.282	0	259.282
Safamýrarskóli	M2183	105.916	625	105.291	0	105.291
Dalbrautarskóli	M2184	33.115	0	33.115	0	33.115
Brúarskóli	M2187	105.078	0	105.078	0	105.078
		508.967	6.201	502.766	0	502.766
Miðlæg þjónusta og safnliðir						
Endurgreitt v. sérskóla	M2180		420.000	-420.000	0	-420.000
Styrkir til einkaskóla	M2191	130.000		130.000	0	130.000
Langtímaforföll	M2201	85.000		85.000	0	85.000
Endurúthlutun á haustönn ofl. (safnliður)	M2202	36.930		36.930	0	36.930
Þróunarverkefni v. fatlaðra grunnskólanema	M2205	10.000		10.000	0	10.000
Sérkennsla (safnliður)	M2206	360.000		360.000	0	360.000
Nýbúakennsla (safnliður)	M2207	45.000	5.150	39.850	0	39.850
Uppgjör sveitarfélaga v. skólakostnaðar	M2208	40.000	175.000	-135.000	0	-135.000
Sálfræðiþjónusta skóla	M2219	44.957		44.957	1.296	43.661
Skólasafnamiðstöð	M2220	17.000		17.000	0	17.000
Sameiginleg tölvuþjónusta	M2221	95.024		95.024	1.323	93.701
Réttindagreiðslur vegna tölvuforrita	M2222	41.400		41.400	0	41.400
Skólaakstur	M2223	135.000		135.000	0	135.000
Sameiginleg þjónusta grunnskóla	M2224	80.212		80.212	368	79.844
Kostnaður vegna meiðsla skólabarna	M2227	1.990		1.990	0	1.990
Kannanir	M2270	6.970		6.970	0	6.970
Símenntun	M2272	52.000		52.000	0	52.000
		1.181.483	600.150	581.333	2.987	578.346
Listaskólar og skólahljómsveitir						
Skólahljómsveit Vesturbæjar	M3002	20.548	1.500	19.048	0	19.048
Skólahljómsveit Austurbæjar	M3003	22.283	1.500	20.783	0	20.783
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	M3004	19.076	1.350	17.726	0	17.726
Skólahljómsveit Grafarvogs	M3005	19.249	1.320	17.929	0	17.929
Tónlistarskólar	M3100	570.000		570.000	0	570.000
Tónlistarskóli Kjalarness	M3201	5.600	700	4.900	0	4.900
		656.756	6.370	650.386	0	650.386
Fullorðinsfræðsla						
Námsflokkar Reykjavíkur	M4001	106.000	33.000	73.000	10.109	62.891
		106.000	33.000	73.000	10.109	62.891
Styrkir til fræðslumála						
Styrkir til fræðslumála og þróunarsjóður	M5001	38.800		38.800	0	38.800
		38.800	0	38.800	0	38.800
Annað						
Lausafjárkaup		117.000		117.000	0	117.000
Stofnstyrkir til einkaskóla		20.000		20.000	0	20.000
		137.000	0	137.000	0	137.000
Fræðslumál samtals		11.556.107	999.035	10.557.072	1.738.000	8.819.072

Tafla 3.5
Samanburður 2002, 2003 og 2004 (í þús. kr.)

	Kostnaðar staður	Áætlun 2004	Áætlun án innri leigu 2004	Áætlun 2003	Reikningur 2002
Yfirstjórn					
Fræðsluráð	M1001	7.200	7.200	7.000	7.913
Fræðslumiðstöð	M1002	191.282	179.884	175.831	169.779
		198.482	187.084	182.831	177.692
Borgarhluti 1					
Vesturbæjarskóli	M2101	181.242	140.622	133.690	132.447
Grandaskóli	M2102	210.697	163.270	161.717	170.436
Melaskóli	M2103	297.671	242.277	254.776	260.714
Hagaskóli	M2104	285.925	229.319	213.248	198.047
Austurbæjarskóli	M2105	339.560	280.027	275.181	274.453
Hlíðaskóli	M2106	384.381	311.392	295.774	250.335
Háteigsskóli	M2107	212.469	169.876	172.700	169.760
		1.911.945	1.536.783	1.507.086	1.456.192
Borgarhluti 2					
Álftamýrarskóli	M2120	223.367	174.318	174.594	190.650
Hvassaleitisskóli	M2121	181.945	138.591	148.224	145.158
Breiðagerðisskóli	M2122	201.727	164.031	176.278	179.181
Réttarholtsskóli	M2123	211.039	164.108	168.680	161.781
Fossvogsskóli	M2124	191.562	155.829	148.571	148.848
Vogaskóli	M2125	203.879	174.571	167.301	166.619
Langholtsskóli	M2126	304.931	245.682	226.852	220.210
Laugalækjarskóli	M2127	180.906	140.472	129.040	87.140
Laugarnesskóli	M2128	221.522	185.438	185.810	208.341
		1.920.878	1.543.040	1.525.350	1.507.928
Borgarhluti 3					
Breiðholtsskóli	M2140	340.919	274.125	273.025	274.306
Öduselsskóli	M2141	306.076	250.050	251.343	263.470
Seljaskóli	M2142	342.635	281.670	272.707	264.942
Fellaskóli	M2143	309.447	231.869	243.006	255.693
Hólabrekkuskóli	M2144	311.250	250.145	243.847	235.408
Selásskóli	M2145	216.602	164.717	172.600	188.396
Árbæjarskóli	M2146	412.986	329.269	329.662	316.676
Ártúnsskóli	M2147	126.472	98.827	98.993	99.098
Ingunnarskóli	M2168	122.320	110.258	65.096	44.150
		2.488.707	1.990.930	1.950.279	1.942.139
Borgarhluti 4					
Foldaskóli	M2160	321.462	250.574	254.279	265.804
Húsaskóli	M2161	243.375	189.179	187.281	182.262
Engjaskóli	M2162	230.057	172.074	179.915	188.430
Rimaskóli	M2163	400.812	318.213	303.734	298.098
Hamraskóli	M2164	229.951	177.779	171.212	179.997
Borgaskóli	M2165	228.882	170.929	161.933	153.591
Korpuskóli	M2166	119.487	103.037	86.695	81.008
Víkurskóli	M2167	163.623	114.066	97.213	70.907
Klébergsskóli	M2170	116.126	95.195	84.578	87.553
		2.053.775	1.591.046	1.526.840	1.507.650

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

	Kostnaður staður	Áætlun 2004	Áætlun án innri leigu 2004	Áætlun 2003	Reikningur 2002
Sérskólar					
Vesturhlíðarskóli	M2182	0	0	0	60.758
Öskjuhlíðarskóli	M2182	259.282	259.282	241.513	244.751
Safamýrarskóli	M2183	105.291	105.291	101.407	101.592
Dalbrautarskóli	M2184	33.115	33.115	32.969	30.505
Einholtsskóli	M2185	0	0	36.453	36.027
Hlíðarhútaskóli	M2186	0	0	36.228	34.569
Brúarskóli	M2187	105.078	105.078	0	0
		502.766	502.766	448.570	508.202
Miðlæg þjónusta og safnliðir					
Endurgreitt v. sérskóla	M2180	-420.000	-420.000	-412.000	-434.940
Styrkir til einkaskóla	M2191	130.000	130.000	104.580	95.410
Langtímaforföll ⁶⁾	M2201	85.000	85.000	90.600	11.062
Endurúthlutun á haustönn ofl. (safnliður) ⁶⁾	M2202	36.930	36.930	74.700	0
Norsku- og sænskukennsla	M2204	0	0	0	7.207
Þróunarverkefni v. fatlaðra grunnskólanema	M2205	10.000	10.000	0	0
Sérkennsla (safnliður) ⁶⁾	M2206	360.000	360.000	265.900	17.696
Nýbúakennsla (safnliður) ⁶⁾	M2207	39.850	39.850	44.800	8.441
Uppgjör sveitarfélaga v. skólakostnaðar	M2208	-135.000	-135.000	-134.500	-133.553
Sálfræðiþjónusta skóla	M2219	44.957	43.661	42.750	46.337
Skólasafnamiðstöð	M2220	17.000	17.000	16.900	15.968
Sameiginleg tölvuþjónusta	M2221	95.024	93.701	45.000	40.550
Réttindagreiðslur vegna tölvuforrita	M2222	41.400	41.400	27.200	18.597
Skólaakstur	M2223	135.000	135.000	139.000	108.576
Sameiginleg þjónusta grunnskóla	M2224	80.212	79.844	116.234	119.452
Kostnaður vegna meiðsla skólabarna	M2227	1.990	1.990	1.990	714
M2000 Listamenn í skólum	M2227	0	0	0	468
Vesturgarður	M2227	0	0	0	1.391
Kannanir	M2270	6.970	6.970	6.970	8.898
Símenntun	M2272	52.000	52.000	51.450	23.219
		581.333	578.346	481.574	-44.507
Listaskólar og skólahljómsveitir					
Skólahljómsveit Vesturbæjar	M3002	19.048	19.048	16.465	19.320
Skólahljómsveit Austurbæjar	M3003	20.783	20.783	18.350	21.122
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	M3004	17.726	17.726	16.495	15.628
Skólahljómsveit Grafarvogs	M3005	17.929	17.929	15.210	12.536
Tónlistarskólar	M3100	570.000	570.000	545.700	531.017
Tónlistarskóli Kjalarness	M3201	4.900	4.900	4.680	4.734
		650.386	650.386	616.900	604.357
Fullorðinsfræðsla					
Námsflokkar Reykjavíkur	M4001	73.000	62.891	66.700	75.478
		73.000	62.891	66.700	75.478
Styrkir til fræðslumála					
Styrkir til fræðslumála og þróunarsjóður	M5001	38.800	38.800	38.800	33.265
		38.800	38.800	38.800	33.265
Annað					
Lausafjárkaup		117.000	117.000	0	353.218
Stofnstyrkir til einkaskóla		20.000	20.000	0	17.500
		137.000	137.000	0	370.718
Fræðslumál samtals		10.557.072	8.819.072	8.344.930	8.139.114

6) Þess ber að geta að safnliðirnir M2201, M2202, M2206 og M2207 eru millifærðir að stórum hluta á einstaka kostnaðarstaði yfir árið og því bókast lítil eða enginn kostnaður á þá beint.

Þróun gjaldskrár

Fræðslumiðstöð gefur út samræmda gjaldskrá fyrir vistun í skóladagvist og fyrir nám í skólahljómsveitum. Gjald í skóladagvist var 190 kr. á hverja klukkustund fyrir síðustu vorönn og 195 kr. á haustönn 2003 og vorönn 2004.

Gjaldið í skólahljómsveitum var 6.000 kr. á önn fyrir síðasta skólaár auk 2.000 kr. á önn vegna leigu á hljóðfæri fyrir þá sem þess óska. Skólaárið 2003/04 er gjaldið 6.500 kr. á önn auk 2.250 kr. vegna leigu á hljóðfæri. Gjald fyrir allt skólaárið er því 13.000 kr. og fyrir leigu á hljóðfæri 4.500 krónur. Haustið 2004 er gert ráð fyrir að hækka gjaldið í skólahljómsveitum í 7.000 kr. á önn og hljóðfæraleigu í 2.500 kr. á önn. Gert er ráð fyrir að þessar auknu tekjur skili sér að fullu í rekstur hljómsveitanna.

Ekki er samræmd gjaldskrá fyrir aðstoð við heimanám nemenda ofan við 4. bekk, en gjaldið á að standa undir aukalegum kostnaði og getur því verið breytilegt eftir stærð skóla og eftirspurn eftir heimanáminu. Gjald vegna matarþjónustu er breytilegt á milli skóla, en borgin niðurgreiðir matinn sem nemur launakostnaði við framleiðslu hans. Í skólum með aðkeyptan heitan mat nemur niðurgreiðsla borgarinnar 60 kr. á hvern matarskammt fyrir nemendur í 1.- 7. bekk skólaárið 2003-2004.

Þriggja ára áætlun 2005 - 2007

Áætlun fyrir árin 2005 til 2007 í töflu 3.6 byggir á þeim forsendum sem gefnar eru af fjármáladeild Reykjavíkurborgar. Samkvæmt þeim forsendum skal nú ekki gera ráð fyrir launa- eða verðlagsbreytingum í áætluninni, heldur setja hana fram á föstu verðlagi. Spár benda til að lítil nemendaaukning verði í skólunum í Reykjavík í heild á þessum árum eða um 130 nemendur frá hausti 2003 til hausts 2007. Í spánni er aðeins gert ráð fyrir svipuðum flutningum til borgarinnar og verið hefur síðustu árin, en ekki er spáð fyrir um sérstaka aukningu sem gæti orðið vegna nýrra íbúðahverfa. Gert er ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna stækkunar á húsnæði skólanna og að rekstur hefjist í tveimur nýjum skólum haustið 2005 þ.e. í Norðlingaholti og í austurhluta Grafarholtshverfis. Þá er gert ráð fyrir kostnaði vegna fjölgunar skólaeldhúsa og fjölgunar nemenda í skólahljómsveitir borgarinnar.

Tafla 3.6

Þriggja ára fjárhagsspá (í millj. kr.)

	Reikningur 2002	Endurskoðuð áætlun 2003	Fjárhags- áætlun 2004	Þriggja ára áætlun		
				2005	2006	2007
Rekstur	7.768	10.051	10.420	10.450	10.448	10.513
Búnaður	353	145	117	117	117	117
Stofnstyrkir	18	0	20	0	0	0

Heildarframlög til fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar

Til að gefa skýrari mynd af heildarfjárframlögum Reykjavíkurborgar til skólamála er í töflu 3.7 yfirlit yfir fjárhagsramma fræðslumála auk framlaga vegna viðhalds og stofnkostnaðar á vegum Fasteignastofu. Rétt er að hafa í huga að inni í fjárhagsramma fræðslumála eru um 1,7 milljarður króna vegna innri leigu, en það eru tekjur Fasteignastofu vegna leigu á húsnæði skólanna og annars húsnæðis sem notað er af málaflokknum. Ekki er rétt að leggja saman innri leiguna og framlög frá Fasteignastofu og er því ekki sýnd heildar samtala í töflunni, en hún gæfi villandi mynd.

Tafla 3.7

Heildarframlög til skólamála á vegum Reykjavíkurborgar árið 2004 (í þús. kr.)

Fjárhagsrammi fræðslumála ⁷⁾	10.557.072
Viðhald fasteigna og lóða	320.000
Stofnkostnaður/byggingar	
- framlög borgarsjóðs	1.464.000
- framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	60.000
	1.524.000

7) Sálfræðipjónusta við grunnskóla í Grafarvogi er á vegum Miðgarðs og er því ekki inni í þeim tölum sem hér eru birtar. Sama gildir um kennsluráðgjöf og sálfræðipjónustu við grunnsk. í Vesturbæ sem er á vegum Vesturgarðs.

10 ára sýn

Eftirlit með skólum borgarinnar eykst með auknu sjálfstæði þeirra. Það fer fram með margvíslegum hætti, s.s. í gegnum skóladagatöl, skólanámskrár/starfsáætlanir (þar með taldar símenntunaráætlanir og sjálfsmatsáætlanir), rekstraráætlanir og kostnaðar-
eftirlit. Auk þess fer fram margs konar gagnaöflun um skólastarfið og húsnæði. Lykiltölur liggja fyrir um helstu þætti og samhæft árangursmat (sjá skorkort á bls. 36) notað til að fylgjast með framvindu skólastarfs. Foreldraráð hafa ákveðið eftirlit með höndum, gefa umsögn um stefnumörkun og fylgjast með ákvarðanatöku.

4. Mat á árangri - eftirlit

Mat á skólastarfi og eftirlit með því fer fram með ýmsum hætti og koma þar að margir aðilar. Í þessum kafla er greint frá helstu þáttum sem skoðaðir eru. Þar má nefna eftirfarandi:

- Samhæft árangursmat (Balanced Scorecard)
- Mat á áætlunum
- Þjónustukannanir, aðrar kannanir og próf
- Öflun upplýsinga um einstaka þætti og lykiltölur
- Eftirlit með tölvukerfum
- Eftirlit með innkaupum
- Sjálfsmat skóla
- Eftirlits- og umsagnarhlutverk foreldraráða skólanna

a) Samhæft árangursmat (Balanced Scorecard)

Samhæft árangursmat hjálpar til við að greina stefnu fyrirtækja og stofnana og setja hana fram á mælanlegan hátt. Því er ætlað að miðla stefnunni til starfsmanna og fá til baka upplýsingar um hvernig framkvæmd hennar miðar svo að taka megí ákvarðanir byggðar á upplýsingunum. Helstu verkfæri Samhæfðs árangursmats eru stefnukort (bls. 8) og skorkort (bls. 36).

Í stefnukorti kemur fram leiðarljós eða framtíðarsýn ásamt nokkrum þeim þáttum sem þykja lýsa best stefnu málaflöksins og stuðla að framgangi stefnunnar. Velgengnisþættirnir (eða markmiðin) eru skilgreindir fyrir hverja vídd kortsins, en víddirnar hjá Reykjavíkurborg eru þjónustu-, fjármála-, verklags- og starfsmannavídd. Reynt er að tengja þættina saman í orsakasamhengi og setja þá fram sem nokkurs konar tilgátu. Þannig er gert ráð fyrir að einn þáttur hafi áhrif á annan, t.d. eru taldar líkur á því að til að efla menntun og þroska nemenda þá sé mikilvægt m.a. að stuðla að góðri líðan þeirra og leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám.

Skorkortið grundvallast á stefnukortinu, en í því eru skilgreindir árangursmælikvarðar sem þykja lýsandi fyrir velgengnisþætti stefnukortsins og gefa til kynna frammistöðu miðað við skilgreind markmið. Skoðaðir eru þeir þættir sem stjórnendur geta haft áhrif á og þykja stuðla að velgengni starfseminnar í samræmi við markaða stefnu.

Borgarráð samþykkti aðra útgáfu heildarstefnukorts Reykjavíkurborgar á fundi sínum hinn 29. apríl 2003. Með samþykkt sinni hafa borgaryfirvöld staðfest að heildarstefnukortið endurspeglar lykiláherslur í markaðari stefnu borgarinnar. Heildarstefnukortið liggur til grundvallar stefnukortum einstakra málaflökka, sviða og starfsstaða við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2004 og það er stjórnenda að tryggja að stefnukort þeirra starfseininga sé í samræmi við heildarstefnukort borgarinnar og starfsemi á viðkomandi stað.

- Á árinu stefnir Fræðslumiðstöð að því að styðja nokkra skóla til að setja stefnu sína fram í stefnukorti og gera skorkort á grunni þess til að fylgjast með framvindunni.

b) Mat á áætlunum

- Árleg yfirferð samkvæmt gátlista yfir skóladagatöl næsta skólaárs.
- Yfirferð yfir skólanámskrár/starfsáætlanir, þar með taldar símenntunaráætlanir, sjálfsmats-áætlanir og forvarnaráætlanir á um þriggja ára fresti samkvæmt gátlistum (oftar þær sem ekki eru fullnægjandi). Leiðbeinignar um úrbætur fylgja niðurstöðum yfirferðar, ef við á.
- Árleg yfirferð rekstraráætlana í byrjun árs. Reglubundið kostnaðareftirlit allt árið.
- Eftirlit með framkvæmd kjarasamninga gegnum vinnuskýrslur o.fl.

c) Þjónustukannanir, aðrar kannanir og próf

Þjónustukannanir eru gerðar annað hvert ár um viðhorf og mat foreldra á skólastarfi, um viðhorf og líðan nemenda og um líðan og viðhorf starfsmanna (ytra mat). Niðurstöður eru gefnar út í yfirlitsskýrslu og skýrslum um einstaka skóla. Skólar nýta sér þessar upplýsingar í sjálfsmati skóla ásamt öðrum gögnum.*

- Á árinu 2004 verður vinnustaðagreining lögð fyrir alla starfsmenn skólanna og Fræðslumiðstöðvar og könnun gerð meðal foreldra um viðhorf til skólastarfsins.
- Dregnar verða saman niðurstöður úr nokkrum könnunum fyrir einstaka skóla.

* Gert er ráð fyrir að aðgerða- eða framkvæmdaáætlun sé hluti af sjálfsmatsskýrslu hvers skóla.

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

- Lesskilningur nemenda í 2. bekk metinn árlega með lesskimun og staða nemenda í stærðfræði í 3. bekk metin með skimun (Talnalykill). Niðurstöður gefnar út í yfirlitsskýrslu og skýrslum um einstaka skóla.
- Unnið reglulega úr niðurstöðum úr samræmdum prófum, t.d. um námsframvindu frá 4. bekk til 7. og 10. bekkjar.
- Gerð verður könnun á nýtingu tölvu- og upplýsingatækni í almennri kennslu fyrri hluta árs 2004.
- Síðari hluta árs 2004 verður gerð rannsókn á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og framkvæmd sérkennslustefnu.
- Gerð verður rannsókn á framkvæmd námsráðgjafar í grunnskólum.

d) Öflun upplýsinga um einstaka þætti og lykiltölur

Skólastjórar færa reglulega inn í gagnagrunn upplýsingar um ýmsa þætti skólastarfsins. Niðurstöður birtar m.a. í ársskýrslu fræðslumála, lykiltölum sem kynntar eru í starfsáætlun hvers árs og auk þess nýttar í reglubundna upplýsingamiðlun til fræðsluráðs.

e) Eftirlit með tölvukerfum

- Settar verða reglur um það hvernig umgangast skuli tölvubúnað grunnskólanna með það að meginmarkmiði að skapa umhverfi sem hvetur til réttar og öruggar notkunar á upplýsingatækni.
- Í framhaldi af því verður stofnaður starfshópur til að móta reglur um eftirlit með notkun tölvukerfisins, þ.e. tölvupósts, Internets o.fl.

f) Eftirlit með innkaupum

Reglubundið eftirlit með því að innkaup skólanna séu í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

- Á árinu verði innkaupareglur kynntar með markvissum hætti.

g) Sjálfsmat skóla

Skólar viðhafa reglubundið sjálfsmat sem felst í að afla með skipulegum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru loks teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaáætlun þar um.

Á árinu er gert ráð fyrir að allir skólarnir verði komnir með sjálfsmatsáætlun og stór hluti þeirra búinn að gefa út skýrslu um mat á starfi skólans sem fylgi aðgerðaáætlun um þætti sem þarf að bæta. Í þessari vinnu nýta skólar sér niðurstöður þjónustukannana, kannana á eigin vegum og ýmiss konar gögn sem fyrir liggja í skólunum.

Menntamálaráðuneytið metur sjálfsmatsaðferðir skóla á 5 ára fresti og hafði í lok árs 2003 þegar metið sjálfsmatsaðferðir nær allra skóla í Reykjavík.

h) Eftirlits- og umsagnarhlutverk foreldraráða skólanna

- Á árinu verði skólarnir studdir við að efla foreldraráðin í eftirlits- og umsagnarhlutverki með starfsemi skóla, sbr. lög um grunnskóla og viðmiðunarreglur Reykjavíkurborgar.

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004

Skorkort fræðslumála í Reykjavík 2004

	Raun 2002	Raun 2003	Markmið 2004	ATH.
Þjónusta				
Stuðla að góðri liðan nemenda				
Hlutfall nemenda sem liður vel í skólastofunni		73,1%	80,0%	1)
Hlutfall nemenda sem liður vel í frímínútum		82,8%	90,0%	1)
Hlutfall nemenda sem hefur ekki orðið fyrir einelti		89,5%	95,0%	1) 2)
Efla menntun og þroska nemenda				
Hlutfall nemenda sem geta lesið sér til gagns við lok annars bekkjar	67,0%	63,0%	65,0%	
Hlutfall skóla (eða nemenda) yfir landsmeðaltali á samræmdum prófum í íslensku	68,2%	59,0%	60,0%	
Hlutfall skóla (nemenda) yfir landsmeðaltali á samræmdum prófum í stærðfræði	54,5%	63,6%	60,0%	
Hlutfall nemenda sem sýnir framfarir í ísl. og stæ. milli 4., 7. og 10. bekkjar				3)
Stuðla að ánægju foreldra með skólann sinn				
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með þjónustu skólans síns	83,7%		90,0%	
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna skólans	90,1%		95,0%	4)
Efla skóla án aðgreiningar				
Hlutfall nemenda í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum	1,3%	1,3%	1,3%	
Hlutfall skóla með ráðgjafateymi/lausnateymi		79,4%	100,0%	
Stuðla að öruggu og heilnæmu umhverfi				
Hlutfall nemenda í 10. bekk sem ekki reykir	84,0%		90,0%	5)
Fjöldi skóla sem hefur umhverfisstefnu		44,7%	60,0%	6)

Fjármál				
Tryggja góða og hagkvæma nýtingu fjármuna				
Frávik frá fjárhagsáætlun	-1,8%	0,8%	<1,5%	7)
Frávik frá fjárhagsáætlun að teknu tilliti til afgangss eða halla fyrri ára		-2,6%	< 1,0%	7)
Hlutfall starfseininga sem standast fjárhagsáætlun		60,0%	80,0%	8)

Verklag				
Leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda				
Hlutfall nemenda með einstaklingsáætlanir			10,0%	9)
Hlutfall skóla með einstaklingsáætlun í einhverjum greinum		8,8%	15,0%	
Upplýsingar um skólamál séu aðgengilegar				
Hlutfall skóla með skilgreind aðgengileg gæðaviðmið				
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með upplýsingagjöf	74,9%		90,0%	10)
Fjöldi reglna um þjónustupætti á heimasíðum				11)
Efla samráð við foreldra í stefnumótun og ákvarðanatöku				
Hlutfall foreldraráða sem fara yfir rekstraráætlanir skóla		67,7%	100,0%	
Tryggja skýrar og skilvirkar kæru- og ábendingaleiðir				
Hlutfall starfseininga með skýra ferla um kæru- og ábendingaleiðir				

Mannauður				
Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi og starfsánægju				
Hlutfall ánægðra með starf sitt	86,3%		90,0%	
Hlutfall ánægðra með vinnuaðstöðu	61,8%		75,0%	
Starfsmannavelta				
Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi				
Hlutfall kennara sem hefur samvinnu um umsjónarhópa			10,0%	
Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu við starfsmenn góða	59,6%		80,0%	
Ráða hæfa starfsmenn				
Hlutfall kennara með réttindi	91,1%	93,0%	95,0%	
Efla þekkingu, nýsköpun og frumkvæði				
Hlutfall starfsmanna sem telur starfshæfni sína vel nýtta	88,1%		90,0%	
Hlutfall starfsmanna sem tekur þátt í árlegri símenntunaráætlun	71,7%		85,0%	
Hlutfall starfsmanna sem hefur farið á námskeið um einstaklingsmiðað nám á síðustu tveimur árum			50,0%	

Sjá skilgreiningar í fylgiskjali 36

Skýringar:				
1)	Nemendur í 5.-7. bekk.			
2)	Hlutfall nemenda sem var sjaldan eða aldrei strítt af nokkrir krökkum.			
3)	Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir en áform eru uppi um að hafa þær í skorkorti fræðslumála.			
4)	Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með viðmót umsjónarkennara.			
5)	Hlutfall nemenda sem ekki reykja daglega.			
6)	Almennir skólar og sérskólar.			
7)	Jákvæð tala merkir að rekstur hafi verið umfram fjárhagsáætlun.			
8)	Þeir sem fara minna en 1,5% yfir fjárhagsáætlun að teknu tilliti til afgangss eða halla fyrri ára.			
9)	Einstaklingsáætlanir þurfa að vera unnar í samvinnu nemenda, kennara og foreldra.			
10)	Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með upplýsingagjöf varðandi námslega stöðu barns.			
11)	Svo sem réttur til talkennslu, réttur á niðurgreiddum mat, hvenær má vísa barni úr skóla o.s.frv.			

5. Tölfræðilegar upplýsingar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir helstu lykiltölum málaflokksins sem fjárhagsáætlun byggir að mestu á. Gerð er grein fyrir fjölda nemenda í grunnskólum Reykjavíkur og þróun nemendafjölda þar sem hann er grunnur að fjárhagsáætlun málaflokksins og áætlunum um skólabyggingar. Þá er fjallað um fjölda kennara og annarra starfsmanna og helstu breytingar sem búist er við á næstu árum. Einnig er gerð grein fyrir húsnæði grunnskólanna. Því nemendamiðaðri sem fjárhagsáætlun verður, því mikilvægari eru tölfræðilegar upplýsingar af þessu tagi. Í lok kaflans er að finna lykiltölur er tengjast þeim fimm meginmarkmiðum um grunnskólann sem lýst er í þessari áætlun.

Helstu lykiltölur málaflokksins

Í töflu 5.1 er yfirlit yfir helstu lykiltölur sem fjárhagsáætlun byggir á, þ.e. upplýsingar um umfang starfsins.

Tafla 5.1

Lykiltölur um fjölda skóla, nemendafjölda, starfsmenn, kennslumagn, húsnæði o.fl. 2000-2004.

	2000	2001	2002	2003	SPÁ 2004
FJÖLDI SKÓLA	42	45	45	43	42
almennir grunnskólar	32	34	34	34	34
sérskólar	5	6	6	4	3
einkaskólar	5	5	5	5	5
FJÖLDI EINSETINNA SKÓLA	36	41	45	43	42
almennir grunnskólar	26	30	34	34	34
sérskólar	5	6	6	4	3
einkaskólar	5	5	5	5	5
FJÖLDI NEMENDA	15.310	15.493	15.614	15.551	15.643⁸⁾
almennir grunnskólar	14.459	14.707	14.893	14.870	14.962
sérskólar	193	193	185	160	160
einkaskólar	658	593	536	521	521
FJÖLDI 6 ÁRA NEMENDA	1.611	1.535	1.551	1.453	1.515
almennir grunnskólar	1.486	1.425	1.460	1.385	1.450
sérskólar	8	18	9	3	5
einkaskólar	117	92	82	62	60
HLUTFALL NEMENDA AF ÍBÚUM Í REYKJAVÍK	13,9%	13,9%	13,9%	13,7%	13,7%
almennir grunnskólar	13,2%	13,2%	13,2%	13,1%	13,1%
sérskólar	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%
einkaskólar	0,6%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
FJÖLDI KENNARA Á LAUNUM HJÁ REYKJAVÍKURBORG⁹⁾	1.388	1.496	1.504	1.504	1.513
almennir grunnskólar	1.285	1.393	1.415	1.417	1.426
sérskólar	94	95	89	87	87
einkaskólar ¹⁰⁾	9	8	5	5	5
FJÖLDI ANNARRA STARFSMANNA¹¹⁾	618	696	714	736	740
almennir grunnskólar	577	625	655	689	693
sérskólar	41	71	59	47	47
HLUTFALL KENNARA Í FULLU STARFI	83%	81%	78%	78%	78%
almennir grunnskólar	83%	81%	77%	78%	78%
sérskólar	88%	84%	91%	82%	82%

8) Sjá fylgiskjal 6b (fimm ára nemendur og eldri nemendur í sérskólum taldir með).

9) Kennarar í launalausum leyfi ekki meðtaldir.

10) Hluti kennara í Skóla Ísaks Jónssonar er á launaskrá hjá Reykjavíkurborg.

11) Starfsfólk sem sinnir ræstingu í uppmælingu er hér ekki talið með.

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

	2000	2001	2002	2003	SPÁ 2004
HLUTFALL LEIÐBEINENDA AF FJÖLDA KENNARA	8,1%	8,7%	8,9%	7,0%	7,0%
FJÖLDI NEMENDA Á STÖÐUGILDI KENNARA	11,6	11,0	10,8	10,8	10,8
almennir grunnskólar	12,3	11,6	11,4	11,4	11,4
sérskólar	2,2	2,2	2,1	2,0	2,0
FJÖLDI NEMENDA Á STÖÐUG. ANNARRA STARFSMANNA	30,3	28,1	25,4	24,1	23,9
almennir grunnskólar	32,3	29,5	27,4	25,5	25,3
sérskólar	5,5	4,0	3,8	3,6	3,6
FJÖLDI KENNSLUSTUNDA Á VIKU					
almennir grunnskólar	26.026	27.076	27.811	27.444	27.758
FJÖLDI SÉRKENNSLU-STUNDA Á VIKU					
almennir grunnskólar	3.519	3.770	5.000 ¹²⁾	5.400	5.600
FJÖLDI NEMENDA Í SÉRDEILDUM					
almennir grunnskólar ¹³⁾	202	211	200	52 ¹⁴⁾	60
FJÖLDI NEMENDA MEÐ ALMENNA SÉRKENNSLU					
almennir grunnskólar	2.150	2.268	-	2.700 ¹⁵⁾	2.800
FJÖLDI TILVÍSANA TIL SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTU					
almennir grunnskólar	681	656	554 ¹⁶⁾	570	570
FJÖLDI NEMENDA Í 1.-4. BEKK Í SKÓLADAGVIST/FRÍSTUNDAH.	2.747	2.457	2.144	1.972	1.885
almennir grunnskólar	2.519	2.424	2.106	1.938	1.850
sérskólar ¹⁷⁾	38	33	38	34	35
einkaskólar	190	-	-	-	-
FJÖLDI DVALARSTUNDA Í SKÓLADAGVIST Á VIKU¹⁸⁾	28.614	27.732	16.758	12.350	11.805
almennir grunnskólar	27.557	26.558	15.546	11.835	11.298
sérskólar	1.057	1.174	1.212	515	507
HEILDARSTÆRÐ HÚSNÆÐIS Í FERMETRUM¹⁹⁾					
almennir grunnskólar	152.296	157.266	168.885	172.833	173.183

12) Áætlað eftir nýjum úthlutunarreglum samkvæmt sérkennslustefnu.

13) Sjá fylgiskjal 16 um fjölda nemenda í sérhæfðum sérdeildum og móttökudeildum nýbúa.

14) Fjöldi í sérhæfðum sérdeildum þar sem almennar sérdeildir hafa verið lagðar niður.

15) Fjöldi nemenda að vori 2003 í sérkennslu.

16) Vesturgarður tók til starfa.

17) Í skóladagvist Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla eru til viðbótar 20 börn úr 5.-10. bekk.

18) Upplýsingar vantar um fjölda dvalarstunda í frístundaheimilum ÍTR.


19) Brúttótölur. Því ekki sambærilegar við fylgiskjal 20.

Þróun nemendafjölda

Í fyrsta skipti síðan 1992 fækkar nú nemendum í grunnskólum Reykjavíkur. Stöðug fjölgun hefur verið frá hausti 1992 en þá hafði nemendum fækkað lítillega frá 1988. Fjölgun var nokkuð ör frá 1997 til 2002 en á því tímabili fjölgaði nemendum um rúmlega 900. Nemendur eru nú 15.429 ef frá eru taldir fimm ára nemendur og nemendur Safamýrarskóla á framhaldsskólaaldri. Lítilar breytingar er að vænta á nemendafjölda næstu árin en þó má gera ráð fyrir lítilsháttar fjölgun skólaárið 2004-2005 og síðan örlitilli fækkun (sjá fylgiskjöl 3, 4, 5, 6a og 6b).

Mynd.5.1

Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 1991-2008²⁰⁾



Spá fyrir einstök ár er birt í töflu 5.2 en þar er sýnt hversu mikilli fjölgun má búast við í grunnskólum Reykjavíkur næstu fimm árin (fimm ára nemendur eru ekki taldir með). Í þessari töflu er sýnt hversu mikilli fækkun eða fjölgun má búast við þegar miðað er við að 87%, 88,5% og 90% af fæddum börnum í Reykjavík skili sér þar í skóla.

20) Til grundvallar spánni á mynd 5.1 eru annars vegar lagðar tölur um fjölda fæddra barna í Reykjavík árin 1969-2002 og hins vegar fjölda barna 6-15 ára í skólum borgarinnar árin 1991-2002 (sérskólar eru taldir með frá 1999). Á tímabilinu 1991-2003 er breytilegt hversu stórt hlutfall af fæðingarárgöngum er í skólunum á hverjum tíma eða allt frá 84-98%. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi frá 1996 og er því miðað við að 88,5% af fæðingarárgöngum séu í skólunum. Nú í haust eru 88% af fjölda fæddra barna í Reykjavík árin 1988-1997 í grunnskólum Reykjavíkur.

Tafla 5.2

Væntanlegur nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2004-2008²¹⁾

SKÓLAÁR	2004- 2005	2005- 2006	2006- 2007	2007- 2008	2008- 2009
Fjölgun/fækkun miðað við 87% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk)	-196	-98	21	-34	-200
Nemendafjöldi miðað við 87% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk)	15.233	15.135	15.156	15.122	14.922
Fjölgun/fækkun miðað við 88,5% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk)	67	-100	21	-34	-204
Nemendafjöldi miðað við 88,5% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk)	15.496	15.396	15.417	15.383	15.179
Fjölgun/fækkun miðað við 90% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk)	330	-102	21	-35	-207
Nemendafjöldi miðað við 90% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk)	15.759	15.657	15.678	15.643	15.436

Í fylgiskjöllum 6a og 6b má sjá fjölda barna með lögheimili í einstökum skólahverfum og áætlaðan fjölda nemenda í einstökum skólum næstu fimm árin. Í spánni í fylgiskjali 6b er gert ráð fyrir að nemendur haustið 2004 verði um 15.500 (sbr. 88,5% skil í töflu 5.2)

Fjöldi starfsfólks í grunnskólum

Haustið 2003 störfuðu 1.504 kennarar, leiðbeinendur, námsráðgjafar, bókasafnsfræðingar og stjórnendur við grunnskóla Reykjavíkur í um 1.388 stöðugildum. Fjöldi stjórnenda er nokkuð meiri en í fyrra og er fjöldi þeirra ásamt deildarstjórum 176 í um 170 stöðugildum. Lítilsháttar fækkun var á fjölda stöðugilda á milli ára en stjórnendum hefur samt sem áður fjölgað um 10 (13 einstaklingar) en rétt er þó að taka fram að stjórnendur sinna jafnframt kennslu í samræmi við kjarasamninga. Tæplega 11 nemendur er á hvert stöðugildi kennara í grunnskólum Reykjavíkur, í almennum grunnskólum eru 11,3 nemendur á kennara en tæplega tveir í sérskólum (skólastjórnendur eru einnig inni í þessari tölu - sjá fylgiskjöl 11 og 14).

Haustið 2003 störfuðu um 740 aðrir starfsmenn við grunnskóla Reykjavíkur, s.s. skólaliðar, stuðningsfulltrúar, þroskajálfar, leikskólakennarar, umsjónarmenn skólahúsnæðis, skrifstofufólk, matráðar, tölvuumsjónarmenn og aðrir starfsmenn í tæplega 630 stöðugildum (sjá fylgiskjöl 12, 13 og 15). Stöðugildum þessara starfsmann hefur fjölgað um 30 á milli ára, m.a. vegna fjölgunar mötuneyta. Auk þess starfa rúmlega 150 við ræstingu í grunnskólum borgarinnar en voru 123 á síðasta skólaári.

Húsnæði grunnskóla

Heildarstærð almennu grunnskólanna 34 er rúmlega 150 þúsund fermetrar (færanleg kennslurými ekki meðtalin). Í þessum skólum eru nú 738 almennar kennslustofur. Samtals eru skólastofur 1.032, að sérgreinastofum og færanlegum stofum meðtöldum. Færanlegar skólastofur eru 96, alls rúmlega 7 þúsund fermetrar og sérgreinastofu eru 294 talsins. Áætlaður fjöldi bekkjardeilda haustið 2004 er 721 (sjá fylgiskjal 20).

21) Hér eru reiknuð hlutfallsleg skil allra nemenda í 1.-10. bekk en ekki eingöngu 1. bekkjar eins og gert hefur verið í fyrri starfsáætlunum. Þetta er gert vegna þess að töluverðar sveiflur eru á nemendafjölda milli ára í öllum árgöngum.

Lykiltölur um meginmarkmið um grunnskóla

Hér verður gerð grein fyrir lykiltölum sem tengjast þeim fimm meginmarkmið sem sett hafa verið um grunnskólana í Reykjavík, þ.e. einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, skóla án aðgreiningar, sjálfsmynd nemenda, náin tengsl við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla og jafnræði í umgjörð skólastarfsins.

Í töflu 5.3 má sjá lykiltölur um kennsluhætti sem taka mið af einstaklingsmiðuðu námi, s.s. um skimunarpróf til að greina stöðu nemenda, nýtingu tölvutækni og þjónustu við nýja nemendur og nemendur sem koma erlendis frá. Hér sést einnig hversu hratt hefur miða á undanförunum árum í gerð símenntunaráætlana en þær eru grunnur að breytingum á kennsluháttum í skólunum.

Tafla 5.3

Nokkrar lykiltölur um kennsluhætti 2000-2004

HAUST	2000	2001	2002	2003	Spá 2004
Hlutfall nemenda sem standast aldursbundið viðmið um árangur í skimunarprófi í lestri við lok 2. bekkjar			67%	63%	65%
Hlutfall nemenda sem standast aldursbundið viðmið um árangur í skimunarprófi í lestri við lok 3. bekkjar		83%	-	-	-
Hlutfall skóla sem greina 6 ára nemendur með hreyfi- og þroskaprófum	96%	96%	100%	100%	100%
Hlutfall skóla með áætlun um móttöku nýrra nemenda	35%	65%	71%	79%	90%
Hlutfall skóla með símenntunaráætlun sem tekur mið af stefnu Reykjavíkurborgar og skólans		15%	71%	94%	100%
Hlutfall kennara sem hafa virkt netfang hjá Íslenska menntanetinu (notað sl. þrjá mánuði)	75%	84%	74%	85%	90%
Hlutfall skóla með teymi um þjónustu við nemendur með íslensku sem annað tungumál ²²⁾	0%	18%	38%	35%	50%
Hlutfall skóla með stefnu um fjölmenningskennslu í skólanámskrá	3%	18%	18%	24%	30%

(Sjá einnig skorkort í 4. kafla)

Tafla 5.4 lýsir hvernig miðað hefur við að koma stefnu fræsluráðs um sérkennslu í framkvæmd. Segja má að meginþættir stefnunnar séu komnir í framkvæmd við lok ársins 2003.

Tafla 5.4

Nokkrar lykiltölur um sérkennslu og viðbrögð við sértækum vanda 2000-2004

HAUST	2000	2001	2002	2003	Spá 2004
Skólar með stefnumörkun í sérkennslu í skólanámskrá	69%	82%	88%	94%	95%
Skólar með stjórnanda í sérkennslu sem veitir ráðgjöf		94%	88%	94%	90%
Skólar með áfallateymi	66%	94%	91%	91%	95%
Skólar með forvarnar-/vímuevarnaráætlun í skólanámskrá			-	62%	80%
Skólar með áætlun um viðbrögð við einelti í skólanámskrá	34%	72%	80%	82%	100%

(Sjá einnig skorkort í 4. kafla)

22) Í sumum skólum eru það fáir nemendur í þessum hópi að ekki þykir tímabært að hafa sérstakt teymi þar um.

Í töflu 5.5 eru tölur um sjálfsmynd nemenda og félagsfærni sem byggja á niðurstöðum kannana, hlutfall skóla sem halda námskeið fyrir foreldra og eru með sérstök verkefni sem lúta að því að efla tilfinningaþroska nemenda. Í könnunum á liðan nemenda kemur fram að um 10% fleiri nemendur segjast líða vel í 5.-10. bekk árið 2003 heldur en árið 2001. Þrátt fyrir að fleiri nemendum líði vel, er aðeins um 1% færri nemendur sem líður illa á árunum 2001-2003 en 5% nemenda í 5.-7. bekk og 12% nemenda í 8.-10. bekk sögðust líða illa í könnuninni frá 2003. Haustið 2003 voru um 41% skóla með verkefnið „Stig af stigi“ sem lýtur að því að efla félags og tilfinningaþroska nemenda, tæplega 30% skóla taka þátt í „Olweus“ sem er átak gegn einelti og um 20% skóla eru með verkefnið „Vinátta“ þar sem háskólanemendur eiga vikulegar samverustundir með ákveðnum nemendum (sjá fylgiskjal 19).

Tafla 5.5

Nokkrar lykiltölur um sjálfsmynd nemenda og félagsfærni 2000-2004

HAUST	2000	2001	2002	2003	Spá 2004
Hlutfall nemenda í 5.-7. bekk sem segjast líða oft eða mjög oft vel í kennslustundum	-	64%	-	73%	75%
Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem segjast líða oft eða mjög oft vel í kennslustundum	-	59%	-	69%	73%
Fjöld nemenda í 10. bekk í Reykjavíka sem hafa orðið ölvaðir á síðustu 30 dögum	32%	33%	28%	-	-
Hlutfall skóla með verkefnið „Stig af stigi“ sem lýtur að því að efla félags- og tilfinningaþroska nemenda*	-	-	-	41%	50%

(Sjá einnig skorkort í 4. kafla)

* Sjá lista yfir verkefni af svipuðum toga í fylgiskjali 19.

Í töflu 5.6 eru tölur yfir ákveðna þætti í skólastarfi er varða tengsl skóla við foreldra og upplýsingagjöf til þeirra. Einnig eru í töflunni upplýsingar um þróun samstarfs við leikskóla. Báðir þessir þætti hafa þróast hratt á undanförunum árum, upplýsingamiðlun til foreldra hefur tekið stórstígum framförum og samstarf við leikskóla verður væntanlega komið á í öllum skóla með yngri barna stig á árinu.

Tafla 5.6

Nokkrar lykiltölur um náin tengsl skóla og grenndarsamfélags 2000-2004

HAUST	2000	2001	2002	2003	Spá 2004
Hlutfall skóla sem halda námskeið fyrir foreldra 6 ára nemenda	-	-	81%	87%	100%
Hlutfall skóla sem halda námskeið fyrir foreldra nemenda á unglingastigi	-	-	40%	40%	50%
Hlutfall skóla sem gefa út skólahandbók	-	82%	100%	88%	100%
Hlutfall skóla sem gefa út a.m.k. 3 fréttabréf á ári	-	59%	79%	94%	85%
Hlutfall skóla með virka heimasíðu	70%	70%	100%	100%	100%
Hlutfall skóla með stefnu eða skráðar reglur um foreldrasamstarf í skólanámskrá.	-	52%	71%	67%	100%
Hlutfall skóla í skipulegu samstarfi við leikskóla	34%	72%	80%	82%	100%

(Sjá einnig skorkort í 4. kafla)

Athygli vekur í töflu 5.7 hve hratt hefur miðað við að koma á máltíðum í skólum á síðustu árum eftir að hafst var handa við gerð mótuneytiseldhúsa í skólunum eftir að einsetningu þeirra var lokið. Uppbygging tölvukosts skólanna hefur miðað áfram hægt og sígandi og nálgast óðfluga það markmið tölvustefnunnar frá árinu 2000 að 5 nemendur séu um hverja tölvu. Nú eru nánast allir skólarnir komnir með fullnægjandi skólanámskrár samkvæmt þar til gerðum gátlista og meirihlutinn hefur gert sér skipurit til að auðvelda öllum er málið varðar að átta sig á ábyrgð og boðleiðir innan skólans.

Tafla 5.7

Nokkrar lykiltölur um umgjörð skólastarfsins og stjórnun 2000-2004

HAUST	2000	2001	2002	2003	Spá 2004
Hlutfall skóla þar sem boðið er upp á heitan og kaldan mat í hádegi fyrir nemendur í 1.-4. bekk	-	-	90%	90%	100%
Hlutfall skóla þar sem boðið er upp á heitan og kaldan mat í hádegi fyrir nemendur í 5.-7. bekk	28%	55%	55%	81%	100%
Hlutfall skóla þar sem boðið er upp á heitan og kaldan mat í hádegi fyrir nemendur í 8.-10. bekk	-	-	23%	40%	100%
Hlutfall skóla með skólaliðafyrirkomulag	37%	40%	79%	85%	85%
Hlutfall nemenda í 1.-4. bekk í skóladagvist eða frístundaheimili ITR ²³⁾	41%	41%	36%	34%	32%
Fjöldi nemenda á hverja tölvu ætlaða nemendum	12,3	10,0	8,3	12,7	10,0
Hlutfall skóla með fullnægjandi skólanámskrá	81%	88%	88%	90%	100%

(Sjá einnig skorkort í 4. kafla)

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum

Fylgiskjöl

- 1 - Yfirlit yfir vinnuferli og samráð við gerð starfsáætlunar fræðslumála fyrir árið 2004
- 2 - Yfirlit yfir markmið í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2003
- 3 - Grunnskólar Reykjavíkur. Nemenda- og deildafjöldi skólaárið 2003-2004
- 4 - Nemendafjöldi í almennum grunnskólum og einkaskólum í Reykjavík 1970-2003
- 5 - Fjöldi fæddra Reykvíkinga 1911-2002
- 6a - Fjöldi barna á skólaaldri árin 2003-2008 með lögheimili í einstökum skólahverfum, m.v. þjóðskrá í september 2003
- 6b - Áætlaður fjöldi barna í almennum grunnskólum í Reykjavík árin 2003-2008
- 7 - Fjöldi nemenda með lögheimili í skólahverfum og upplýsingar um hvar þeir eru í skóla haustið 2003
- 8 - Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild eða umsjónarhópi 1960-2003. Fjöldi bekkjardeilda eftir fjölda nemenda í bekk haustið 2003
- 9a - Nemendafjöldi í skóladagvist/frístundaheimili á haustönn 2003
- 9b - Samanburður á hlutfalli barna í 1.-4. bekk í skóladagvist/frístundaheimili 2000-2003
- 9c - Hlutfall barna í skóladagvist/frístundaheimili haustið 2003
- 10 - Nemendafjöldi í heimanámsaðstoð á haustönn 2003
- 11 - Starfsfólk í grunnskólum Reykjavíkur haust 2003, tafla 1. Skólastjórnendur, deildarstjórar, kennarar, leiðbeinendur, námsráðgjafar, bókasafnsfræðingar
- 12 - Starfsfólk í grunnskólum Reykjavíkur haust 2003, tafla 2. Starfsmenn skóla, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn, stuðningsfulltrúar, kaffiumsjón, leikskólakennarar, þroskaþjálfar og aðrir starfsmenn
- 13 - Heildarfjöldi stöðugilda kennara og annarra starfsmanna eftir skólum haust 2003
- 14 - Fjöldi nemenda á stöðugildi kennara eftir skólum haust 2003
- 15 - Fjöldi nemenda á stöðugildi annarra starfsmanna en kennara eftir skólum haust 2003
- 16 - Fjöldi nemenda í sérhæfðum sérdeildum og móttökudeildum nemenda með íslensku sem annað tungumál í október 2003, skipt eftir árgöngum
- 17 - Fjöldi nemenda með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir skólum og algengasta þjóðerni haust 2003
- 18 - Tilvísanir til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur skólaárið 2002-2003, fjöldi, kyn og aldur
- 19 - Verkefni sem lúta að því að auka félags- og tilfinningaþroska barna skólaárið 2003-2004
- 20 - Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur haustið 2003
- 21 - Yfirlit yfir fjölda tölva í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2003
- 22 - Móðurskólar í Reykjavík skólaárið 2003-2004
- 23 - Styrkveitingar úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur 2003. Almennir styrkir fræðsluráðs 2003. Styrkveitingar vegna framhaldsnáms kennara árið 2003
- 24 - Hvatningaverðlaun fræðsluráðs skólaárið 2002-2003
- 25 - Nemendaverðlaun fræðsluráðs skólaárið 2002-2003
- 26 - Námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2003
- 27 - Fjárhagsáætlun vegna búnaðarkaupa 2002, 2003 og 2004
- 28 - Fasteignastofa Reykjavíkur, stofnkostnaður fræðslumála 2004
- 29 - Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum eftir skólum haustið 2003
- 30 - Nemendafjöldi í einkaskólum haustið 2003
- 31 - Tónlistarskólar, nemendafjöldi og fjárframlög 2003
- 32 - Góður skóli - viðmið
- 33 - Umhverfisstefna Fræðslumiðstöðvar
- 34 - Samþykkt fyrir fræðsluráð Reykjavíkur
- 35 - Grunnskólar Reykjavíkur skólaárið 2003-2004
- 36 - Skilgreiningar á velgengisþáttum í stefnukorti/skorkorti fræðslumála í Reykjavík
- 37 - Skilgreiningar á hugtökum

Yfirlit yfir vinnuferli og samráð við gerð starfsáætlunar fræðslumála fyrir árið 2004

Umsjón og ritstjórn: Fræðslustjóri

- Maí og fyrri hluti júní 2003: Undirbúningsvinna á Fræðslumiðstöð - farið yfir framtíðarsýn, markmið til þriggja ára í starfsáætlun 2003 og möguleg skref á árinu 2004 listuð upp. Umræða á sviðum og deildum Fræðslumiðstöðvar.
- 19. júní: Vinnufundur með skólastjórum haldinn í Laugalækjarskóla (heill dagur). Framtíðarsýn og hugmyndir um skref á árinu 2004 (niðurstöður teknar saman og dreift).
- S.h.l. ágúst: Unnin drög að texta.
- 22. ágúst: Áætlun um vinnu kynnt í fræðsluráði.
- Allur september og fram í október: Vikulegir vinnufundir á Fræðslumiðstöð og fundir á sviðum og deildum. Unnið úr tillögum. Texti saminn jafnóðum (á sameign á neti). Fjárhagsáætlun undirbúin. Tölfræðilegar upplýsingar unnar. Unnið við stefnukort og skorkort.
- 18. september: Annar vinnufundur með skólastjórum (hálfur dagur) haldinn í Foldaskóla. Fyrstu drög rædd (niðurstöður teknar saman og dreift).
- 24. september: Framtíðarsýn og meginmarkmið rædd á vinnufundi fræðsluráðs. Fyrstu drög lögð fram.
- 14. október og 24. október: Fundir með stjórnendum Námsflokka og skólahljómsveita um áherslur í starfsáætlun.
- 31. október: Starfsáætlun 2004 (þ.m.t. fjárhagsáætlun) send til fræðsluráðs, skólastjóra, foreldra- og kennararáða til umfjöllunar (í umbroti).
- Lok október: Útdráttur gerður úr starfsáætlun (í greinargerð með fjárhagsáætlun borgarinnar).
- 6. nóvember: Fundur með skólastjórum um starfsáætlun 2004.
- 7. nóvember: Fræðsluráð vísar stafsáætlun 2004 til borgarráðs.
- 11. nóvember: Drög að starfsáætlun fræðslumála fyrir árið 2004 lögð fyrir borgarráð, ásamt útdrætti.
- 14. nóvember: Fundur með stjórn SAMFOKs um starfsáætlun 2004.
- 24., 25., 26. og 28. nóvember: Starfsáætlun rædd á fundum fræðslustjóra og SAMFOKs með foreldraráðum grunnskóla. Athugasemdir sendar fræðslustjóra.
- Fyrri hluti nóvember: Starfsáætlun rædd í skólum og með kennararáðum dagana 26. nóv., 28. nóv., 1. des. og 3. des. Athugasemdir sendar fræðslustjóra.
- 9. desember: Athugasemdir við starfsáætlun 2004 til umræðu í fræðsluráði.
- 18. desember: Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar samþykkt í borgarstjórn.
- Janúar 2004: Starfsáætlun fræðslumála Reykjavíkur 2004 gefin út í endanlegri mynd.
- Janúar 2004: Svarbréf send öllum þeim aðilum sem sent höfðu umsagnir um starfsáætlun, þar sem þakkaðar eru ábendingar og brugðist við tillögum og athugasemdum.

Yfirlit yfir markmið í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2003

Markmið	Ábyrgð	Staða 31. desember 2003
A. Grunnskólar Reykjavíkur		
a) Þróun kennsluhátta – einstaklingsmiðað nám.		
a.1 Haldin ráðstefna í samvinnu Kennarafélags Reykjavíkur, og Skólastjórafélags Reykjavíkur um breytta kennsluhætti. Í tengslum við ráðstefnuna verði sýning á nýjungum í skólasterfi og hvatningarverðlaun veitt.	GGÓ	Ráðstefna haldin 13. febr., sýning í Ráðhúsi 15.-16. febrúar. Verðlaun veitt 16. febrúar.
a.2 Skólar haldi áfram að taka skref í þróun fjölbreyttra einstaklingsmiðaðra kennsluhátta og fái stuðning kennsluráðgjafa á Fræðslumiðstöð.	BS	Kennsluráðgjöf, fræðslufundir og fyrirlestrar ráðgjafa í skólum allt árið.
a.3 Haldin verði námskeið um þetta efni í 8-10 skólum á árinu sem hvert um sig standi yfir í eina önn.	BS	Haldin voru 10 námskeið í grunnskólum borgarinnar á skólaárinu 2002-2003. Á skólaárinu 2003-2004 verða 12 námskeið í jafnmörgum skólum. Fimm þeirra hófust haustið 2003.
a.4 Skólar beiti fjölbreyttu námsmati. Haldnir verði fræðslufundir um fjölbreyttar leiðir í námsmati.	BS	Portfolio (möppumat) í tungumálakennslu kynntar á fræðslufundi. Námsmat tekið markvisst á kennsluháttanámskeiðum.
a.5 Upplýsingakerfi skóla styðji við markmið um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda.	GAJ	Samið hefur verið við Mentor um að þróa kerfiseiningu í Stundvísi sem styður við gerð einstaklingaáætlana. Prófanir eru hafnar í tveimur skólum.
a.6 Á árinu fari af stað móðurskólar í listum og verkgreinum.	GAJ	Hlíða- og Háteigsskóli hafa fengið styrk til að vera móðurskólar.
a.7 Gerðir verði þjónustusamningar um ráðgjöf við nokkra móðurskóla sem starfað hafa í a.m.k. þrjú ár.	GAJ/BS RBL	Frestað til næsta árs.
a.8 Mótaðar verði skýrari viðmiðunarreglur fyrir starfsemi móðurskóla. Kynningarbæklingur gefinn út.	BS/ GAJ	Kynningarbæklingur kominn út.
a.9 Lesskimum fari fram í lok 2. bekkjar í öllum grunnskólum borgarinnar.	BS	Skýrslur gefnar út í ágúst um lesskimun vorið 2003.
a.10 Skimunarpróf í stærðfræði verði lögð fyrir í lok 2. bekkjar. Skólar eru hvattir til að leggja góðan grunn í stærðfræðinámi frá upphafi skólagöngu.	BS	Stofnaður samráðshópur í byrjun október og fyrirlögn undirbúin í 3. bekk í 11 skólum á skólaárinu 2003-2004. Fræðslufundir um stærðfræðikennslu í okt./nóv.
a.11 Skimunarpróf verði lögð fyrir í öllum skólum í upphafi 1. bekkjar, þ.m.t. hreyfiproskapróf og kannanir á hugtakaskilningi og félagsfærni.	HS/ GAJ	Gert í öllum skólum.
a.12 Skólar geri áætlanir vegna þeirra nemenda sem ekki ná viðmiðum á þessum prófum.	HS	Drög í vinnslu til kynningar. Viðmið verða sett á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar.
a.13 Áfram unnið eftir stefnu borgarinnar um nemendur með íslensku sem annað tungumál.	BS	Bæklingar um innritun og móttöku nemenda af erlendum uppruna gefnir út. Upplýsingabæklingur fyrir foreldra nemenda af erlendum uppruna hafa verið gefnir út á 12 tungumálum. Haldnir voru þrír fræðslufundir.
a.14 Fjarnám verði þróað áfram, einkum í ensku og dönsku. Kostur á stöðumati í ensku.	BS	Tilraunakennsla hafin í ensku (16 nemendur) og undirbúningur að dönskunámi. Forsögn að stöðumati í vinnslu í samstarfi við KHÍ.
a.15 Áfram verði unnið að verkefnum í samvinnu við grenndarsamfélagið sem stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og samvinnu nemenda.	BS	Tvö námskeið haldin um útikennslu. Átta samstarfsverkefni á vegum Fræðslumiðstöðvar í gangi sem miða sérstaklega að þessu.
a.16 Niðurstöður könnunarinnar „Börnin í borginni“ notaðar markvisst til að bæta líðan nemenda og vinna gegn vimefnaneyslu.	HS	Allir skólarnir hafa undir höndum niðurstöður úr sínum skóla. Á grunni þeirra geta þeir gert áætlanir sínar.
b) Sérúrræði og sérkennsla		
b.1 Fagleg ráðgjöf frá Fræðslumiðstöð og eftirfylgd með framkvæmd sérkennslustefnunnar.	AM	Fundir í skólum með sérkennurum. Haldnir voru 17 fundir í skólum í Austurbæ, Vesturbæ og Árbæ með öllum kennurum.
b.2 Unnið að innleiðingu á „yfirlýsingu“ um þjónustubörf fatlaðra.	AM	Liggur fyrir.
b.3 Áfram verði leitað leiða til að skýra skil á milli verkefna heilbrigðiskerfis og skólakerfis hvað varðar börn og unglinga með heilbrigðisvandamál.	GPÁ/ AKS	Verið að vinna í þessu varðandi nemendur með geðrænan vanda.
b.4 Í öllum skólum verði skráðir ferlar um aðgerðir innan skóla vegna nemenda í námsvanda og heðgðunarvanda.	AM	Viðmiðunarferill hefur verið gerður af Fræðslumiðstöð. Fræðslufundur áætlaður í jan. 2004.

b.5	7 skólar í Reykjavík taka þátt í átaksverkefni menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga um einelti. Verkefnið hefst í byrjun árs.	AM	Er í fullum gangi. Lýkur vorið 2004. 12 skólar hafa sótt um að bætast við.
b.6	Ákveðinn aðili beri ábyrgð á vímuefnum í hverjum skóla og áhersla lögð á inngríp ef vímuefnaneyslu verður vart.	HS	Óskað eftir forvarnaráætlunum frá skólunum fyrir árslok 2003 í framhaldi af námskeiði í lok sept.
c) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags			
c.1	Heimsíða Fræðslumiðstöðvar verði í stöðugri þróun sem upplýsingamiðill um skólastarf í borginni og markvisst kynnt.	GH	Heimasíðan er í stöðugri þróun með hagnýtum upplýsingum, nýjustu fréttir og fundargerðir fræðsluráðs.
c.2	Allir skólar verði komnir með virka heimasíðu í lok ársins og gefi út 2-3 fréttabréf á ári.	GH/ GAJ	Allir skólar eru með virka heimasíðu. 71% skólanna eru með 2-5 fréttabréf á ári eða meira.
c.3	Áfram verði haldin námskeið á vegum skóla fyrir foreldra 6 ára barna og foreldra barna sem eru að hefja nám á unglingastigi. Búin verði til sameiginlegur matslisti fyrir námskeiðin.	BS	Foreldranámskeið voru haldin í öllum skólum með 1. bekk haustið 2003 (samkvæmt spurningarlista) og í 41.7% skóla með unglingastig.
c.4	Skólar verði hvattir til að gera samstarfssamninga við fyrirtæki, stofnanir og félagssamtök um ákveðin verkefni.	SPB/ BS	Reglur og samningsdrög liggja fyrir. Sett á heimasíðu.
c.5	Samstarfsverkefni metin og haldið áfram með þau sem þykja skila góðum árangri.	BS	Ákveðið að halda öllum verkefnunum áfram.
c.6	Skólar og Fræðslumiðstöð hafi samvinnu um að kanna nýtingu skólahúsnæðis sem félagsmiðstöð hverfis.	GGÓ	Lokið. Farin var kynnisferð til Noregs vegna þessa verkefnis.
c.7	Stofnaður verði vinnuhópur sem móti öryggisviðmið varðandi vettvangsferðir og útikennslu.	GGÓ	Starfshópur í gangi. Svipað verkefni hefur verið unnið í menntamálaráðuneyti.
c.8	Skólar eru hvattir til að nýta lengt skólaár til að tengja námið náttúrunni og útveru almennt.	BS	Tvö námskeið haldin um útikennslu. Verði kannað í spurningalista þróunarsviðs hvað skólar eru að gera í þessum efnum.
d) Sjálfstæði skóla – styrkari stjórnun skóla			
d.1	Skólastjórar í borgarhlutunum auki samvinnu sína um ýmsa þætti starfsins.	GPÁ	Sjá markmið hverfa í starfsáætlun 2004.
d.2	Skólar vinni áfram að gerð sjálfsmatsáætlana sem metnar eru reglulega. Sjálfsmatsskýrslur á 2-3 ára fresti.	GPÁ/ AKS	Eru hluti af skólanámskrá.
d.3	Gerður verði gátlisti til að yfirfara sjálfsmatsáætlanir.	GPÁ/ AKS	Ekki lokið.
d.4	Skólar geri sér áætlun um nýtingu niðurstaðna úr þremur könnunum sem fram fóru á árinu 2001 og 2002, þ.e. um líðan nemenda, líðan starfsmanna og á viðhorfum foreldra.	GPÁ	Tengt sjálfsmatsáætlunum. Verið að vinna samantekt á Fræðslumiðstöð (sjá a. 16).
d.5	Haldið verði málþing um breytt hlutverk skólastjóra í kjölfar aukins sjálfstæðis skóla.	GPÁ/ AKS	Skólastjórafélag Reykjavíkur hélt fund um þetta efni. Málþingi því frestað.
d.6	Skólar skilgreini áfram lykiltölur um skólastarfið (bæði faglegar og fjárhagslegar).	GAJ/ RBL/	Verður unnið í tengslum við skorkort.
d.7	Skólar komi sér upp samhæfðu árangursmati á árinu 2003.	RBL	Unnið skv. áætlun stýrihóps á árinu 2004. Stefnukort og skorkort Fræðslumiðstöðvar kynnt í fræðsluráði 23. sept. sl. Kynnt í starfsáætlun.
d.8	Áhersla lögð á samvinnu borgarhlutanna um framkvæmd símenntunar.	IG	Sjá markmið borgarhluta fyrir árin 2003 og 2004.
d.9	Haustið 2003 fari af stað námskeið með það að markmiði að styrkja skólastjóra sem faglega leiðtoga.	IG	Námskeið hófst í samvinnu við KHÍ í okt. sl. og stendur til hausts 2004. Sambærilegt námskeið verður fyrir aðstoðarskólastjóra.
e) Samræmi í umgjörð skólastarfsins			
e.1	Á árinu verði unnið við mótuneytiseldhús í um 10 skólum (á vegum Fasteignastofu).	GGÓ	Eru komin upp.
e.2	Haustið 2003 verður skóladagur nemenda í 2.-4. bekk lengdur í borgarhluta 4 og ÍTR hefur þar rekstur fristundaheimila fyrir nemendur að skóla loknum.	GPÁ/ JS	Kom til framkvæmda haustið 2003.
e.3	Heimanámsaðstoð á miðstigi.	GAJ	Upplýsingar um fjölda nemenda í heimanámsaðstoð eru í fylgiskjali nr. 10 í starfsáætlun 2004.
e.4	Áfram verði stuðlað að því að tónlistarskólar bjóði upp á forskóla tónlistarskóla sem val eftir skóladag í fleiri grunnskólum en nú er. Boðið verði upp á byrjendakennslu í einhverjum skólum.	AG	Starfandi var nefnd um tónlistaruppeldi. Niðurstöður voru lagðar fyrir fræðsluráð í nóv.
e.5	Tölvur eldri en 5 ára endurnýjaðar.	GAJ	Settar upp í byrjun árs 2004.
e.4	Þróað verði tölvuskírteini fyrir kennara sem segir til um hvaða tókum viðkomandi hefur náð miðað við ákveðin viðmið.	GAJ	Þýðingu á námsefni er að ljúka.
e.5	Í fjórum skólum verði komið upp búnaði til að hlaða og lesa smartkort til að greiða mat.	SPB	Notkun kerfisins er um það bil að hefjast.
e.6	Viðurkenningar verða áfram veittar skólum í átaki til bættrar umgengni.	JS	Lokið.

B. Skólahljómsveitir		
Skólahljómsveitirnar verið áfram kynntar með bæklingi vorið 2003 í öllum skólum í viðkomandi borgarhluta.	AG	Skólahljómsveitir voru kynntar með bæklingi í öllum grunnskólum í 3. og 4. bekk í maí sl.
Hljóðfærakynningar verði í öllum skólum, sem sveitirnar starfa í.	AG	Hljóðfærakynningar voru þar sem möguleiki var að bæta við nemendum.
Tilraun með að taka nemendur sveitanna út úr tímum yfir skóladaginn verði haldið áfram.	AG	Tilraunin gengur vel þar sem skilningur og aðstaða er fyrir hendi og eru þar um 30% nemenda sem eiga kost á þessu fyrirkomulagi og nýta sér það.
Skólahljómsveitirnar taki þátt í Landsmóti skólalúðrasveita í júní 2003.	AG	Á landsmót skólalúðrasveita fóru allar sveitir nema skólahljómsveit Austurbæjar.
Stofnuð verði úrvalssveit úr öllum sveitunum fjórum.	AG	Hefur verið stofnuð og fyrsta verkefni hennar var Vatnasvíta Hándels flutt á ráðstefnu vísindamanna um vatn.
Sveitirnar taki þátt í Degi lúðrasveita í júní.	AG	Sveitirnar tóku allar þátt í Degi lúðrasveitanna.
C. Einkaskólar		
Einkaskólar sendi Fræðslumiðstöð upplýsingar um nemendafjölda og kennarafjölda í september ár hvert.	GAJ	Upplýsingar um nemendafjölda liggja fyrir.
Einkaskólar sendi Fræðslumiðstöð skóladagatöl næsta skólaárs að vori.	GAJ	Skóladagatöl bárust Fræðslumiðstöð í maí.
Einkaskólar sendi Fræðslumiðstöð skólanámskrá að hausti.	BS	Fjórir af fimm einkaskólum sendu inn skólanámskrá vorið 2003.
D. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur		
Gerðar áætlanir í framhaldi af könnun á viðhorfum foreldra til skóla barna sinna frá 2002 og könnun á líðan nemenda.	GAJ	Sjá lið a.16. Verið er að vinna nánar úr þessum könnunum á þróunarsviði.
Áfram þróaðar aðferðir við að skoða niðurstöður samræmdra prófa hvað varðar þróun frá 4. bekk upp í 10. bekk.	GAJ	Verður unnið í samvinnu við Námsmatsstofnun.
Áhersla áfram lögð á ráðgjöf um breytta kennsluhætti. Einnig á ráðgjöf og fræðslu um útikennslu	BS	Sjá lið a.2, a.15 og c.8.
Unnið úr tillögum hóps um notkun skólanetsins, þ.m.t. fjarkennsla, sjónvarp og tónmenntavefur.	GAJ	Hluti af endurskoðun tölvustefnu.
Áhersla lögð á ráðgjöf í framhaldi af mati menntamálaráðuneytis á sjálfsmatsaðferðum skóla.	GPÁ	Símenntun kennsluráðgjafa tekur mið af þessu.
Unnið verði að framtíðarsýn fyrir myndverð og tungumálaverð.	BS/ GAJ	Kemur að hluta inn í tölvustefnuna. Er í vinnslu.
Reiknilíkan sem skiptir fjármagni á milli skóla þróað áfram.	RBL	Lokið.
Áfram þróað líkan fyrir rekstraráætlanir sem stjórnæki.	RBL	Lokið.
Unnin frekari þróun fjárhagslegra lykiltalna.	SPB	Lokið.
Reynsla af notkun smartkorta metin á grunni reynslu í fjórum skólum.	SPB	Á bið þar til kerfi hefur verið sett upp og komin einhver reynsla.
Áhersla lögð á ráðgjöf og fræðslu um mannauðskerfið Oracle.	IG	Verkefnisstjóri hefur starfað frá því í nóvember 2002.
Unnið að undirbúningi nýs starfsmatskerfis Reykjavíkur.	IG	Var gert.
Áhersla á ráðgjöf við gerð og framkvæmd símenntunaráætlana grunnskólanna.	AKS	Lokið 15. ágúst.
Niðurstöður úr vinnustaðagreiningu sem framkvæmd var vorið 2002 nýttar til að bæta líðan starfsmanna og starfsumhverfi.	IG	Í fullum gangi með einstökum skólum og verkefnum þvert á skóla.
Samhæft árangursmat þróað áfram.	RBL	Unnið skv. áætlun stýrihóps.
Áfram unnið að þróun lykiltalna um skólastarfið.	GAJ	Í vinnslu í tengslum við BSC.
Áfram unnið að mótun starfsreglna um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í skólum.	SÖG	Öryggisskjal er tilbúið.
Áfram þróuð viðmið um nemendur sem fá almenna sérkennslu.	AM	Lesskimun í 2. bekk í öllum skólum og stærðfræðiskimun í 3. bekk í 12 skólum (sjá lið b.4.)
Lestrargeta við lok 2. bekkjar metin auk þess sem undirbúið verði að lestrarkunnátta verði einnig metin á miðstigi.	BS	Sjá einnig lið a.9. Verið er að kanna endurútgáfu LH-prófs fyrir miðstigi.
Gátlisti um umhverfismál þróaður áfram og lagður fyrir í öllum skólum. Aðstoð veitt vegna áætlana í kjölfarið.	GAJ	Ráðgjafi um umhverfismál starfaði með skólum á vorönn 2003. Gátlista var breytt og lagður fyrir.
Haldið verður áfram að vinna að undirbúningi upplýsingakerfis fræðslumála.	SÖG	Sjá einnig lið a.5. Unnið verður með fyrirbyggjandi þarfagreiningarskjal með samstarfsaðila.
Símenntunaráætlanir metnar með hliðsjón af gátlista.	IG	Símenntunaráætlanir fyrir skólaárið 2003-2004 voru innkallaðar í júní og metnar með hliðsjón af gátlista.
Borgarhluti 1		
Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda		

Skólarnir í borgarhluta 1 leggi á árinu áherslu á að samhæfa kennsluhætti í aðskólum og safnskóla. Kennarar í einstökum greinum vinni saman milli skóla.	Melask./Hagask.	Sameiginlegt námskeið með kennurum var haldið á starfsdögum 19. ágúst sl. Samvinna milli stærðfræðikennara Melaskóla og Hagaskóla hófst haustið 2001.
Útikennsla í náttúrufræðum verði samvinnuverkefni milli skóla í 7. bekk.	Melask.	Samvinnuverkefnið hófst haustið 2003.
Sérkennsla og sérúræði		
Sérkennsluverum komið á fót í öllum skólum í borgarhlutanum haustið 2003.		Lokið að mestu.
Sérdeild í Melaskóla sameinuð sérkennsluveri skólans.	Melask.	Búið er að sameina deildirnar.
Ráðgjafarteymi fyrir kennara vegna nemenda í náms- og hegðunarvanda stofnuð í öllum skólum frá og með hausti 2003.	Vestur-bæjarsk.	Skólarnir byrjaðir að útfæra þetta og kynna.
Námskeið haldið á haustönn 2003 í atferlisþjálfun fyrir einn til tvo kennara úr öllum skólum borgarhlutans.	FMR.	Námskeiðið stóð frá 11. september og til s.hl. desember.
Efnt verði til fræðslu fyrir almenna starfsmenn skólanna um nemendur með sérþarfir.	Vestur-garð.r/Hagask.	Sameiginlegur fræðslufundur fyrir starfsmenn skólanna haldinn 21. ágúst sl.
Átak gert í gerð einstaklingsnámskráa fyrir nemendur í sérkennslu undir leiðsögn Vesturbæjarskóla.	Vestur-bæjarsk.	Ekki lokið.
Tengsl skóla og grenndarsamfélags		
Lögð verði áhersla á samvinna grunnskóla með yngri barna stig við leikskólana í borgarhlutanum.	Grandask.	Mikið samstarf farið í gang samkvæmt samhæfðu plani í Vesturbænum.
Tekin verði upp samvinna við framhaldsskóla um að nemendur í Hagaskóla geti tekið framhaldsskólaáfanga sem val.	Hagask.	Hagaskóli hefur tekið upp samvinna við MH. Nemendur voru 27 í íslensku og 41 í stærðfræði haustið 2003.
Skipulagðar verði gagnkvæmar heimsóknir milli skólanna – nemendur og kennarar.	Grandask.	Ekki lokið.
Skipulögð verði aukin tengsl við söfnin í borgarhlutanum.	Grandask.	Ekki lokið.
Borgarhluti 2		
Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda		
Faglegt samstarf kennara/starfsfólks innan skóla og milli skóla verði eftt með kennaraþingi, samvinna um símenntun, jafningjaleiðsögn, samvinna fagteyma o.fl. Haustið 2003 verði sameiginlegur starfsdagur allra skóla í hverfi 2.	Laugar-nesskóli/Helgi Grímsson	Haustþing var haldið 1. október sl. Á dagskrá var meðal annars einstaklingsmiðað skólastarf, þróunarverkefni, fundir faggreina og skipulagsstarf í skólum.
Frumkvæði nemenda eftt, m.a. með því að nemendur setji sér markmið og stundi sjálfsmat. Kennarar skipuleggi einstaklingsmiðað nám og ábyrgð nemenda á ákveðnum þáttum aukin.	Fossvogs-skóli/Elínborg Jónsdóttir	Fossvogsskóli er í eigin undirbúningi. Kynningafundur haldinn sl. vor og haldin málstofa á haustþingi.
Hver skóli í borgarhlutanum móti sér umhverfisstefnu.	Langholts skóli/Hreiðar Sigtryggsson	Birna Helgadóttir hélt kynningarfundir í einstökum skólum í vor. Hver skóli myndar teymi frá hausti 2003 sem fer yfir gátlista og sameiginlegur samráðsfundur var haldinn um miðjan sept.
Unnið verði að þróun og framkvæmd fjarkennslu í tungumálum, auk kennsluráðgjafar í norsku og sænsku.	Lauga-lækjarsk.	Í fullum gangi á vegum tungumálavars.
Móðurmálskennarar hvattir til að vinna myndrænt með móðurmálið á ýmsan hátt, t.d. handritagerð, handbrúður, útlarp og kvikmyndir.	Hvassa-leitissk/Guðrún Gíslad.	Málstofa var á haustþinginu 1. okt. sl.
Sérkennsla og sérúræði		
Ráðgjafarteymi fyrir kennara vegna nemenda í náms- og hegðunarvanda stofnuð í öllum skólum á vorönn 2003.		Hafa verið stofnuð.
Námskeið haldið á vorönn 2003 í atferlisþjálfun fyrir einn til þrjá kennara úr öllum skólum.	Fræðslu-miðstöð	11 kennarar úr 6 skólum sóttu námskeiðið.
Sérdeildir í Breiðagerðis-, Laugarnes- og Réttarholtskóla sameinaðar sérkennsluverum skólanna.		Sameiningu lokið.
Samvinna verði komið á um rekstur sérdeilda fyrir skóla í borgarhlutanum.	Réttar-holtssk./Breiða-gerðissk.	Málið er í biðstöðu.
Skólar í borgarhlutanum hafi samvinna um endurskipulagningu kennsluhátta í sérkennslu.	Breiðag-skóli/GP	Fundur var haldinn í byrjun maí um sérkennsluáætlun með skólastj. og deildarstj.
Tengsl skóla og grenndarsamfélags		
Skólarnir hafi samvinna um að nýta útivistarsvæði innan borgahlutans.	Háteigs-skóli	Upplýsingum um nýtingu hefur verið safnað.


Samstarf verði haft við leikskóla borgarhlutans um gagnkvæmar kynningar og heimsóknir.	Álftam.-skóli	Upplýsingum um samstarf við leikskóla hefur verið safnað.
Skólar í Bústaðahverfi taki virkan þátt í verkefninu „Betra líf í Bústöðum“ og allir skólar í Laugarneshverfi taki þátt í verkefninu „Laugarnes á ljúfum nótum“.	Réttar-holtssk./Laugar-nesskóli	Er í gangi.
Aukið verði samstarf við íþróttafélög um rekstur íþróttaskóla fyrir nemendur í skóladagvist.	Fossvogs skóli	Fossvogsskóli tók við verkefninu.
Borgarhluti 3		
Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda		
Skólar í borgarhlutanum, þar sem það hentar, hafi samvinnu um valgreinar og valáfanga, m.a. með fjarkennslu.	Öldu-selsskóli	Seljaskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli og Hólabrekkuskóli í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Öldiselsskóli í samvinnu um fjarnám hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri.
Náttúrufræðikennsla og útikennsla verði efld, m.a. með því að þróa kennsluleiðbeiningar.	Selás-skóli/Hólabr.-skóli	Kennsluleiðbeiningar komnar út og sendar skólum í borgarhluta 3.
Skólar í borgarhlutanum stefni að því að móta sér umhverfisstefnu.	Árbæjar-skóli	Í vinnslu.
Áhersla verði lögð á tónlistarnám með því að endurskipuleggja tónlistarnám í skólunum.	Selja-skóli	Í vinnslu.
Skipulögð verði samvinna kennara milli skólanna og haldnir sameiginlegir starfsdagar.	Breið-holtssk./AK.	Lögð hafa verið drög að skipulagi sem tekið verður tillit við skipulag næsta skólaár. Úrvinnslu ekki lokið. Sameiginlegur starfsdagur hefur verið haldinn.
Sérkennsla og sérúræði		
Haldið verði málþing í borgarhlutanum um skólasókn og agamál.	Fellask.	Málþing var haldið 9. maí 2003.
Tengsl skóla við grenndarsamfélagið		
Skólarnir leggi áherslu á að tengjast félagasamtökum og atvinnufyrirtækjum.	Ingunnar skóli	Í vinnslu
Skólarnir reyni að hafa meiri áhrif á samfélagið með ýmsum hætti.	Ártúns-skóli	Í vinnslu.
Borgarhluti 4		
Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda		
Áhersla verði lögð á að efla samstarf kennara í borgarhlutanum.	Víkursk./Korpusk.	Sameiginlegur starfsdagur var 3. nóvember sl..
Upplýsinga- og tæknimennt verði efld í almenntri kennslu.	Víkursk./Korpusk.	Var til umfjöllunar á starfsdegi 3. nóv. sl.
Unnið verði að því að þróa fjölbreytta kennsluhætti til að koma til móts við einstaklingsmiðað nám.	Víkursk./Korpusk.	Námskeið um sveigjanlega kennsluhætti byrjaði í okt. sl.
Sérkennsla og sérúræði		
Sérkennslustefnu var hrundið í framkvæmd vorið 2002.	Hamra-skóli/Húsask./Klébergs skóli	Málþing var haldið 16. sept. 2003 um reynslu af stefnunni. Frásagnir af framkvæmd í öllum skólum.
Haldið verði áfram að þróa gerð einstaklingsáætlana, sérkennsluver, tveggja kennara kerfi og ráðgjafarteymi.		Vinna skv. þessu í öllum skólum.
Tengsl skóla og grenndarsamfélagsins		
Mótuð verði umgjörð fyrir starfsemi og notkun skólanna utan kennslu.	Engja-skóli	Nefnd að störfum.
Foreldrasamstarf verði styrkt enn frekar.	Engjask.	Skólar hvattir til að nýta sér reynslu Engjaskóla.
Náttúran og umhverfið nýtt til kennslu í enn ríkara mæli en nú er.	Borga-skóli	Samvinna hafin við Jón Baldur Hlíðberg um gerð náttúrustíga meðfram ströndinni. Nemendur Klébergsskóla eru að vinna handbók um náttúru og menningu skólans.
Samvinna skólastiga verði efld með markvissu samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og framhaldsskóla.	Rimask./Foldask.	Fundir hafa verið haldnir með stjórnendum Borgarholtsskóla. Áætlun í undirbúningi um form á samstarfi við leikskóla.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur																									Október 2003				
1. bekkur		2. bekkur		3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur		8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur		Alls 1.-10. b.		Meðalt.		Eldri deildir	Forsk. 5 ára	Alls	Fjöldi		
Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	Nem.	Deildir	i deild	í deild	Nem.	Deildir	2003	2002		
Austurbæjarskóli	54	3	63	3	58	3	49	2	59	2	68	3	79	3	61	2	75	3	624	27	23,1	27				624	611		
Áltanýrarskóli	34	2	27	1	23	1	41	2	34	2	40	2	37	2	35	2	43	2	358	18	19,9	18				358	354		
Árbæjarskóli	41	2	57	3	37	2	54	3	61	3	68	3	55	3	153	6	139	6	796	37	21,5	37				796	805		
Ártúnskóli	18	1	27	1	24	1	25	1	36	2	31	2	21	1					182	9	20,2	9				182	196		
Borgaskóli	43	2	58	3	44	3	50	2	48	2	34	2	33	2	34	2	34	2	406	22	18,5	22				406	385		
Breidagerðisskóli	37	2	71	4	35	2	53	3	53	2	64	4	49	2					362	19	19,1	19				362	378		
Breitholtsskóli	53	3	68	3	58	3	66	3	47	2	60	3	67	3	52	3	58	3	604	29	20,8	29				604	615		
Engjaskóli	33	2	33	2	39	2	31	2	45	2	44	2	44	2	44	2	32	2	386	20	19,3	20				386	431		
Fellaskóli	54	3	40	2	55	3	49	2	54	3	45	2	54	3	54	2	57	2	509	24	21,2	24				509	506		
Foldaskóli	40	2	42	2	42	3	61	3	54	3	66	3	74	3	75	3	66	3	600	29	20,7	29				600	637		
Fossvogsskóli	41	2	43	2	33	2	51	2	62	3	72	3	50	2					352	16	22,0	16				352	356		
Grandaskóli	40	2	41	2	58	3	49	2	55	3	59	3	53	3					355	18	19,7	18				355	379		
Hagaskóli															193	8	203	8	591	24	24,6	24				591	551		
Hannarskóli	28	2	33	2	35	2	33	2	45	2	34	2	38	2	33	2	45	2	349	19	18,4	19				349	364		
Hátægsskóli	35	2	39	2	30	2	28	2	45	2	47	2	37	2	22	2	32	2	355	20	17,8	20				355	377		
Hlíðaskóli ¹⁾	56	3	63	3	57	3	47	2	70	3	52	2	62	3	70	3	68	3	606	27	22,4	27				606	581		
Hólábrekkuaskóli	52	3	61	3	56	3	54	3	61	3	62	3	61	3	58	3	48	2	574	29	19,8	29				574	595		
Húsaskóli	35	2	30	2	41	2	52	2	48	2	45	2	44	2	46	2	59	3	452	21	21,5	21				452	468		
Hvassaleitisskóli	21	1	22	1	23	1	19	1	30	2	21	1	32	2	42	2	32	2	285	15	19,0	15				285	325		
Ingunnarskóli	33	2	31	2	33	2	17	1	19	1	25	1	8	1	12	1			178	11	16,2	11				178	92		
Klébergsskóli	15	1	22	1	20	1	16	1	16	1	11	1	11	1	22	1	16	1	171	10	17,1	10				171	159		
Korpuskóli	26	2	22	1	35	2	22	1	25	1	25	1	9	1	19	1	5	1	199	12	16,6	12				199	172		
Langholtsskóli	62	3	47	3	50	2	68	3	49	2	64	3	57	3	75	3	35	2	553	26	21,3	26				553	533		
Laugahljóarskóli																			289	13	22,2	13				289	284		
Laugarnesskóli	88	4	61	3	63	3	63	3	89	4	69	3							433	20	21,7	20				433	420		
Melaskóli	76	4	76	4	95	5	99	4	81	4	92	4	72	3					591	28	21,1	28				591	622		
Réttarholtsskóli																											332	322	
Rínasskóli	81	4	86	4	94	4	87	4	76	4	69	3	76	3	83	4	74	3	784	36	21,8	36				784	817		
Selasskóli	32	2	52	2	60	3	57	3	54	2	53	2	64	3					372	17	21,9	17				372	411		
Seljaskóli	65	3	69	3	60	3	67	3	83	4	72	3	65	3	75	3	63	3	685	31	22,1	31				685	676		
Vesturbæjarskóli	58	3	35	2	42	2	56	3	37	2	48	2	40	2					316	16	19,8	16				316	310		
Víkurskóli	38	2	37	2	26	2	22	1	23	1	20	1	17	1	13	1	9	1	219	13	16,8	13				219	180		
Vogaskóli	37	2	44	2	36	2	43	2	36	2	46	2	44	2	36	2	44	2	411	20	20,6	20				411	410		
Öldusefsskóli	59	3	54	3	59	3	59	3	59	3	57	3	53	3	63	3	67	3	591	30	19,7	30				591	587		
Samtals alm.:	1.385	74	1.454	73	1.421	75	1.497	72	1.544	74	1.554	72	1.465	72	1.571	71	1.477	68	1.502	68	14.870	719	20,7			14.870	14.909		
Landakotsskóli	15	1	16	1	16	1	20	1	19	1	10	1			18	1	11	1	170	10	17,0	10			16	1	186	188	
Skóli Ísaks Jónssonar	40	2	47	2	40	2									6	1	7	1	127	6	21,2	6			96	5	223	235	
Suðurlhlöðarskóli	7	1			7	1	2	1	6	1	10	1	6	1	6	1	7	1	59	9	6,6	9				59	50		
Tjarnarskóli															5	1	7	1	24	3	8,0	3				24	33		
Waldorfsk. Söltafjir	2	1	4	1	1	1	3	1	6	1	4	1	1	1	4	1	4	1	29	9	3,2	9				29	30		
Samtals einkaskólar:	64	5	67	4	64	5	25	3	31	3	24	3	26	3	33	4	29	4	46	3	409	37	11,1	112	6	521	536		
Samtals alm. og einka:	1.449	79	1.521	77	1.485	80	1.522	75	1.575	77	1.578	75	1.491	75	1.604	75	1.506	72	1.548	71	15.279	756	20,2	112	6	15.391	15.445		
Brúarskóli									1	1	1	1	3	1	2	1	3	1	20	6	3,3	6				20	0		
Dalbrautaraskóli							5	1	1	1	3	1	1	1	1	1	2	1	15	7	2,1	7				15	14		
Hagnýt atferlisgreining í skólum	Almennir bekkjarkennarar	2	40	28
Reykjavíkurborg, vinnustaðurinn minn	Starfsfólk grunnskóla	5	4	102
Samskipti á vinnustað	Allir starfsmenn viðkomandi skóla	5	7,5	220
Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms (2003-2004)	Skólastjórar og stjórnendur FMR	1	60	Lýkur 2004
Starfsnám fyrir skólaliða, Borgarholtsskóla	Skólaliðar	1	126	33
Starfsnám fyrir stuðningsfulltrúa, Borgarholtsskóla	Stuðningsfulltrúar	1	182	19
Stærðfræðikennsla yngstu nemenda	Kennarar í yngri bekkjum grunnskóla	1	12	80
Útikennsla og umhverfismennt	Kennarar í náttúrufræði	1	20	40
Námskeið fyrir matráða	Matráðar	1	16	16
Námskeið fyrir tölvuumsjónarmenn	Tölvuumsjónarmenn	2	20	37
Námskeið um forvarnir	Skólastjórnendur og námsráðgjafar	2	4	97
Þróun kennsluhátta og einstaklingsmiðað nám	Kennarar grunnskóla	12	20	350
Samtals		34		1.022

¹ Þrjár klst. eða lengra.
² Í ársbyrjun 2002 var fé til símenntunar starfsmanna úthlutað til grunnskólanna og hefur því símenntun á vegum Fræðslumiðstöðvar dregist saman.

Fjárhagsáætlun vegna búnaðarkaupa 2002, 2003 og 2004

	Fjárhagsáætlun 2002 í þús. kr	Fjárhagsáætlun 2003 í þús. kr	Fjárhagsáætlun 2004 í þús. kr
-Austurbæjarskóli	1.810	1.270	719
-Álftamýrarskóli	1.180	820	498
-Árbæjarskóli	2.330	1.610	862
-Ártúnsskóli	740	540	351
-Borgaskóli	1.450	880	538
-Breiðagerðisskóli	1.210	860	501
-Breiðholtsskóli	1.800	1.280	702
-Brúarskóli		0	223
-Dalbrautarskóli	240	220	212
-Einholtsskóli	280	240	0
-Engjaskóli	1.950	950	521
-Fellaskóli	1.620	1.090	623
-Foldaskóli	2.030	1.320	699
-Fossvogsskóli	1.120	820	493
-Grandaskóli	1.300	860	495
-Hagaskóli	1.600	1.170	692
-Hamraskóli	1.200	840	490
-Háteigsskóli	1.250	860	495
-Hlíðarhúsaskóli	220	210	0
-Hlíðaskóli	1.660	1.220	704
-Hólabrekkuskóli	1.780	1.240	677
-Húsaskóli	1.530	1.020	576
-Hvassaleitisskóli	1.100	770	437
-Ingunnarskóli	590	360	366
-Klébergsskóli	590	480	342
-Korpuskóli	1.000	500	366
-Langholtsskóli	1.610	1.130	660
-Laugalækjarskóli	1.260	690	440
-Laugarnesskóli	1.630	930	560
-Melaskóli	1.910	1.300	692
-Réttarholtsskóli	1.470	760	476
-Rimaskóli	2.340	1.630	852
-Safamýrarskóli	280	250	225
-Selásskóli	1.350	920	509
-Seljaskóli	1.990	1.390	770
-Vesturbæjarskóli	1.000	740	463
-Vesturhlíðarskóli	250	0	0
-Víkurskóli	860	510	382
-Vogaskóli	1.260	920	542
-Ölduselsskóli	1.790	1.230	692
-Öskjuhlíðarskóli	460	370	280
-Námsflokkar Reykjavíkur	900	900	400
-Skólasafnamiðstöð	100	100	75
Samtals ýmis búnaður:	52.040	35.200	20.600
Fræðslumiðstöð	4.100	2.300	1.800
Lausar stofur	3.500	2.800	2.500
Samkomu- og matsalir	2.460	3.000	2.500
Sérdeildir/ferlimál	2.000	1.500	1.500
Öryggiskerfi	-	1.500	1.800
Bókasöfn nýrra skóla	-	1.200	800
Smartkort	-	3.800	10.000
Skólahljómsveitir	2.700	900	800
Tölvuvæðing í skólum	88.800	70.400	50.000
Forrit og gagnagrunnar	50.400	12.000	16.500
Endurnýjun í eldri skólum	7.200	-	-
Síamál	3.600	4.100	3.700
Eftirlitsmyndavélar	5.400	-	-
Umgengnisáttak	1.400	1.300	1.500
Bætur vegna tjóna, innbrota o.fl.	5.400	5.000	3.000
Samtals:	229.000	145.000	117.000

Fasteignastofa Reykjavíkur, stofnkostnaður fræðslumála 2004


STOFNKOSTNAÐUR FRÆÐSLUMÁLA 2004 <i>Kostnaðarstaður 1104</i>	Fastafj. númer	Áætlun 2004
Laugarnesskóli, viðbygging	04003	130.000
Melaskóli	04004	5.000
Langholtsskóli, viðbygging og breytingar	04005	140.000
Hlíðaskóli, viðbygging	04006	10.000
Breiðagerðisskóli	04007	110.000
Árbæjarskóli	04008	10.000
Vogaskóli, nýbygging og breytingar	04009	40.000
Vesturbæjarskóli, mótuneyti	04010	2.000
Seljaskóli, viðbygging	04018	25.000
Laugalækjarskóli	04021	50.000
Foldaskóli	04022	30.000
Hamraskóli	04026	10.000
Færanlegar kennslustofur	04039	30.000
Endurbygging skólalóða	04049	10.000
Klébergsskóli viðbygging	04052	10.000
Grunnskóli í Staðarhverfi (Korpuskóli)	04053	260.000
Víkurskóli	04054	15.000
Breytingar v.eldhúsa í grunnskólum	04065	150.000
Ingunnarskóli	04066	450.000
Korpúlfsstaðir	08005	2.000
Safnliður fyrir verkefni sem þarf að ljúka við ýmsa skóla	04xxx	20.000
Tölvu-, raf- og símalagnir í eldri skóla	04xxx	15.000
Samtals:		1.524.000
Framlög úr jöfnunarsjóði. vegna stofnframkvæmda	04051	-60.000
Stofnkostnaður fræðslumála samtals:		1.464.000

Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum eftir skólum haustið 2003

Skólahljómsveit Vesturbæjar	
Skóli	Fjöldi
Austurbæjarskóli	23
Grandaskóli	12
Hagaskóli	10
Melaskóli	48
Vesturbæjarskóli	12
Annað	8
Samtals	105
Skólahljómsveit Grafarvogs	
Skóli	Fjöldi
Borgaskóli	5
Engjaskóli	10
Foldaskóli	29
Hamraskóli	9
Húsaskóli	18
Korpuskóli	9
Rimaskóli	14
Seljaskóli	1
Annað	1
Háskóli Íslands	2
Samtals	95
Skólahljómsveit Laugarness	
Skóli	Fjöldi
Álftamýrarskóli	4
Árbæjarskóli	1
Breiðagerðisskóli	30
Engjaskóli	1
Fossvogsskóli	2
Háteigsskóli	3
Hlíðaskóli	1
Ísaksskóli	1
Landakotsskóli	2
Langholtsskóli	12
Laugalækjarskóli	8
Laugarnesskóli	26
Réttarholtsskóli	5
Rimaskóli	2
Vogaskóli	3
Samtals	101
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	
Skóli	Fjöldi
Árbæjarskóli	17
Ártúnsskóli	1
Breiðholtsskóli	37
Fellaskóli	18
Fossvogsskóli	1
Hólabrekkuskóli	5
Langholtsskóli	1
Selásskóli	3
Seljaskóli	5
Ölduselsskóli	5
Annað	1
Samtals	94
Heildarnemendafjöldi í skólahljómsveitum: 397	

Nemendafjöldi í einkaskólum haustið 2003


Samanburður á nemendafjölda í einkaskólum í Reykjavík haust 2000-2003



Fjöldi nemenda í einkaskólum haustið 2003

	Nemendur 5 ára	Nemendur í 1.-10. bekk	Nemendur alls	Fjöldi nemenda með lögheimili í Rvk	Hlutfall nemenda með lögheimili í Reykjavík
Landakotsskóli	16	170	186	171	91,9%
Skóli Ísaks Jónssonar	96	127	223	151	67,7%
Suðurhlíðarskóli		59	59	38	64,4%
Tjarnarskóli		24	24	14	58,3%
Waldorfskólinn Sólstafir		29	29	28	96,6%
Samtals	109	410	522	402	77,0%

Hlutfall nemenda í einkaskólum með lögheimili í Reykjavík á árunum 2000-2003



Tónlistarskólar, nemendafjöldi og fjárframlög 2003

	Fjárveiting frá Reykjavíkurborg árið 2003			Heildarfjöldi nemenda haustið 2003 ¹⁾	Fjöldi nemenda eftir stigi			
	Heildar í þús.	Haut í þús.	Vor í þús.		For nám	Grunnnám	Miðnám	Framhalds nám
Allegro suzukitónlistarskólinn	5.119.852	2.776.667	2.343.185	51 (50)		46	5	
Domus Vox ²⁾	2.261.667	2.261.667	0	76 (50)	48	16	12	
Gítarskóli Íslands ²⁾	2.507.083	2.507.083	0	151 (50)		151		
Nýi söngskólinn Hjartansmál	13.345.966	5.823.000	7.522.966	72 (72)	9	32	16	4
Nýi tónlistarskólinn	54.631.468	13.666.667	40.964.801	177 (177)	11	107	32	15
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	26.518.701	7.532.000	18.986.701	130 (133)		107	23	
Söngskólinn í Reykjavík	58.345.135	16.403.667	41.941.468	137 (137)		65	25	30
Tónlistarskóli Árbæjar	11.001.065	3.871.667	7.129.398	83 (83)		83		
Tónlistarskóli FÍH	41.995.774	13.347.000	28.648.774	200 (187)		112	50	31
Tónlistarskólinn á Klébergi	5.228.541	2.178.559	3.049.982	91 (91)	57	34		
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	28.020.406	9.217.667	18.802.739	177 (173)	31	110	28	8
Tónlistarskólinn í Reykjavík	87.845.371	21.342.000	66.503.371	164 (164)		53	42	20
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	63.339.964	16.949.333	46.390.631	250 (250)	28	171	50	1
Tónskóli Eddu Borg	21.731.473	6.980.000	14.751.473	164 (163)	35	121	8	
Tónskóli grunnsk. í Grafarvogi	6.760.252	2.184.667	4.575.585	51 (50)	18	33		
Tónskóli Hörpunnar ²⁾	2.592.812	2.592.812	0	110 (50)		109	1	
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar	100.371.619	31.493.000	68.878.619	578 (558)	94	358	73	42
Tónskólinn Do Re Mí	17.475.092	5.389.669	12.085.423	141 (102)	44	75	22	
Tónstofa Valgerðar ²⁾	2.005.667	2.005.667		45 (45)		45		
Samtals:	551.097.908	168.522.792	382.575.116	2.848 (2.582)	375	1.828	387	187
								71

1) Innan sviga er nemendafjöldi sem nýtur styrks frá Reykjavíkurborg í viðkomandi skóla.

2) Skólar sem fengu fyrst fast framlag á haustönn 2003.

Góður skóli - viðmið

1. Stefnumörkun og forysta

Í góðum skóla

- **er siglt en ekki látið berast með straumi;**
- hafa stjórnendur **skýra sýn** á hvað er mikilvægt;
- eru sett **markmið** sem hafa áhrif á vinnubrögð og atferli allra í skólanum;
- er starfað eftir **ígrundaðri skólastefnu** sem er síbreytileg og í takt við samfélagsþróunina og birtist í starfsáætlun (skólanámskrá);
- vita allir sem vinna í skólanum, nemendur og starfsfólk, hvers konar vinnu og framkomu er vænst af þeim;
- er **agi og festa** í skólastarfinu.

2. Lærdómsumhverfi

Í góðum skóla

- er allt starfsfólk **samtíga** og vinnur saman að stefnumörkun og forgangsöröðun;
- er **uppbyggjandi andrúmsloft** þar sem **metnaður** ríkir og virðing er borin fyrir hverjum og einum;
- er skólaumhverfið **hlýlegt og aðlaðandi** fyrir alla þá sem tengjast skólanum;
- er **tími vel nýttur**;
- finna **foreldrar sig velkomna** í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi;
- er virkt **upplýsingaflæði** milli allra þeirra sem tengjast viðkomandi skóla;
- beita kennarar mismunandi **kennsluaðferðum**, allt eftir stöðu nemenda, aðstæðum og námsefni á hverjum tíma;
- gera kennarar innan sama árgangs eða stigs **sameiginlegar** námsáætlanir, framkvæma þær á svipaðan hátt á svipuðum tíma og ræða væntingar sínar til nemenda;
- er **stöðugleiki** í starfsmannahaldi.

3. Nemendur

Í góðum skóla

- finna nemendur að kennarar hafa miklar **væntingar** til þeirra um námsárangur og gera til þeirra **kröfur**;
- finna nemendur að starfsfólk skólans sýnir þeim **hlýhug** og **umhyggju**;
- vita nemendur um **ábyrgð** sína og **skyldur**;
- þekkja nemendur **reglur** um umgengni og vinnubrögð og fara eftir þeim.

4. Mat á árangri

Í góðum skóla

- er **vinnusemi og frammistaða** nemenda sífellt metin á kerfisbundinn hátt;
- meta starfsmenn **árangur starfsins** með reglubundnum hætti;
- endurskoða starfsmenn **vinnubrögð** sín og starfshætti reglulega.

5. Símenntun

Í góðum skóla

- **fræðir** starfsfólk **hvert annað**;
- á starfsfólk kost á og nýtir sér **símenntunartilboð**;
- finna starfsmenn **stuðning fræðslufirvalda**.

Umhverfisstefna Fræðslumiðstöðvar

Reykjavík stefnir að því að verða vistvænsta höfuðborg norðursins. Það er stefna Reykjavíkurborgar að það umhverfi sem við búum í verði aðlaðandi og heilnæmt með aukna velliðan borgarhúsa að leiðarljósi og að sjónarmið umhverfisverndar verði höfð að leiðarljósi í rekstri, stjórnun og uppbyggingu borgarinnar. Umhverfi verður bætt þar sem þess er þörf þannig að komandi kynslóðir eignist betri borg í betra umhverfi.

(Úr umhverfisstefnu Reykjavíkur)

Leiðarljós

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur hefur með höndum yfirstjórn grunnskóla í Reykjavík. Það er stefna Fræðslumiðstöðvar að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri starfsemi sinni og að vera leiðandi í umhverfisstarfi meðal stofnana Reykjavíkurborgar.


Markvisst er unnið að því að halda neikvæðum umhverfisáhrifum vegna starfsemi stofnunarinnar í lágmarki, efla jákvæð viðhorf starfsmanna til virkrar þátttöku í umhverfisstarfinu og veita grunnskólum borgarinnar hvatningu og ráðgjöf við að efla umhverfisstarf sitt.

Með heilsteypu umhverfisstarfi leggur Fræðslumiðstöð áherslu á mikilvægi þess að grunnskólarnir sýni gott fordæmi í umhverfismálum. Um leið tekur Fræðslumiðstöð virkan þátt í þeirri þróun samfélagsins sem auðgar lífsgæði okkar allra og komandi kynslóða.

Þetta gerum við með því að:

1. leitast við að halda orkunotkun og notkun rekstrarvöru hjá Fræðslumiðstöð í lágmarki.
2. vinna skipulega að því að setja umhverfiskröfur við innkaup á vörum og þjónustu fyrir stofnunina og fyrir grunnskóla borgarinnar.
3. draga úr myndun úrgangs í starfseminni og leggja áherslu á endurnýtingu og endurvinnslu.
4. sjá til þess í samstarfi við Fasteignastofu að umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við hönnun, byggingu og viðhald grunnskólabygginga.
5. hafa náð samráð við grunnskóla borgarinnar um umhverfismál og veita þeim faglega ráðgjöf og upplýsingar um hvernig þeir geti tekið tillit til umhverfisþátta í rekstri og veitt nemendum markvissa umhverfismennt.
6. vinna að því að starfsumhverfi Fræðslumiðstöðvar sé heilnæmt og öruggt með velferð starfsmanna í fyrirrúmi.
7. efla jákvæð viðhorf starfsmanna til þátttöku í umhverfisstarfinu með reglulegri fræðslu og upplýsingum um umhverfismál.
8. stuðla að framgangi umhverfismála innan borgarinnar með því að efla samstarf við þá aðila sem koma að framkvæmd umhverfismála í Reykjavík.
9. sjá til þess að lögum og reglugerðum um umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismál sé framfylgt innan Fræðslumiðstöðvar og grunnskólanna.
10. fylgjast vel með mikilvægum umhverfisþáttum í starfseminni og vinna að framþróun þeirra með virku starfi umhverfisteymis og notkun lykiltalna um umhverfisþætti.

Reykjavík 3. júní 2003


Gerður G. Óskarsdóttir, Fræðslustjóri Reykjavíkur

Samþykkt fyrir Fræðsluráð Reykjavíkur

1. gr.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer, í umboði borgarráðs, með málefni grunnskóla eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, sbr. einnig lög um grunnskóla nr. 66/1965, 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, sbr. einnig 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Þá fer ráðið með önnur fræðslumál á verksviði borgarinnar svo fremi að þau séu ekki öðrum falin.

2. gr.

Fræðsluráð mótar stefnu í málefnum grunnskóla og annarra fræðslustofnana sem undir það heyra og gerir tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með því að samþykktum þess og stefnumörkun í viðkomandi málaflokki sé fylgt.

3. gr.

Fræðsluráð hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og ákvæðum 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Það sér um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Ráðið staðfestir áætlanir um starfstíma nemenda ár hvert.

Fræðsluráð fylgist með og stuðlar að því að grunnskólum, á vegum borgarinnar, sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu og fullnægjandi húsnæði til skólastarfs og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi.

Þá hefur ráðið eftirlit að því er varðar skólahljómsveitir og fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar.

Ráðið hefur eftirlit með faglegu starfi einkaskóla sem styrktir eru af borginni, þ.e. grunnskólum, tónlistarskólum og myndlistarskólum.

4. gr.

Ráðið gerir tillögu til borgarráðs um byggingu nýrra grunnskóla.

5. gr.

Fræðsluráð skal stuðla að samstarfi grunnskóla og leikskóla.

6. gr.

Fræðsluráð er svo skipað að í því eiga sæti fimm menn kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna fulltrúa og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil þess er hið sama og borgarstjórnar.

Ráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

7. gr.

Fræðslustjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 66/1995.

Jafnframt eiga skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri í forföllum hans rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla, sbr. 6. mgr. 13. gr. laga nr. 66/1995.

Sviðsstjórar Fræðslumiðstöðvar eiga rétt til setu á fundum ráðsins þegar fræðsluráð eða fræðslustjóri óska þess.

Jafnframt getur ráðið boðað aðra þá til fundar sem það telur þörf á hverju sinni.

8. gr.

Ráðið heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi. Fræðsluráð getur haldið fundi opna almenningi.

9. gr.

Formaður fræðsluráðs boðar til fundar og ákveður dagskrá í samráði við fræðslustjóra eða staðgengil hans. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um fundarsköp fer eftir samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 16/1985 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

10. gr.

Borgarráð ræður fræðslustjóra að fenginni tillögu fræðsluráðs til fimm ára í senn.

Fræðsluráð ræður skólastjóra grunnskóla skv. viðauka 1.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, sbr. samþykkt 628/2003, sbr. einnig 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1965. Fræðsluráð getur vísað slíkum málum til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af 1/3 nefndarmanna hið fæsta.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu fræðsluráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrðu um endurupptöku séu fyrir hendi skal fræðsluráð taka málið upp að nýju.

Skólastjóri ræður aðstoðarskólastjóra að fengnu samþykki fræðsluráðs.

Fræðsluráð leitar álits kennararáða viðkomandi skóla og umsagnar fræðslustjóra vegna ráðningar skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Fræðslustjóri ræður sviðsstjóra á Fræðslumiðstöð að höfðu samráði við ráðið.

11. gr.

Borgarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar næsta árs.

Fræðsluráð felur fræðslustjóra að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangs röðun ráðsins. Fræðsluráð afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Formaður fræðsluráðs og fræðslustjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja.

12. gr.

Formaður fræðsluráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á.

Fræðslustjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

13. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi með samþykkt borgarstjórnar 7. nóvember 2002.

Samþykkt í borgarstjórn 7. nóvember 2002.

Breytt í borgarráði 22. júlí 2003.

Grunnskólar Reykjavíkur skólaárið 2003-2004

Skóli	Heimilisfang	Síma-númer	Netfang	Vefsíða
Austurbæjarskóli	v/Vitastíg, 101 R.	561-2680	austurb@ismennt.is	http://austurbajarskoli.ismennt.is
Álftamýrarskóli	Álftamýri 79, 108 R.	570-8100	alftamsk@ismennt.is	http://alftamyrarskoli.ismennt.is
Árbæjarskóli	v/Rofabæ, 110 R.	567-2555	arbaer@ismennt.is	http://arbaejarskoli.ismennt.is
Ártúnsskóli	Árkvörn 6, 110 R.	567-3500	artuns@ismennt.is	http://artunsskoli.ismennt.is
Borgaskóli	Vættaborgum 9, 112 R.	577-2900	borgask@ismennt.is	http://borgaskoli.ismennt.is
Breiðagerðisskóli	v/Breiðagerði, 108 R.	510-2600	breidag@ismennt.is	http://breidagerdi.ismennt.is
Breiðholtsskóli	Arnarbakka 1-3, 108 R.	557-3000	brholt@ismennt.is	http://breidholtsskoli.ismennt.is
Brúarskóli	Vesturhlíð 3, 105 R	520-6000	bjorkjo@ismennt.is	
Dalbrautarskóli	Dalbraut 12, 105 R.	553-6664	dalbraut@ismennt.is	http://dalbrautarskoli.ismennt.is
Engjaskóli	Vallengi 14, 112 R.	510-1300	engjask@engjaskoli.is	www.engjaskoli.is
Fellaskóli	Norðurfelli 17-19, 111 R.	557-3800	fellask@ismennt.is	www.fellaskoli.is
Foldaskóli	Logafold 1, 112 R.	567-2222	foldask@ismennt.is	http://foldaskoli.ismennt.is
Fossvogsskóli	Haðalandi 26, 108 R.	568-0200	fossvogs@ismennt.is	http://fossvogsskoli.ismennt.is
Grandaskóli	v/Keilugranda, 107 R.	561-1400	grandaskoli@grandaskoli.is	www.grandaskoli.is
Hagaskóli	Fornhaga 1, 107 R.	535-6500	haga@ismennt.is	http://hagaskoli.ismennt.is
Hamraskóli	Dyrhömrum 9, 112 R.	567-6300	hamra@ismennt.is	http://hamraskoli.ismennt.is
Háteigsskóli	v/Háteigsveg, 105 R.	530-4300	hateigs@ismennt.is	http://hateigsskoli.ismennt.is
Hlíðaskóli	Hamrahlíð 2, 105 R.	552-5080	hliidaskoli@ismennt.is	www.hlidaskoli.is
Hólabrekkuskóli	Suðurhólum 10, 111 R.	557-4466	holabrsk@ismennt.is	www.holabrekkuskoli.is
Húsaskóli	v/Dalhús, 112 R.	567-6100	husask@ismennt.is	http://husaskoli.ismennt.is
Hvassaleitisskóli	v/Stóragerði, 108 R.	570-8800	hvassa@ismennt.is	http://hvassaleitisskoli.ismennt.is
Ingunnarskóli	Mariubaug 1-3, 113 R.	585-0400	ingskoli@ismennt.is	www.ingunnarskoli.is
Klébergsskóli	Kjalarnesi, 116 R.	566-6083	klebergsskoli@ismennt.is	http://klebergsskoli.ismennt.is
Korpuskóli	v/Korpúlfsstaðaveg, 112 R.	525-0600	korpa@ismennt.is	http://korpuskoli.ismennt.is
Landakotsskóli	v/Túngötu, 101 R.	510-8200	landakotsskoli@landakotsskoli.is	http://www.skolatorg.is/kerfi/landakotskoli/skoli/
Langholtsskóli	Holtavegi 23, 104 R.	553-3188	langholt@ismennt.is	http://langholtsskoli.ismennt.is
Laugalækjarskóli	v/Laugalæk, 105 R.	588-7500	laugal@ismennt.is	http://laugalaekjarskoli.ismennt.is
Laugarnesskóli	Kirkjuteigi 24, 105 R.	588-9500	laugarnesskoli@ismennt.is	http://laugarnesskoli.ismennt.is
Melaskóli	v/Furumel, 107 R.	535-7500	mela@ismennt.is	www.melaskoli.is
Réttarholtsskóli	v/Réttarholtsveg, 108 R.	553-2720	rettar@ismennt.is	http://rettarholtsskoli.ismennt.is
Rimaskóli	Rósarima 11, 112 R.	567-6464	rimaskoli@rimaskoli.is	www.rimaskoli.is
Safamýrarskóli	Safamýri 5, 108 R.	568-6262	safamyra@ismennt.is	http://safamyrarskoli.ismennt.is
Selásskóli	v/Selásbraut, 110 R.	567-2600	selas@ismennt.is	http://selasskoli.ismennt.is
Seljaskóli	Kleifarseli 28, 109 R.	557-7411	seljask@ismennt.is	http://seljaskoli.ismennt.is
Skóli Ísaks Jónssonar	Bólstaðarhlíð 20, 105 R.	553-2590	isakssk@ismennt.is	www.isaksskoli.is
Suðurhlíðarskóli	Suðurhlíð 36, 105 R.	568-7870	sudurhlidarskoli@simnet.is	http://www.skolatorg.is/kerfi/sudurhlidarskoli/skoli/
Tjarnarskóli	Lækjargötu 14B, 101 R.	562-4020	tjarnar@ismennt.is	www.tjarnarskoli.is
Vesturbæjarskóli	Sólvallagötu 67, 101 R.	562-2296	vesturb@ismennt.is	http://vesturbajarskoli.ismennt.is
Víkurskóli	Hamravík 10, 112 R.	545-2700	vikurs@ismennt.is	www.vikurskoli.is
Vogaskóli	v/Ferjuvog, 104 R.	553-2600	vogask@ismennt.is	http://vogaskoli.ismennt.is
Waldorfskólinn Sólstafr	Hraunbergi 12, 111 R.	577-1110	snorr@simnet.is	
Ölduselsskóli	Ölduseli 17, 105 R.	557-5522	oldusel@ismennt.is	http://oldusel.ismennt.is
Öskjuhlíðarskóli	Suðurhlíð 9, 101 R.	568-9740	eholm@ismennt.is	http://oskuhlidarskoli.ismennt.is
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	Fríkirkjuvegi 1, 101 Rvk.	535-5000	fmr@reykjavik.is	www.grunnskolar.is
Námsflokkar Reykjavíkur	Fríkirkjuvegi 1, 101 Rvk.	551-2992	nfr@reykjavik.is	www.namsflokkar.is

Skilgreiningar á velgengispáttum í stefnukorti/skorkorti fræðslumála í Reykjavík

Framtíðarsýn

Við viljum að börnunum okkar líði vel og að þau öðlist menntun og þroska fyrir líf og starf í nútímasamfélagi

Stuðla að góðri líðan nemenda

Til að nemendum geti gengið vel í námi og þeir öðlist góðan þroska er mikilvægt að þeim líði vel í skólanum. Mikilvægt er að þeir fái að njóta sín og að komið sé fram við þá af virðingu. Þeir verða líka að skilja eigin ábyrgð og læra að koma fram af virðingu við aðra og skilja muninn á réttu og röngu samkvæmt siðferðisgildum þjóðfélagsins. Áhersla er lögð á að enginn nemandi verði fyrir einelti.

Efla menntun og þroska nemenda

Markmið skólans er að veita nemendum menntun og tækifæri til þroska fyrir líf og starf í nútímasamfélagi. Skólar kenna samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla og hafa stöðugt í huga bestu kennsluaðferðir. Tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings og hvað kemur einstaklingum og samfélaginu til góða í framtíðinni. Starfsfólk skal vera góð fyrirmynd nemenda m.a. með tilliti til siðgæðis, nýsköpunar og fjölbreyttra og skapandi starfsaðferða.

Stuðla að ánægju foreldra með skólann sinn

Við trúum því að ef foreldrar eru ánægðir með skóla barnsins síns þá hafi það jákvæð áhrif á nám og líðan barnsins. Jafnframt er líklegt að góð líðan nemenda og gott skólastarf auki ánægju foreldra. Góð upplýsingamiðlun til foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu er talið farsælt til að auka ánægju foreldra.

Efla skóla án aðgreiningar

Foreldrar fatlaðra barna eiga að hafa val um, eftir því sem hægt er, hvort að barn þeirra gengur í heimaskóla eða sérskóla. Almennir grunnskólar og sérskólar veita ekki sömu þjónustu, en í báðum tilvikum skal reynt að mæta þörfum barnsins eftir því sem við verður komið.

Stuðla að öruggu og heilnæmu umhverfi

Mikilvægt er að börn séu örugg í skólanum og á skólalóðinni. Einnig er mikilvægt að foreldrar séu öruggir um börnin sín á meðan þau eru í skólanum. Koma skal í veg fyrir slysagildir og að börn geti skaðað hvert annað í skólanum eða á skólalóð. Ef þessir þættir eru hafðir í huga aukast líkurnar á að börnum líði vel og að foreldrar verði ánægðir með skóla barnsins síns.

Tryggja góða og hagkvæma nýtingu fjármuna.

Fjármagn til ráðstöfunar er ávallt takmörkuð auðlind. Því er mikilvægt að fara vel með fjármuni og nýta þá á eins hagkvæman hátt og kostur er. Með góðri nýtingu er hægt að fá meira út úr fjármagninu og þess vegna stuðla að betra skólastarfi. Gert er ráð fyrir að skólar hafi talsvert sjálfstæði í ráðstöfun fjármagns og geti sjálfir forgangsraðað og skipulagt starfsemina eftir því sem talið er best á hverjum stað.

Leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda

Skólar skulu leitast við að mæta nemendum á þeirra eigin forsendum. Þeir stuðli að vinnubrögðum sem auka félagsfærni nemenda og krafist er í nútímasamfélagi, s.s. teymisvinnu.

Efla og nýta betur þekkingu móðurskóla í öllu skólakerfinu

Töluverðum fjármunum hefur verið varið í að styrkja skóla til að verða móðurskólar í ákveðnum greinum. Þar má m.a. nefna móðurskóla í foreldrasamstarfi, upplýsingatækni, nýsköpun og einstaklingsmiðuðu námi. Mikið starf hefur verið unnið í skólunum og þar orðið til og safnast saman mikil þekking sem mikilvægt er að miðla og nýta í fleiri skólum, nemendum til hagsbóta.

Upplýsingar um skólamál séu aðgengilegar

Með því að hafa upplýsingar Fræðslumiðstöðvar og skólanna aðgengilegar er líklegt að foreldrar fylgist betur með námi barna sinna og það stuðli að aukinni ánægju þeirra með skólann sinn.

Efla samráð við foreldra og nemendur í stefnumótun og ákvarðanatöku

Mikilvægt er að hugmyndir foreldra og nemenda skili sér inn í skólastarfið. Þess vegna er m.a. æskilegt að þessir hópar hafi áhrif á stefnumótun skólanna og í sumum tilvikum ákvarðanatöku.

Tryggja skýrar og skilvirkar kær- og ábendingaleiðir

Til að tryggja jafnrétti, öryggi og gott skólastarf er mikilvægt að ábendinga- og kæruleiðir séu skýrar og skilvirkar.

Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi og starfsánægju

Ánægðir starfsmenn eru mikilvægasta auðlind hvers vinnustaðar. Ef starfsmenn skólanna eru ánægðir í starfi þá aukast líkur á að nemendum líði vel og að þeir fái bestu mögulega kennslu og aðra þjónustu. Jákvætt og gott starfsumhverfi laðar að auki til sín hæft starfsfólk.

Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi

Með samvinnu aukast líkur á að starfsmenn læri hver af öðrum og þekking og nýsköpun aukist. Einnig eykur það líkur á að styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín betur. Þá er mikilvægt að starfsmenn séu nemendum gott fordæmi, en atvinnulífið kallar m.a. eftir fólki sem er vant að vinna í teymi.

Ráða hæfa starfsmenn

Mikilvægt er að fá hæfasta starfsfólk hverju sinni til að sinna skólastarfinu. Hæft starfsfólk er undirstaða góðs árangurs skólanna.

Efla þekkingu, nýsköpun og frumkvæði

Í hraða nútímasamfélagsins er mikilvægt að skólarnir fylgist með, en staðni ekki. Formleg menntun einstaklinga, sem oftast lýkur milli tvítugs og þrítugs, er sjaldnast nægjanleg sem endanleg menntun þeirra. Því er nauðsynlegt að efla símenntun starfsmanna og fá á hverjum tíma nauðsynlega endurnýjun í starfsmannahópinn. Þetta eykur líkur á að meira verði um nýsköpun og frumkvæði, auk þess sem nýjustu og bestu kennsluaðferðum verði beitt hverju sinni.

Skilgreiningar á hugtökum

Aðalnámskrá

Aðalnámskrá byggir á lögum um grunnskóla og hefur reglugerðarígildi. Hún skilgreinir og lýsir sameiginlegum námsmarkmiðum sem grunnskólum ber að stefna að og segir til um þann lágmarkstíma sem skólum ber að bjóða nemendum í einstökum námsgreinum og námssviðum (Aðalnámskrá, 1999, s. 8). Aðalnámskráin myndar rammann utan um inntak námsins. Á grunni hennar og stefnumörkunar sveitarfélagsins gera skólar starfsáætlanir sínar eða skólanámskrár. Áætlanir kennara um starfið byggja á aðalnámskrá og skólanámskrá. Áætlanir einstakra nemenda um nám sitt eru útfærsla á námi hvers og eins út frá markmiðum námskráa. Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að þorri nemenda eigi að geta náð flestum markmiðum námskrárinnar á sama tíma. Ljóst er þó að einhver hluti nemenda ræður vel við fleiri og flóknari markmið en aðrir þurfa lengri tíma og laga þarf námið sérstaklega að þeim. Markmið aðalnámskrár eiga því hvorki að skoðast sem hámark eða lágmark (Aðalnámskrá, 1999, s. 21).

Áfallateymi/áfallaráð

Áfallaráð er verkefnahópur í skóla sem vill vera við öllu búinn varðandi það að hlúa að nemendum og starfsfólki sem verður fyrir áföllum og sorg. Meðlimir áfallaráða/áfallateyma geta verið: skólastjórar, fulltrúar kennara, ritari skólanna, námsráðgjafi, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og prestur. Hlutverk áfallaráðs er að meta allar hugsanlegar hættur og vanda sem upp geta komið í skólastarfi, gera viðbragsferla og kynna þá reglulega fyrir öllum starfsmönnum og nemendum skólanna.

Atferlisgreining og atferlisþjálfun

Atferlisgreining er eitt undirsvið sálfræði. Atferlisgreining er m.a. tækni til að skilja hegðun og hlutverk hennar í umhverfinu þ.e. virk tengsl hegðunar og aðstæðna eða afleiðinga. Atferlisgreinandi skoðar því hegðun í samhengi við nánasta umhverfi. Nánar til tekið athugar hann áreiti sem fara á undan hegðun og þau sem fylgja á eftir. Í kjölfar greiningar er gerð einstaklingsbundin áætlun um inngrip sem byggir á námslögmálum, þar sem gerðar eru markvissar breytingar á umhverfi til að bæta hegðun. Atferlisþjálfun er þannig kennsla og þjálfun sem byggir á niðurstöðum athugana og áætlana atferlisgreinanda. Niðurstöður rannsókna síðustu fjóra áratugi hafa endurtekið sýnt gildi atferlisgreiningar í skólastarfi þegar takast þarf á við námsvanda, hegðunarvanda, vanlíðan, skort á félagsfærni o.fl.

Bekkjarnámskrá

Bekkjarnámskrá er lýsing skólans/kennarans/kennarahóps á þeirri áætlun sem unnið er að í ákveðnum árgangi/árgöngum á ákveðnum tíma í námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár og einnig hvaða aðferðum er beitt við nám, kennslu og mat. Í bekkjarnámskrám eru einnig upplýsingar um hvernig unnið er að því að efla félagsfærni og tengja lífsleikni inn í daglegt starf, vettvangsferðir o.þ.h. Með þróun einstaklingsáætlana dregur úr því að gerðar séu bekkjarnámskrár eða bekkjaráætlanir, eða þær breytast.

Einelti

Einelti er þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Um getur verið að ræða beint einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægðandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Það er líka einelti ef stríðni er endurtekin og sá sem er strítt hefur sýnt að sér mislíki. Óbeint einelti er ef einhver er útilokaður frá félagahópnum, verður fyrir illu umtali eða aðrir koma í veg fyrir að viðkomandi eignist vini (Dan Olweus (2003). *Einelti meðal barna og unglinga. Ráðleggingar til foreldra*).

Einstaklingsáætlun

Formleg áætlun sem nemandi setur sér fyrir ákveðið tímabil í samvinnu við kennara sinn og foreldra. Áætlunin nær til þeirra meginmarkmiða sem nemandinn hyggst ná í náminu og þeirra leiða sem hann ætlar að fara og byggir á mati á stöðu hans. Áætlunin byggir á markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár (Einstaklingsáætlun er ekki einstaklingsnámskrá).

Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Skipulag náms sem tekur mið af stöðu hvers og eins en ekki hóps nemenda eða heils bekkjar. Nemendur eru ekki að læra það sama á sama tíma heldur geta þeir verið að fást við ólík viðfangsefni og verkefni einir sér eða í hópum. Nemendur bera ábyrgð á námi sínu og nám hvers og eins byggir á einstaklingsáætlun.

Einstaklingsnámskrá

Er ítarleg áætlun, fyrir fatlaðan nemanda eða nemanda með miklar sérþarfir, sem unnin er af kennara í samráði við foreldra og nemandann sjálfan, ef við á. Hún byggir á aðalnámskrá en felur oft í sér veruleg frávik frá henni og tekur til markmiða, inntaks, leiða og námsmats fyrir ákveðið tímabil. Hún byggir jafnframt á viðmiðum, greinandi prófum og skimunarprófum.

Forvarnaráætlun

Forvarnaráætlun er tvíþætt:

Altæk forvarnaráætlun er stefnumörkun sem nær til alls skólasamfélagsins og miðar að því að efla og styrkja einstaklinginn. Hún nær yfir kennslu í lífsleikni, siðfræði, samskipti o.fl.

Sértæk forvarnaráætlun nær til áætlana um viðbrögð í tengslum við einstök mál eða málaflökka. Eineltis-, áfalla- og vímuvarnaráætlanir falla hér undir.

Fjölgreindarkenningin

Howard Gardner skilgreinir átta greindir: málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Með kenningu sinni vildi Gardner víkka sýnina á mannlega möguleika út fyrir takmarkanir greindarvísitölunnar. Tilgáta Gardners er sú að greind snúist um hæfileika til að leysa þrautir eða vandamál annars vegar og hins vegar að hanna afurðir í góðu samspili og samhengi við umhverfið (Thomas Armstrong (2000). *Fjölgreindir í skólastofunni*, s. 14).

Fjölmennningarlegt samfélag

Samfélag þar sem fjölbreytni í mannlífi og menningu fær að njóta sín og þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkennir samskipti fólks af ólíkum uppruna. Þeir sem hingað flytjast þurfa að aðlagast íslensku samfélagi. Þeir sem fyrir eru þurfa að aðlagast íbúum af mismunandi uppruna. Leitast er við að nýta kosti fjölbreytninnar í samfélaginu.

Fjölmennningarleg kennsla

Kennsluaðferð sem byggir á því að tryggja virkni alls nemendahópsins, þar með talið erlendra nemenda, og nýta fjölbreytileika hópsins til hins ýtrasta. Kennsluaðferðin er samvinnunám með áherslu á margþætta kennslu (complex instruction). Grunnhugmyndin er að með samvinnu ná nemendur betri árangri en þegar þeir vinna hver fyrir sig og hver og einn hefur eitthvað til brunnar að bera sem nýtist öllum hópnum.

Fjölþrepa námsskipan eða fjölþrepa kennsla

Allir nemendur í ákveðnum nemendahópi fást við sama viðfangsefnið en verkefni einstakra nemenda eða lítilla hópa eru ólík að þyngd og umfangi, og löguð að getu þeirra, hæfileikum og áhuga (ekki er átt við að nemendum sé skipt upp í hópa eftir getu).

Grenndarsamfélag

Grenndarsamfélag skóla er annars vegar landfræðilegt, bæði náttúra og manngert umhverfi, og hins vegar félagslegt, svo sem fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félög, samtök og vinahópar. Grenndarsamfélag skóla getur verið skólahverfið, borgarhluti eða öll Reykjavík.

Kennsluhættir

Skipulag náms og þær aðferðir sem beitt er í námi og kennslu. Skipulag sem kennarinn hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur læri það sem að er keppt (Ingvar Sigurgeirsson (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*).

Lykiltölur

Tölur sem á einfaldan hátt sýna árangur, rekstur eða umfang málaflokks eða stofnunar.

Móðurskóli

Hlutverk móðurskóla í Reykjavík er að vera frumkvöðull á sínu sviði og gegna ráðgjafarhlutverki gagnvart öðrum skólum í Reykjavík, m.a. með því að halda fræðslufundi, taka á móti kennurum sem áhuga hafa á að kynna sér kennslu- eða starfshætti og með kynningum í öðrum skólum sé þess óskað. Árlega auglýsir fræðsluráð styrki til móðurskóla á ákveðnum sviðum skólastarfs. Grunnskólar sækja um að verða móðurskólar.

Námsaðlögun

Námsaðlögun miðar að því að koma á varanlegu skipulagi þar sem allir nemendur hafa sem jöfnust tækifæri til að ná árangri í námi án þess að vera dreginn í dila eftir þekkingu, færni, skilningi eða námsgetu. Námsaðlögun þýðir að þörfum nemenda sé mætt í almennu bekkjarumhverfi en ekki að nemendur séu flokkaðir í hópa eftir námsgetu (Jón B. Hannesson o.fl. (2002). *Aukin gæði náms*).

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar í hverjum skóla. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur (Reglugerð um nemendaverndarráð nr. 388/1996). Í ráðinu sitja að öllu jöfnu skólastjórnandi, deildarstjóri sérkennslu/sérkennari, sálfræðingur, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur.

Næðisstund

Samverustund umsjónarkennara og nemenda í hádegi.

Rekstraráætlun skóla

Ráðstöfun fjármagnsins er kynnt í rekstraráætlun skólans í upphafi árs. Skólastjóri ber ábyrgð á því að skólinn sé innan fjárhagsramma við lok hvers árs.

Safnskóli/aðskóli

Safnskóli er skóli kallaður ef nemendur koma í hann á unglingastigi úr tveimur eða fleiri yngri barna skólum. Aðskóli er skólinn þaðan sem þessir nemendur koma. Hagaskóli er t.d. safnskóli og aðskólar hans eru Grandaskóli, Melaskóli og Vesturbæjarskóli.

Skólanámskrá

sjá starfsáætlun skóla

Stuðningsteymi/lausnateymi/ráðgjafarteymi

Teymið er bekkjarkennurum til aðstoðar vegna mála sem þeir kjósa að vísa þangað. Teymisvinnan byggir á hugmyndum um jafningjastuðning og hverjum fundi er stýrt eftir líkani sem stuðlar að skilvirkni. Teymið skipa gjarnan stjórnandi sérkennslu, sem stýrir því, og reyndir kennarar. Einnig geta námsráðgjafi, skólastjórnandi (skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri), sálfræðingur og stuðningsfulltrúi setið fundina, ef við á. (*Stefna fræðsluráðs um sérkennslu* (2002), s. 11.)

Sérkennsluver

Í sérkennsluveri skóla fer fram kennsla nemenda með ýmiss konar náms- og hegðunarvanda. Í verinu er þrenns konar þjónusta: a) Ráðgjöf og stuðningur fyrir kennara (m.a. aðsetur stuðningsteymis); b) Sérkennsla fyrir nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð í íslensku og stærðfræði utan bekkjar, samkvæmt mati; c) Sérkennsla fyrir nemendur sem þurfa kennslu að stórum hluta utan bekkjar, samkvæmt mati. Sérkennsluver getur verið staðsett á einum eða fleiri stöðum í skólahúsinu (*Stefna fræðsluráðs um sérkennslu* (2002), s. 9).

Símenntunaráætlun

Er áætlun um símenntun starfsfólks skólans og byggir á greiningu á styrkleikum og veikleikum. Hún er hluti af umbótaáætlun skólans.

Sjálfsmat skóla

Felst í að starfsfólk skóla meti reglulega ákveðna þætti skólastarfsins út frá ákveðnum viðmiðum. Til þess eru nýtt ýmiss konar gögn sem fyrir eru í skólanum, niðurstöður kannana o.fl. Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.

Sjálfstæði skóla

Með sjálfstæði skóla er átt við faglegt, fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði skóla til að útfæra þá stefnu sem mörkuð hefur verið af ríki (lög, reglugerðir og aðalnámskrá), sveitarfélagi (almennt um sveitarfélagið og málefni grunnskóla) og með kjarasamningum. Skólinn ber ábyrgð á framkvæmd ofan nefndrar stefnumótunar.

Með *faglegu sjálfstæði* skóla er átt við að skóli móti sjálfur faglegt starf sitt og sérstöðu innan ramma laga, þar með taldar reglugerðir og aðalnámskrá, og stefnumörkunar borgarinnar.

Með *fjárhagslegu sjálfstæði* er átt við að skóli ráðstafi því fjármagni sem hann fær úthlutað við upphaf hvers almanaksárs innan ramma laga, kjarasamninga og stefnumörkunar sveitarfélagsins (sjá rekstraráætlun skóla).

Með *stjórnunarlegu sjálfstæði* er átt við að skólar móti sjálfir skipulag og stjórnun innan skólans og hafi ráðningu allra starfsmanna í höndum sínum.

Skimunarpróf

Próf sem notuð eru í því skyni að afmarka þann hóp nemenda sem þarfnast aðstoðar á tilteknu námssviði eða námsgrein. Almennt er talið árangursríkast að finna nemendur snemma á námsferlinum til að unnt sé að bregðast við með sérkennslu eða stuðningi áður en vandinn verður meiri.

Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar er skóli sem er fær um að sinna öllum nemendum sínum, óháð stöðu þeirra. Grundvallarregla skóla án aðgreiningar er að öll börn eigi, hvar sem því verður við komið, að læra saman, hvað sem líður muni á þeim og hugsanlegum örðugleikum. Nám án aðgreiningar er virkasta leiðin til að treysta samstöðu meðal barna með sérþarfir á sviði menntunar og skólafélaga þeirra.

Starfsáætlun skóla/skólanámskrá

Í starfsáætlun skóla er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið næsta skólaár sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Tveggja kennara kerfi

Tveir kennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendahópi tímabundið eða samkvæmt stundaskrá. Þeir skipta með sér verkum með ýmsum hætti. Annar gæti t.d. einkum sinnt nemendum sem þurfa meiri stuðning en aðrir. Tilgangur þess er m.a. að komast hjá því að taka nemendur út úr bekk eða vera með nemendahópa í sérkennslu. Tveggja kennara kerfi eykur möguleika á sveigjanleika í kennslunni.

Þemabundið nám

Þemanám er heildstætt viðfangsefni sem oftast felur í sér samþættingu námsgreina, hópvinnu nemenda og upplýsingaöflun. Bein reynsla fengin með athugunum og glímu við ákveðin úrlausnarefni. Beitt er fjölbreyttum aðferðum við nám og kennslu og skil verkefna (Lilja M. Jónsdóttir (1996). *Skapandi skólastarf*).

Þátttökunám

Með þátttökunámi eða þjónustunámi er átt við að nemendur stundi hluta af námi sínu með því að vera þátttakendur í ýmiss konar verkefnum, gjarnan með fullorðnu fólki, í grenndarsamfélaginu og innan skólans - um leið og þeir láta í té þjónusta við samborgarana. Allt það sem nemendur taka sér fyrir hendur í þátttökunámsverkefnum þarf að uppfylla markmið í námskrá, eitt eða fleiri, það er því ekki viðbót heldur önnur nálgun að sama marki. Lykilorð í þessu sambandi eru því **nám** og **þjónusta**, hvort tveggja þarf að eiga sér stað svo um þátttökunám á grunni námskrár sé að ræða.

Gefið út af:

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík
Sími: 535 5000
Fax: 535 5050
Tölvupóstfang: fmr@reykjavik.is



Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur

www.grunnskolar.is